

2

Fyrstu íslensku hamptrefjaplöturnar



7

Skortur á traustum gögnum fyrir áreiðanlegt losunarbókhald



30–31

Valhnetur, syndaflóðið og frjósemi

Bændablaðið

1. tölublað 2020 • Fimmtudagur 9. janúar • Blað nr. 554 • 26. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Hross á Árborgarsvæðinu létu sér fátt um finnast um síðustu helgi þótt veðurfræðingar væru farnir að draga gular og rauðgular veðurviðvaranir upp á kort. Þau höfðu þá enn næga tuggu að naga auk þess sem fiðringur var kominn í eigendur sem horfa með tilhlökkun til Landsmóts hestamanna sem fram fer á Hellu í júlí. Mynd / HKr.

Rekstur Atlantic Leather á Sauðárkróki endurreistur

– Gærur ekki lengur sútaðar á Króknum

Rekstur félagsins Atlantic Leather á Sauðárkróki mun hefjast á ný innan skamms, en samnefnt félag fór í þrot á liðnu hausti og lá starfsemin af þeim sökum niðri um nokkurra mánaða skeið. Hjónin Hallveig Guðnadóttir og Hlynur Ársælsson eru nýir eigendur Atlantic Leather og verður Hallveig framkvæmdastjóri þess.

Starfsemi félagsins var tvíþætt, annars vegar sinnti það sútun fiskroðs og framleiðslu sjávarleðurs og hins vegar voru gærur sútaðar hjá félaginu. Hlynur segir að sá þáttur starfseminnar verði aflagður.



Endurreist félag Atlantic Leather á Sauðárkróki mun einbeita sér að sútun og vinnslu á fiskroði.

Telja ekki arðbært að súta gærur hér á landi

„Við skoðuðum þetta dæmi vel en leist ekki nægilega vel á gærurnar, það hefur um langt skeið ekki verið sérlega arðbært að súta gærur hér á landi. Við hins vegar fengum hluta af þeim tækjum með í kaupunum og höfum hug á því að bjóða þau til sölu á hagstæðu verði. Vonandi finnst áhugasamur aðili sem sér tækifæri í því að kaupa þau tæki og hefja starfsemi í kringum sútun á gærum," segir Hlynur.

Hlynur og Hallveig tóku við skömmu fyrir áramót og eru þessa dagana að koma starfseminni í gang. Hann segir að umfang starfseminnar verði ekki hið sama og var, en alls störfuðu 14 manns hjá fyrra félagi. Starfsmenn verða á bilinu 5 til 6 til að byrja með að sögn Hlyns, en sem áður segir verður gæruhluti starfseminnar lagður niður. */MÞÞ*

– Sjá nánar á bls. 8

Frystiskylda hefur verið afnumin á innfluttu kjöti og frá áramótum er heimilt að flytja inn ferskt kjöt og egg:

Innflytjendur bera ábyrgð á að reglum um salmonellu og kampýlobakter sé fullnægt

– Formaður Landssambands kúabænda óttast afleiðingarnar og segir dæmin sýna að erlenda eftirlitskerfið virki ekki alltaf

Krafa um frystiskyldu á innfluttu kjöti féll niður um síðustu áramót auk þess sem núna má flytja inn hrá egg. Samkvæmt reglum um innflutning á fersku kjöti sem tóku gildi um áramótin bera innflytjendur ábyrgð á að reglum um salmonellu og kampýlobakter sé fullnægt og að innflutningi fylgi vottun um að svo sé. Vottanirnar sjálfar eru svo á ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila erlendis.

Eftirlitsaðilar, sem eru annaðhvort Matvælastofnun eða heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, hafa eftirlit með að reglum um sýnatöku og rannsóknir sýna sé fullnægt.

Íslendingar verða nú að treysta á evrópska eftirlitskerfið

Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda, segir að nú verði Íslendingar að treysta á evrópska eftirlitskerfið en dæmin sýni að það virki ekki alltaf.

Viðbótartryggingin, sem er hluti af regluverkinu sem varðar innflutninginn, er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda og meðal annars ætlað að efla matvælaöryggi og tryggja vernd búfjárstofna í landinu.

„Vissulega er áætlunin til bóta en hún er engan veginn fullnægjandi og því verið að taka talsverða áhættu með innflutningi á kjöti án frystiskyldu," segir Arnar.



Arnar Árnason.



Dóra S. Gunnarsdóttir.

MAST er ekki lengur með innflutningseftirlit

Dóra S. Gunnarsdóttir, forstöðumaður Neytendaverndar hjá Matvælastofnun, segir að í kjölfar breytinganna séu eiga sér stað ákveðnar breytingar á reglum um innflutning á kjöti og eggjum.

„MAST er ekki lengur með svokallað innflutningseftirlit á vörum eins og kjöti og eggjum þar sem þessar vörur eru nú í frjálsu flæði ef þær koma frá EES-löndum. Þess í stað fer eftirlitið fram hjá þeim aðila sem flytur inn vörurnar og sá sem ætlar að flytja inn kjöt með viðbótartryggingum gagnvart salmonellu þarf að tryggja að sýni sem tekin eru uppfylli kröfur og staðfesta það með viðeigandi skjölum sem eiga að fylgja sendingum"

Fjöldi sýna í sendingu hefur aukist

Í reglugerðinni er kveðið á um hversu mörg sýni eigi að rannsaka með tilliti til salmonellu og er það miðað við fjölda eininga í hverri sendingu.

„Dæmi um þetta er að ef einingarnar af alifuglum í sendingu eru 300 þá þurfa sýnin að vera úr að minnsta kosti 55 einingum."

Dóra segir að fjöldi sýna nú sé meiri en hann var fyrir breytinguna um áramótin en þá voru færri sýni tekin úr sendingu.

Betra innlent eftirlit en veitir samt ekki 100% öryggi

„Við eru því í dag með betra eftirlit með því að það finnist salmonella í sendingunni en áður, þar sem í dag eru tekin fleiri sýni. Það er þó ekki þar með sagt að það geti ekki verið salmonella í sendingunni þar sem rannsóknir á sýnum tryggja eingöngu að hún hafi ekki verið í þeim einingum sem voru tekin til rannsóknar. Það má því segja að þrátt fyrir að dekkun sendinganna sé góð þá er hún ekki 100% örugg."

Eins og fyrr segir þá er sýnatakan á ábyrgð framleiðenda/dreifingaraðila kjötsins erlendis en fyrstu fjóra mánuði ársins verður MAST með svokallað aukið eftirlit með innflutningi á kjöti í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

„Tíminn verður einnig notaður til að þjálfa fólk sem á að sinna þessu eftirliti í framtíðinni. Auk þess munum við taka sýni til sannprófunar á að rannsóknarniðurstöður séu að gefa rétta mynd af sendingum sem koma til landsins. Við munum einnig skoða hvort réttum aðferðum sé beitt við sýnatökuna og hvort notaðar séu viðurkenndar rannsóknaraðferðir." */VH*

– Sjá nánar á bls. 2 og 4

FRÉTTIR

Skatturinn er ný ríkisstofnun

Um áramótin sameinuðust embætti ríkisskattstjóra og tollstjóra í nýja stofnun sem heitir „Skatturinn“.

Stofnunin á að verða öflug og leiðandi upplýsingastofnun á sviði skatta- og tollamála. Um 470 manns starfa í nýju stofnuninni undir forystu Snorra Olsen, sem var ríkisskattstjóri. */MHH*

Forritaþróun á hendi RML

Um áramótin færðist öll starfsemi tölvudeildar Bændasamtaka Íslands yfir til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Með breytingunni verður upplýsingatækni og ráðgjöf til bænda undir sama hatti. Starfsemin felst einkum í þróun tölvuforrita og skýrsluhaldskerfa fyrir landbúnað, þjónustu við notendur og útreikningum á kynbótamati. Fyrrum starfsmenn tölvudeildar BÍ verða starfsmenn RML og hægt verður að ná sambandi við þá í gegnum síma RML, 516-5000.

Markvissari ráðgjafarþjónusta



Karvel L. Karvelsson.

Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri RML, segir að flutningur verkefna tölvudeildar BÍ muni styrkja starfsemi RML og byggja upp aukna þekkingu starfsfólks.

„Tækniþróun í landbúnaði er gríðarlega hröð og mikilvægt að þekking sé sem breiðust innan raða RML á þeim möguleikum sem upplýsingatæknin getur fært íslenskum bændum og orðið landbúnaði til framdráttar. Við vonumst til að þjónusta við bændur og aðra notendur verði enn markvissari en áður.“

Allar upplýsingar um forrit og skýrsluhald er að finna á vef RML, www.rml.is og þjónustu er hægt að nálgast í síma 516-5000 og í netfangið rml@rml.is. */TB*



Hamptrefjar í vinnslu. Á innfelldu myndinni er skálin af Kitchenaid matvinnsluvélinni sem hjónin í Gautavík fengu í jólagjöf og notuð var við framleiðsluna.
Myndir / Pálmi Einarsson

Iðnaðarhampur:

Fyrstu íslensku hamptrefjaplöturnar

Fyrsta trefjaplatan úr stilkum iðnaðarhamps sem ræktaður var á bænum Gautavík í Berufirði síðastliðið sumar leit dagsins ljós fyrir skömmu. Pálmi Einarsson, bóndi í Gautavík og iðnhönnuður, framleiddi plötuna.

Úr plötunni skar Pálmi svo út hamplauf í geislaskurðarvél fyrirtækisins Geislar sem er staðsett á bænum og er í eigu hjónanna Pálma og Oddnýjar Önnu Björnsdóttur.

Matvinnsluvélin kom sér vel

„Ég notaði Kitchenaid matvinnsluvél sem við hjónin fengum í jólagjöf til að hakka stönglana niður, þar sem við eigum enn sem komið er engin sérhæfð tæki til þess. Ég byrjaði á því að skera út mót úr akrýlplasti. Að því loknu blandaði ég epoxy resíni saman við hampkurlið, setti í mótið og pressaði saman. Þegar resínið var búið að taka sig nokkrum klukkutímum síðar, tók ég mótið í sundur og trefjaplötuna úr. Ég átti þetta resín til en í framtíðinni er ætlunin að nota eitthvað umhverfisvænna,“ segir Pálmi.

Markmiðinu náð

Pálmi segir að meginmarkmiðið með hampverkefninu, fyrir utan að vekja athygli á notagildi hampsins og möguleika hans til að stórauka sjálfbærni á fjölmörgum sviðum, hafi verið að kanna hvort hægt væri að rækta hamp til að nota sem hráefni í framleiðsluvörur Geisla og verða þannig sjálfbærari um hráefni.



Pálmi Einarsson með útskorið hampblað úr hamptrefjum.
Mynd / Oddný Anna Björnsdóttir.

„Í dag notum við innfluttan krossvið og svokallaðar MDF plötur til að skera vörurnar okkar úr. Íslendinga hefur löngum skort hráefni til iðnaðar og við teljum að iðnaðarhampur sé raunhæfur valkostur enda hægt að rækta hann bæði úti og inni, við eigum nóg landsvæði og næga orku. Bónusinn er að hampurinn bindur meira kolefni en nokkur önnur planta og þarf engin eiturefni til að þrífast og er því einstaklega umhverfisvænn.“

Næstu skref

Að sögn Pálma mun þróunarvinnan við framleiðsluna halda áfram og að næsta skref sé að fjárfesta í afhýðingarvél. „Sú vél mun hafa töluvert meiri afkastagetu en eldhústæki og til kaupa á henni verður meðal annars notaður styrkur frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem við fengum nýlega.

Reynsla okkar til þessa hefur sýnt okkur að framtíð iðnaðarhamps á Íslandi sé björt, enda var tilgangurinn með þessu að færa hann aftur undir ljósið,“ segir Pálmi að lokum. */VH*

Innflutningi fylgir áhætta

Frá og með síðustu áramótum er ekki lengur gerð krafa um frystiskyldu á innfluttu kjöti. Þess í stað þurfa innflytjendur að sýna fram á vottorð sem sýna að ófrosið og óhitameðhöndlað kjöt af kjúklingum og kalkúnum sé ekki smitað af kampýlóbakter.



Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda.



Arnar segir að innflutningi á fersku kjöti fylgi mikil hætta á að til landsins berist búfjársjúkdómar sem Íslendingar hafi verið lausir við til þessa.

Auk þess er krafist viðbótartrygginga með sendingum af eggjum, svínakjöti, nautagripakjöti, kjúklingakjöti og kalkúnakjöti og þeim þurfa að fylgja staðfestingar á að ekki hafi greinst salmonella í vörunni.

Evrópska eftirlitskerfið margsinnis brugðist

Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda, segir að nú verði Íslendingar að treysta á evrópska eftirlitskerfið og að dæmi sýni að það virki ekki alltaf.

„Dæmi um þetta eru eggjaskandallinn í Hollandi fyrir fáum árum, auk stóra kjötmálsins þar sem mikið magn af hrossakjöti var selt til Evrópu sem nautakjöt.

Á hverju ári kemur fram fjöldi minni mála sem tengjast matvælasvindli og þar sem eftirlitskerfið sem við eigum nú að reiða okkur á hefur brugðist.“

Arnar segir að innflutningi á fersku kjöti fylgi mikil hætta á að til landsins berist búfjársjúkdómar sem Íslendingar hafi verið lausir við til þessa. Viðbótartryggingin sem er hluti af regluverkinu sem varðar innflutninginn er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda og meðal annars ætlað að efla matvælaöryggi og tryggja vernd búfjárstofna í landinu.

„Vissulega er áætlunin til bóta en hún er engan veginn fullnægjandi og því verið að taka talsverða áhættu með innflutningi á kjöti án frystiskyldu.“ */VH*



LANDSHÚS

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Vorpantanir 2020 í fullum gangi!

Ef þú vilt fá hús afhent í vor þá er núna góður tími til að panta. Opið fyrir pantanir í næstu sendingu fram til 21. janúar

Afhending 15. apríl

GESTAHÚS

JÖKLAR - Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



Jöklar Flat *(24fm) kr. 2.589.600,-*



Jöklar Burst *(grunnstærð 24fm) frá kr. 2.797.600,-*



Jöklar Íslensku húsin *(24fm) kr. 2.797.600,-*

BÍLSKÚRAR

JÖKLAR BÍLSKÚR - Nú bjóðum við Jöklahúsin útfærð sem bílskúr. Fljótleg, hagkvæm og traust leið til þess að reisa bílskúrinn eða athafnahúsið sem marga vantar. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



Jöklar bílskúr - Flat
(grunnstærð 24 fm) frá kr. 2.277.600,-



Jöklar bílskúr - Burst
(grunnstærð 24fm) frá kr. 2.485.600,-



Jöklar bílskúr - tvöfaldur Burst
(grunnstærð 58fm) frá kr. 5.895.000,-

SUMARHÚS

ÁSAR OG KLETTAR - Heilsárshús með eða án svefnlofts. Grunnstærðir Ása og Kletta eru annars vegar 65fm og hins vegar 80fm. Báðar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.



Ásar heilsárshús *(65fm) – kr. 7.176.000,-* ***Ásar heilsárshús*** *(80fm) – kr. 9.349.600,-*



Klettar heilsárshús *(65fm) – kr. 7.476.000,-* ***Klettar heilsárshús*** *(80fm) – kr. 9.649.600,-*

EINBÝLISHÚS

FOSSAR - Einbýlishús sem uppfylla alla staðla sem íbúðarhús í þéttbýli og dreifbýli. Húsin koma í 5 grunnstærðum, frá 101fm – 210fm, með eða án bílskúrs. Allar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.



Foss nr. 4 – Einbýlishús *(180fm) – kr. 22.680.000,-*

EININGAKERFI LANDSHÚSA - ÍSLENSK HÖNNUN

– Með hagkvæmni að leiðarljósi

- Landshús býður upp á forsniðin einingahús, útfærð í einingakerfi sem við höfum hannað og þróað alfarið út frá íslenskri byggingarreglugerð.
- Tilgangurinn er að bjóða traust hús sem hægt er að reisa á einfaldan, fljótlegan og hagkvæman hátt.
- Einingakerfið er staðlað með ýmsum val- og breytingarmöguleikum.
- Húsin eru hönnuð sem gestahús, bílskúr, sumarhús og einbýlishús. Öll húsin hafa sína breytingarmöguleika svo að allir geti útfært húsið eins og hver vill.
- **Einingakerfi Landhúsa hefur verið afar vel tekið um allt land og hefur sýnt og sannað að hægt er að reisa traust og vel byggð hús á hagkvæman hátt.**



EFLA verkfræðistofa á Akureyri sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar. Öll hönnun á burðarvirki, festingum og allt efnisval er skv. íslenskri byggingarlöggjöf.

EFLA

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS

FRÉTTIR

Landsmót hestamanna verður haldið á Hellu 6.–11. júlí 2020:

Öll bestu hross landsins á sama stað

Landsmót hestamanna 2020 verður haldið á Hellu dagana 6. til 11. júlí næstkomandi. Framkvæmdastjóri mótsins segist búast við að um 8.000 til 10.000 gestir komi á mótið.

Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, framkvæmdastjóri Landsmótsins, segist ekki eiga von á öðru en að þetta verði hörkumót og að nú þegar sé búið að selja um 2.000 miða í forsölu en að hann eigi von á 8.000 til 10.000 gestum á Landsmót hestamanna á Hellu í sumar.



Eiríkur Vilhelm Sigurðarson.



Frá Rangárbökkum þar sem Landsmót hestamanna 2020 mun fara fram.

Keppni og skemmtun

„Dagskrá mótsins er með hefðbundnu sniði. Mótið stendur í sex daga, 6. til 11. júlí, og endar á laugardagskvöldi með stórkostlegum úrslitum og í framhaldinu kvöldvöku og dansleik. Það er lagt upp með mikla skemmtun allan tímann, hestakosturinn eins og best verður á kosið og einnig verður stórt markaðstjald, barnaleiksvæði og skemmtidagskrá.“

Eiríkur segir að forkeppnir fyrir Landsmótið fari fram í byrjun næsta sumars hjá aðildarfélögum Landssambands hestamanna á öllu landinu og í gæðingakeppni sé því háttað þannig að efstu hrossin frá hverju félagi í hverjum flokki eiga möguleika á að keppa á Landsmótinu.

„Meðal flokka sem keppt er í á Landsmótinu eru barna-, unglinga-, ungmenna- og A- og B-flokkur. Einnig er keppt í tölti og skeiði og svo sýning kynbótahrossa. Fyrir tölt og skeið er bestu hrossum landsins boðið eftir stöðulista og sama á við varðandi kynbótasýningarnar. Það verða því öll bestu hross landsins á Landsmóti á Hellu.“

Gistiframboð gott

„Þrátt fyrir að Hella sé stórborg á Suðurlandi tekur bæjarfélagið miklum stakkaskiptum þann tíma sem landsmótið stendur yfir og íbúafjöldinn að minnsta kosti áttfaldast. Hella er vel staðsett fyrir svona mót. Gestir bæði koma og fara, aðrir nýta sér tjaldsvæðið á mótssvæðinu og auk þess er gríðarlegt gistiframboð á svæðinu sem hefur verið að aukast jafnt og þétt síðustu ár,“ segir Eiríkur Vilhelm. */VH*

Eftirlit með innflutningi á kjöti og eggjum:

Framleiðendur erlendis ábyrgir fyrir sýnatökum og rannsóknum

Samkvæmt reglum um innflutning á fersku kjöti sem tóku gildi um áramótin bera innflytjendur ábyrgð á að reglum um salmonellu og kampýlobakter sé fullnægt með vottun um að svo sé. Vottanirnar sjálfar eru svo á ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila erlendis. Eftirlitsaðilar sem eru annaðhvort Matvælastofnun eða Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa eftirlit með að reglum um sýnatöku og rannsóknir sýna sé fullnægt.

Krafa um frystiskyldu á innfluttu kjöti féll niður um síðustu áramót auk þess sem núna má flytja inn hrá egg. Innflytjendur bera ábyrgð á að reglum um salmonellu og kampýlobakter sé fullnægt en staðfesting um að kjöt af kjúklingum og kalkúnum sé ekki smitað af kampýlóbakter og samkvæmt viðbótartryggingum að ekki hafi greinst salmonella í eggjum, svína-, nautgripa-, og alifuglakjöt er á ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila erlendis. Eftirlitsaðilar hafa eftirlit með að sendingum sem berast hingað til lands fylgi rétt skjöl og að þau séu í lagi.



Dóra S. Gunnarsdóttir, forstöðumaður Neytendaverndar hjá Matvælastofnun.

Eftirlitið hjá innflutningsaðila

Dóra S. Gunnarsdóttir, forstöðumaður Neytendaverndar hjá Matvælastofnun, segir að í kjölfar breytinganna séu að eiga sér stað ákveðnar breytingar á reglum um innflutning á kjöti og eggjum.

„Mast er ekki lengur með svokallað innflutningseftirlit á vörum eins og kjöti og eggjum þar sem þessar vörur eru nú í frjálsu flæði ef þær koma frá EES-löndum. Þess í stað fer eftirlitið fram hjá þeim aðila sem flytur inn vörurnar og sá sem ætlar að flytja inn kjöt með viðbótartryggingum gagnvart salmonellu þarf að tryggja að sýni sem tekin eru uppfylli kröfur og staðfesta það með viðeigandi skjölum sem eiga að fylgja sendingum.“

Að sögn Dóru geta Íslendingar farið fram á viðbótartryggingu af þessu tagi vegna þess hversu góð staðan í landinu er gagnvart salmonellu í þessum afurðum.

„Það þýðir að við höfum fengið samþykkt að við megum gera sömu kröfur til kjöts sem flutt er til landsins og kjöts sem framleitt er innanlands. Með öllum sendingum af kjöti til landsins þurfa því að fylgja viðskiptaskjöl samkvæmt Evrópureglugerð frá 2005 um viðbótartryggingu sem Svíþjóð og Finnland fengu á sínum tíma og Norðmenn og Danir fengu svo síðar. Eitt af þessum skjölum er skjal þar sem framleiðandinn erlendis lýsir því yfir að það hafi verið tekinn ákveðinn fjöldi sýna úr sendingu samkvæmt reglugerð og að rannsóknarniðurstöður sýni að þau hafi reynst vera laus við salmonellu.“



Með öllum sendingum af kjöti til landsins þurfa að fylgja viðskiptaskjöl samkvæmt Evrópureglugerð frá 2005 um viðbótartryggingu sem Svíþjóð og Finnland fengu á sínum tíma og Norðmenn og Danir fengu svo síðar.

Fjöldi sýna í sendingu hefur aukist

Í reglugerðinni er kveðið á um hversu mörg sýni eigi að rannsaka með tilliti til salmonellu og er það miðað við fjölda eininga í hverri sendingu.

„Dæmi um þetta er að ef einingarnar af alifuglum í sendingu eru 300 þá þurfa sýnin að vera úr að minnsta kosti 55 einingum.“

Dóra segir að fjöldi sýna nú sé meiri en hann var fyrir breytinguna um áramótin en þá voru færri sýni tekin úr sendingu.

„Við eru því í dag með betra eftirlit með því að það finnist salmonella í sendingunni en áður þar sem í dag eru tekin fleiri sýni. Það er þó ekki þar með sagt að það geti ekki verið salmonella í sendingunni þar sem rannsóknir á sýnum tryggja eingöngu að hún hafi ekki verið í þeim einingum sem voru tekin til rannsóknar. Það má því segja að þrátt fyrir að dekkun sendinganna sé góð þá er hún ekki 100% örugg.“

Aukið eftirlit fyrstu fjóra mánuði ársins

Eins og fyrr segir þá er sýnatakan á ábyrgð framleiðenda /dreifingaraðila kjötsins erlendis en fyrstu fjóra mánuði ársins verður Mast með svokallað aukið eftirlit með innflutningi á kjöti í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

„Tíminn verður einnig notaður til að þjálfa fólk sem á að sinna þessu eftirliti í framtíðinni. Auk þess munum við taka sýni til sannprófunar á að rannsóknarniðurstöður séu að gefa rétta mynd af sendingum sem koma til landsins. Við munum einnig skoða hvort réttum aðferðum sé beitt við sýnatökuna og hvort notaðar séu viðurkenndar rannsóknaraðferðir.“

Ávallt er ábyrgð innflytjenda að tryggja að rétt skjöl fylgi og að loknu tímabilinu með auknu eftirliti mun eftirlitið beinast að því. Tíðni verður byggð á áhættumati og frammistöðu innflytjenda í að uppfylla kröfur. Einnig verða teknar stikkprufur á grundvelli áhættumats af kjöti á markaði.

Íslenskar reglur gilda um kampýlóbakter

Þegar kemur að hugsanlegu smiti af völdum kampýlóbakter er ekki talað um viðbótatryggingar því þar gilda sérislenskar reglur.

„Staða Íslands hvað varðar kampýlóbakter í alifuglum er mjög góð og ein sú besta í heimi. Vegna þess ákváðu stjórnvöld að setja reglur sem segja að ef það á að flytja inn ferska alifuglaafurðir þá þarf framleiðandinn erlendis að sýna fram á að kampýlóbakter hafi ekki greinst í eldis-, slátur- eða afurðasýni.“

Dóra segir að ekki þurfi að taka nema þrjú sýni í sendingu til að athuga með hugsanlegt kampýlóbaktersmit því að sögn dýralækna finnist sýkingin á annað borð þá er líklegt að hún sé til staðar í öllum eldishópnum.

Brotalamir í eftirliti má tilkynna til framleiðslulandsins


„Reynist vera grunur um brotalamir á skjölum sem fylgja sendingum höfum við möguleika á að tilkynna það til viðeigandi eftirlitsaðila í landinu sem varan kemur frá sem geta þá rannsakað málið betur en við höfum tækifæri til,“ segir Dóra S. Gunnarsdóttir, forstöðumaður Neytendaverndar hjá Matvælastofnun.

/VH



Hvert er sýrustigið í þínum jarðvegi?

Erum við að sóa áburðarefnum?
Getum við nýtt áburðinn betur?
Er magn og gæði gróffóðursins ásættanlegt?



Fræðslufundir

13. - 16. janúar 2020

Fyrirlesarar:

Margrét Ósk Ingjaldsdóttir, Sláturfélagi Suðurlands
Niðurstöður heysýna 2019 og Gróffóðurkeppni Yara 2019

Stein Olstad, Franzefoss Noregi - *Kostir kölkunnar*

Håvard Bjørgen, Yara Noregi - *Hagkvæmni gróffóðuröflunar*

Mánudagurinn 13. janúar

Hestakráin á Skeiðum
Kl. 11:30 - 13:30
Súpa og brauð

Félagsheimilið Hvoll, Hvolsvelli
Kl. 20:00 - 22:00
Fundarkaffi

Þriðjudagurinn 14. janúar

Smyrlabjörg í Suðursveit
Kl. 11:30 - 13:30
Súpa og brauð

Hótel Hérað, Egilsstaðir
Kl. 20:00 - 22:00
Fundarkaffi

Miðvikudagurinn 15. janúar

Hlíðarbær, Eyjafjörður
Kl. 11:30 - 13:30
Súpa og brauð

Hótel Varmahlíð, Skagafjörður
Kl. 20:00 - 22:00
Fundarkaffi

Fimmtudagurinn 16. janúar

Hótel Laugarbakki í Miðfirði
Kl. 11:30 - 13:30
Súpa og brauð

Ásgarður, Hvanneyri
Kl. 20:00 - 22:00
Fundarkaffi

Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1 - 110 Reykjavík - www.ss.is
Yara áburður - www.yara.is
Búvörur SS verslanir - www.buvorur.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –


Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN



Þjóðareignarhremmingar

Kort Hafrannsóknastofnunar af veiðum fiskiskipa á miðunum hringinn í kringum landið segir meira en mörg orð um það hvar lífsbjörg sjávarþorpanna um allt land er að finna. Með lögum um frjálst framsal aflaheimilda sem samþykkt voru á Alþingi 1990 hófust gegndarlausar eignatilfærslur frá flestum sjávarplássum landsins í hendur örfárra ofurauðmanna. Í dag ráða þeir meiru í öllum kimum þjóðfélagsins en hollt getur talist í lýðræðisríki. Það hefur áhrif á allt samfélagið, líka landbúnað.

Fjálst framsal veiðiheimilda olli því að fiskveiðiheimildir heilu byggðarlaganna í formi kvóta voru seldar burt og þar með lífsbjörg íbúanna. Afleiðingin varð hrun atvinnulífs og verðfall eigna með gegndarlausri eignaupptöku þúsunda fjölskyldna um land allt. Oftar en ekki hrökklaðist þetta fólk til höfuðborgarsvæðisins í leit að lífsviðurværi. Það fékk enga styrki eða aðstoð vegna þeirra efnahagslegu hamfara sem það þurfti að ganga í gegnum. Svo kom efnahagshrunið 2008 og margt af þessu sama fólki þurfti að ganga aftur í gegnum endurteknar hörmungar Þá var oftast ekki boðið upp á annað en eignaupptöku á nýjan leik. Á sama tíma var auðmönnum, sem sumir voru beint afsprengi kvótabrasksins og meðal helstu gerenda í efnahagshruninu, boðnar afskriftir upp á milljarða króna.

Svona er nú staðan varðandi sjávarauðlindina sem allir venjulegir Íslendingar telja sameign þjóðarinnar. Þessi staða hefði aldrei komið upp ef kvótinn hefði fylgt landsvæðunum sem næst liggja miðunum á hverjum stað. Nýting miðanna hefði þá skilað sér inn í viðkomandi samfélög og hægt að nota hlutdeild af lönduðum afla í sameiginlega sjóði ríkis og sveitarfélaga. Til uppbyggingar grunnstoða í samgöngu-, heilbrigðis-, skóla- og öldrunarmálum.

Því miður á þessi staða ekki bara við sjávarauðlindina. Undanfarin misseri og ár hafa Íslendingar verið minntir á að fleiri auðlindir eru að fara á sama veg. Landbúnaðarland er nú keypt upp af auðmönnum í stórum stíl sem sjá í því framtíðartækifæri til að hagnast stórlega.

Það er sannarlega blóðugt að horfa upp á bændur sem varað hafa við þessari þróun vera að missa ítök á sínum bújörðum í hendur auðmanna og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Svo mikil er sú græðgi að heilu landsvæðin eru nú komin í eigu erlendra fjárfesta. Þeir vita sem er að eignarhald á landi á jarðarkringlunni er takmörkuð auðlind sem verður sífellt sjaldgæfari á markaði. Erlendis er slíkt kallað „Land Grabbing“ eða landhremmingar.

Á Íslandi fylgja auk þess ýmis réttindi slíkum jörðum, eins og dýrmætt vatn og möguleg orkunýting. Fyrir þessa auðmenn er ekki ónýtt að geta hagnýtt sér þessa kosti í skjóli löggjafarvalds sem enn hefur lítið gert til að sporna við þessari þróun. Ekki er heldur ónýtt fyrir þá að hafa nú fengið tryggingu fyrir markaðsvæðingu á orku landsins og senn kemur trygging fyrir markaðsvæðingu vatnsréttindanna. Samt situr í löggjafarhlutverkinu fólk sem kosið er til þess að verja hagsmuni almennings, en ekki til að koma eigum þjóðarinnar í hendur örfárra auðmanna. */HKr.*

Breytt matvælaumhverfi á Íslandi og afleiðingar óveðurs



Guðrún S. Tryggvadóttir
formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is

Ágætu lesendur. Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir samfylgdina á því sem nú er liðið.

Talsverð umræða var á síðastliðnu ári um yfirvofandi innflutning á fersku ófrosnu kjöti og eggjum frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Hæstiréttur og EFTA-dómstóllinn höfðu áður komist að þeirri niðurstöðu að íslensk stjórnvöld hefðu brotið gegn EES-samningnum með innflutningstakmörkunum. Ýmsir sérfræðingar fjölluðu ítarlega um málið og lýstu áhyggjum sínum, rétt eins og bændur sem bentu á þau neikvæðu áhrif sem innflutningur á hráu ófrosnu kjöti og eggjum gæti haft fyrir heilsu dýra og manna.

Um áramótin varð innflutningurinn leyfilegur og við verðum að horfast í augu við breytt umhverfi matvæla á Íslandi. Aðgerðaráætlun, sem ætlað er að tryggja matvælaöryggi, vernda búfjárstofna og efla samkeppni innlendrar framleiðslu, er að hluta komin til framkvæmda en vinna í öðru er mislangt á veg komin. Meðal aðgerða er átak um betri upplýsingar til neytenda um uppruna matvæla og íslenskar upprunamerkingar. Starfshópur landbúnaðarráðherra mun á næstu mánuðum skila tillögum þar að lútandi.

Sýklalyfjaónæmi er alvöru mál

Baráttan gegn sýklalyfjaónæmi er liður í aðgerðaáætlun ráðherra og þar eru tveir vinnuhópar að störfum. Í nýlegri frétt á vef atvinnuvegaráðuneytisins segir að stefnt sé að því að Ísland verði í fararbroddi í aðgerðum til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Þar er sagt frá því að stofnun Sýklalyfjaónæmissjóðs sé langt á veg komin en honum er m.a. ætlað að tryggja fjármögnun vegna skimunar og vöktunar á sýklalyfjaþoli í dýrum, matvælum, fóðri, áburði og sáðvöru. Auk þess á sjóðurinn að fjármagna vísinda- og grunnrannsóknir á sviði sýklalyfjaónæmis.

Göngum á eftir upplýsingum um uppruna matvæla

Það er mjög mikilvægt að landsmenn séu vel upplýstir um þær breytingar sem nú verða við innflutning á hráu ófrosnu kjöti og eggjum. Við erum öll neytendur hvort sem við erum verslunarstjórar, alþingismenn, bændur eða sérfræðingar. Neytendur eiga ekki að hika við að spyrja um uppruna matvöru, lesa sér til um innihaldsefni og leita annarra upplýsinga sem er að finna á merkingum. Við eigum öll rétt á að vita hvað það er sem við látum ofan í okkur. Íslenskir bændur vilja að upplýsingar og merkingar á matvælum séu greinargóðar og aðgengilegar. Það þýðir að letur sé í læsilegri stærð og enginn eigi að þurfa að taka kaupákvörðun án þess að geta fengið réttar upplýsingar. Við viljum enn fremur hvetja neytendur til að ganga eftir upplýsingum þar sem þær skortir, hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda vöru.



Eftirmál óveðurs

Sérstakur átakshópur var settur á fót á vegum fimm ráðuneyta í kjölfar óveðursins á Norðurlandi 10.–11. desember sl. og er það vel. Aftakaveðrið olli bæði fjarskipta- og rafmagnsleysi og varði það sums staðar í marga daga samfleytt. Hópnum er ætlað að skoða þessi mál ásamt dreifikerfi RÚV og fleira. Við þurfum á því að halda að geta verið í sambandi við umhverfið í kringum okkur, vitað hvað er að gerast og hvers ber að vænta. Það er erfitt að setja sig í þau spor, sitjandi við tölvuna með kaffibollann og símann sítengdan að hafa ekkert samband við umheiminn og vita ekki einu sinni af næsta nágranna. Taka þarf tillit til breytts tíðarfars og veðurfars og meta þá grunninnviði í flutningi og dreifikerfi raforku og fjarskipta sem við treystum á að séu til staðar. Öll erum við mjög háð rafmagni og fjarskiptum. Við þurfum að læra af þessu veðri og gera áætlanir um allt land til að vera sem best í stakk búin til að takast á við viðlíka aðstæður, ofsaveður eða aðrar náttúruhamfarir.

Bændur urðu fyrir umtalsverðu tjóni

Afleiðingar óveðursins eru ekki allar komnar í ljós. Tjón á girðingum skýrist þegar snjóa leysir en viðbúið er að það sé verulegt um mestallt norðanvert landið. Afurðatap hjá kúabændum vegna rafmagnsleysis varð víða en afleiðingar þess þarf að meta til lengri tíma. Talsvert gripatjón varð í óveðrinu, einkum á hrossum í Húnavatnssýslum.

Bændasamtök Íslands hafa óskað eftir því að átakshópurinn fjalli einnig um leiðir til að mæta því tjóni sem bændur urðu fyrir í óveðrinu. Tryggingar á almennum markaði ná ekki yfir ofangreind tjón en við sambærilegar aðstæður hafa stjórnvöld jafnan brugðist sérstaklega við. Ástæða er til að hvetja bændur til að halda vel utan um allar upplýsingar um tjón af völdum óveðursins.

Upplýsingafundir á næstu vikum

Búnaðarsambönd á Norðurlandi stefna á upplýsinga- og fræðslufundi fyrir bændur vegna óveðursins í samstarfi við sveitarfélögin. Á þeim fundum munu fulltrúar frá Almannavörnum m.a. ræða við bændur sem geta þá komið hugmyndum um úrbætur á framfæri. Fundirnir verða nánar auglýstir í staðarmiðlum þegar dagsetningar og dagskrá liggur fyrir.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Siglufjörður er bær sem stendur við samnefndan fjörð á Mið-Norðurlandi nyrst á Tröllaskaga. Siglufjörður var áður sjálfstætt bæjarfélag en er nú ásamt Ólafsfirði hluti af sveitarfélaginu Fjallabyggð. Hinn forni Sigluneshreppur náði yfir bæði Siglufjörð og Héðinsfjörð og samsvaraði landnámi Þormóðs ramma. Var hann kenndur við bæinn Siglunes, sem framan af var höfuðból sveitarinnar og síðar kirkjustaður og mikil verstöð. Árið 1614 var ný kirkja reist á Hvanneyri við Siglufjörð, en nafnið Hvanneyrarhreppur mun ekki hafa verið tekið upp fyrr en á 18. öld. Verslun hófst í hreppnum 1788 og Siglufjörður varð að löggiltum verslunarstað árið 1818. Þá var 161 íbúi í hreppnum, þar af 8 í kaupstaðnum. Einni öld síðar, eða árið 1918, fékk Hvanneyrarhreppur kaupstaðarréttindi og hét eftir það Siglufjarðarkaupstaður.

LÍF & STARF



Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands með fálkaorðuna góðu. Mynd / HKr.

Hissa, glöð og þakklát

Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands, hlaut 1. janúar síðastliðinn riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf á vettvangi íslenskrar garðyrkju og miðlun þekkingar.

„Fyrst þegar ég heyrði að orðuveitingunni varð ég orðlaus og hissa. Því næst varð ég glöð og hreykin yfir því að einhverjir telji að starf mitt í þágu garðyrkju sé þess virði að mér hlotnist þessi heiður. Seinna hugsaði ég að kannski er maður ekki besti dómarinn á eigið starf og að líklega telja aðrir að ég sé að gera eitthvert gagn. Satt best að segja kom orðuveitingin gersamlega flatt upp á mig og mér hafði aldrei dottið þetta í hug sjálf og ég er mjög þakklát þeim sem stóðu fyrir þessu," segir Guðríður.

Að sögn Guðríðar hefur hún fengið ótrúlega jákvætt viðmót frá ólíklegasta fólki eftir veitinguna og að ókunnugt fólk hafi jafnvel óskað henni til hamingju á förnum vegi og ekki laust við að hún sé montin að hafa fengið orðuna.

„Ég lít ekki síður á orðuveitinguna sem viðurkenningu fyrir íslenska garðyrkju og garðyrkju sem fagi. Garðyrkja á Íslandi er fremur ungt fag og hefur stundum átt á brattann að sækja. Áhugi á garðyrkju er samt alltaf að aukast og mikið af ungu fólki sem hefur áhuga á ræktun og vill starfa innan greinarinnar. Persónulega held ég að Íslendingar séu sífellt meira að opna augun fyrir gildi ræktunar og hvað möguleikarnir eru miklir. Bæði á sviði matvælaframleiðslu og hversu mikið ræktun getur breytt umhverfinu til góða. /VH

Vísindagrein um loftslagsáhrif skógræktar á framræstum mýrum:

Skortur á traustum gögnum fyrir áreiðanlegt losunarbókhald

– Mikilvægt að þróa betur bindi- og losunarstuðla

Nýlega birtist yfirlitsgrein íslenskra vísindamanna í tímaritinu Biogeosciences um rannsóknir á áhrifum skógræktar á framræst mýrlendi varðandi losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda. Meðal niðurstaðna hennar er að bindistuðlar milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna sem notaðar séu til að meta loftslagsáhrif landnýtingar séu ónákvæmir og að skortur sé á bakgrunnsupplýsingum til að þróa þá betur.

Íslensku vísindamennirnir eru þeir Bjarni Diðrik Sigurðsson og Hlynur Óskarsson, starfsmenn Landbúnaðarháskóla Íslands, auk Brynhildar Bjarnadóttur sem starfar við Háskólann á Akureyri en greinin var unnin í samstarfi við vísindamenn frá Norðurlöndunum.

Á við um allt framræst land

Bjarni segir að þótt greinin fjalli um áhrif skógræktar þá eigi það sem þarna komi fram í raun um stöðu vísindalegrar þekkingar um allt framræst landbúnaðarland og hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á loftslagsáhrif þess. „Það er ekki bara á Íslandi þar sem þörf er á meiri rannsóknum á þessu sviði, heldur ekki síður í löndunum í kringum okkur. Ekki síst í Finnlandi, landi vatnanna, þar sem tiltölulega stór hluti skógræktar- og ræktarlands hefur verið ræstur fram. Það er skemmtilegt að rannsóknir okkar hérlendis nýtast einnig og vekja athygli utan Íslands," segir Bjarni.

Sjónum var beint að bindingu og losun gróðurhúsalofttegundanna koldíoxíðs, metans og nituroxíðs. Greinin gefur yfirlit yfir öll þau ferli sem þarf að hafa í huga þegar loftslagsáhrif mótvægisaðgerða eins og skógræktar eru metin á framræstu mýrlendi og mismunandi rannsóknaaðferðir sem hægt er að beita við slíkt mat. Jafnframt er gefið yfirlit um stöðu þekkingar á mismunandi þáttum á Norðurlöndum og nálægum svæðum.

Þörf á betri bindi- og losunarstuðlum

Í greininni kemur fram að mælingar á öllum þeim mismunandi þáttum sem telja inn í loftslagsáhrif skógræktar á framræstu landi eru bæði kostnaðarsamar og vinnufrekar. Þess vegna verði aldrei fýsilegt að slíkar mælingar séu gerðar á öllum þeim framræstu svæðum sem skógrækt verður beitt sem mótvægisaðferð við framræsluna. Því sé mikilvægt að þróa betur svokallaða bindi- og losunarstuðla (e. emission factors) sem notaðir eru til að meta loftslagsáhrif landnýtingar – til dæmis vegna loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna.

Niðurstaða greinarinnar er sú að ennþá séu þessir bindistuðlar sem notaðir eru við kolefnisbókhald ríkjanna talsverðri óvissu háðir. Mikilvægt er að samhæfa betur aðferðafræði við ólíkar rannsóknir og hvaða aðrir vistkerfisþættir eru gefnir upp með niðurstöðunum, svo að auðveldara sé að bera þær saman þegar stuðlarnir eru bættir. Bent er á nokkur atriði sem hægt væri að laga þannig að áreiðanlegra mat fáist á loftslagsáhrifum skógræktar á framræstu mýrlendi:

- Skortur er á bakgrunnsupplýsingum (umhverfis- og vistkerfisþættir) um vistkerfin sem rannsökuð eru. Vegna þess er ekki hægt að útbúa bindistuðla sem taka tillit til ólíkra umhverfisaðstæðna, en eru ekki bara einföld meðaltöl fyrir stór svæði.
- Þegar handvirkar mæliaðferðir eru notaðar til að mæla bindingu og losun gróðurhúsalofttegunda er mikilvægt að tengja þær síritandi mælingum á til dæmis jarðvegshita eða stöðu grunnvatns þegar þær eru skalaðar upp í ársgildi.
- Mikil þörf er á meiri vetrarmælingum á losun allra gróðurhúsalofttegundanna.
- Það skortir mjög á að grunnvatnsstaða í framræstu landi hafi verið skráð þegar mælingar á losun eða bindingu gróðurhúsalofttegunda fara fram. Grunnvatnsstaðan er oft mikilvægasti þátturinn í hver heildaráhrifin eru.
- Mikilvægt er að taka tillit til framvindu ræktaðra skóga þegar loftslagsáhrif skógræktar á framræstu landi eru metin; það er að tekið sé tillit til allrar vaxtarlotunnar. Áhrifin geta breyst með aldri skóganna. /smh

MÆLT AF MUNNI FRAM

241

Ó venju margar ljóðabækur komu út fyrir síðustu jól og obbi þeirra var í óbundnu ljóðmáli. Ekki verður neitt efni sótt í slíkan kveðskap í þessum þáttum, enda er þáttagerðin bundin allströngum bragfræðum, þó sitthvað megi um það segja. Fyrsta vísa þessa þáttar er einmitt ort um útgáfu á einni slíkri óbundinni ljóðabók sem hlaut lofsamlega dóma bókmenntafræðinga þess tíma. **Heiðrekur Guðmundsson** frá Sandi í Aðaldal var hagyrðingur góður og einnig skáld gott. Við lestur ofangreindrar bókar orti hann:

Þynnist nú hið bláa blóð,
bliknar skáldaljóminn.
Undanrenna er ekki góð
ef að þetta er rjóminn.

Annar hagyrðingur og skáld, þingeyskur, **Björn Ingólfsson** á Grenivík, sendi mér nýverið ljóð er hann nefnir „Línhúskvæði". Við hjónin hér í Kotabyggð erum ögn að stauta í ferðamennsku og reistum okkur þvottahús hér á lóðinni. Mörgum þótti mikið til um þessa framkvæmd, en engum þó eins og **Birni Ingólfssyni** er samdi og sendi mér þennan „fagurgala":

Undir Vaðlaheiðar hlíðum
hús var reist á bala víðum,
inni í því má oft á tíðum
útlending í rúmi sjá
-fagurt galaði fuglinn sá-
iðka þar með friðli fríðum
frygð um sumarstundir.
-Listamaðurinn lengi þar við undi.

Í öðru húsi, satt ég segi,
sjá má Árna á hverjum degi
strjúka lín og það er þegi
þrautalaust sem allir sjá.
-Fagurt galaði fuglinn sá.-
Aldrei hann svo heita megi
hefur lausar stundir.
-Listamaðurinn lengi þar við undi.

Og fyrst er verið að fjalla um strauverk, þá er næsta vísa, eftir **sr. Bjarna Þórarinsson**, ort um hana **Stínu straukonu**:

Stælt er hún að stífa tau
og stendur oft í hörðu.
En eignast barn með Stínu strau
er stærsti vandi á jörðu.

Við skulum enn dvelja hér fyrir norðan um stund. Þau ummæli voru höfð eftir **Jóni bónda á Möðrufelli**, að engum „smátittlingum" þyddi neitt að þreifa á dætrum hans tveimur, sem gjafvaxta voru orðnar. **Júlíus Ólafsson í Hólshúsum** orti fræga vísu um þessar aðstæður í Möðrufelli. Þess má hér geta, að rímorðið „pell" er haft yfir skartklæði kvenna og merkir dýrt fataefni:

Hrannar ljósar liljur mega
lýðir klæddar sjá í pell.
Smátittlingar engir eiga
að þeim leið í Möðrufell.

Og áfram með andlega smjörið. Einhverju sinni voru þeir feðgar **Sigurður á Heiði** og Magnús sonur hans á ferð með fúlgu af skildingum í pokaskjatta. Ekki fór betur en svo að skjattinn rifnaði og rann silfrið ofan í götuna. Meðan þeir feðgar öngluðu saman sjóðnum orti **Sigurður**:

Raun er að láta í rifinn sjóð
renna fagurt gjaldið.

Magnús lauk svo vísunni snarlega:

Eins er að fara upp á fljóð
sem ekki getur haldið.

Fallegustu jólavísu þessa árs orti svo **Jóhannes Sigfússon á Gunnarsstöðum**:

Við skulum halda heilög jól
og heiðra landið okkar,
þó í mútu- og skattaskjól
skríði drullusokkar.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com



FRÉTTIR

Endurreisa starfsemi Atlantic Leather á Sauðárkróki

– Búnaður til gærusútunar verður seldur

Rekstur félagsins Atlantic Leather á Sauðárkróki mun hefjast á ný innan skamms, en samnefnt félag fór í þrot á liðnu hausti.

Hjónin Hallveig Guðnadóttir og Hlynur Ársælsson eru nýir eigendur Atlantic Leather og verður Hallveig framkvæmdastjóri þess.

Láta frá sér gærusútunarbúnað

Starfsemi félagsins var tvíþætt, annars vegar sinnti það sútun fiskroðs og framleiðslu sjávarleðurs og hins vegar voru gærur sútaðar hjá félaginu. Hlynur segir að sá þáttur starfseminnar verði aflagður og tækjabúnaður því viðkomandi verði seldur.

Nýir eigendur búa á höfuðborgarsvæðinu en Hlynur segir þau staðráðin í að reka fyrirtækið áfram á Sauðárkróki enda sé þar fyrir hendi mikil reynsla og þekking þegar að starfsemi af þessu tagi kemur.

Hlynur hefur að baki langa starfsreynslu innan sjávarútvegsins, var m.a. lengi starfsmaður hjá Iceland Seafood, framkvæmdastjóri þess í Hamborg um skeið og starfaði mikið að markaðs- og sölumálum.

„Bakgrunnurinn er í sjávarútvegi. Ég hafði heyrt af þessu fyrirtæki og þótti það áhugavert. Þegar ég sá eignir þess auglýstar til sölu eftir gjaldþrotið fannst mér ómaksins vert að skoða hvort það gæti verið áhugavert að kaupa. Niðurstaðan var sú að það eru margir möguleikar fyrir hendi þegar kemur að sútun fiskroðs og eftir að við fengum erlendan aðila til liðs við okkur létum við slag standa," segir Hlynur.

Áfram unnið við þróun

Hann segir að áfram verði haldið að þróa aðferðir við sútun fiskroðs og koma þeim á enn umhverfisvænna stig en nú er. Forveri Atlantic Leather var í samstarfi við Evrópuverkefnið Horizion 2020 í þeim efnum og verður framhald á því að sögn Hlyns.

„Við höfum hug á því í samvinnu við aðra að leggja töluvert fé í áframhaldandi rannsóknir og teljum að þær muni skila sér til framtíðar litið," segir Hlynur. */MÞÞ*

Loftslagsmálin brenna á forsætisráðherra

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fjallaði m.a. um loftslagsmál í áramótaávarpi sínu í Ríkissjónvarpinu. Hún sagði að um allan heim hafi krafan um aðgerðir gegn loftslagsvánni orðið háværari í ár.

„Neyð hefur skapast víða um heim vegna veðurfarsöfga; það eru hitabylgjur, þurrkar, flóð og gróðureldar. Súrnun sjávar af völdum loftslagsbreytinga hefur neikvæð áhrif á vistkerfi hafsins. Þetta eru alvarleg mál sem ógna tilveru okkar og möguleikum komandi kynslóða. En við getum tekist á við þetta og hér á Íslandi bæði getum við og eigum að leggja okkar lóð á vogarskálar," sagði Katrín.

Hún sagði að nú þyrfti að láta verkin tala, sem væri nú verið að gera með því að fjárfesta í orkuskiptum og kolefnisbindingu, í almenningssamgöngum og rafvæðingu hafna. Þá sé verið að leggja aukna áherslu á rannsóknir og nýsköpun í loftslagsmálum og grænar ívilnanir og grænir skattar munu hraða þessari þróun í rétta átt. Katrín sagði svo:



Katrín kom víða við í nýársávarpi sínu en loftslagsmálin voru henni ofarlega í huga enda eru þau mál málanna um allan heim. Mynd / Stjórnaráðið

„Í umhverfis- og loftslagsmálum hefur íslenskt atvinnulíf lagst á árar með stjórnvöldum og sýnt mikinn metnað á árinu, með eigin markmiðum um kolefnishlutleysi. Og síðan er það fólkið í landinu, ekki síst unga fólkið, sem vill snúa af braut vaxandi mengunar og kolefnisframleiðslu. Það er unga fólkið sem hefur brýnt stjórnmálamenn til dáða og við eigum að hlusta á skýrar raddir þess. Til að leysa slík verkefni er ekkert mikilvægara en von, bjartsýni og dugnaður til að árangur náist. Þar getur Ísland skipt máli með því að láta rödd sína heyrast um allan heim og það höfum við gert á þessu ári í samvinnu við aðrar þjóðir sem hafa lagt fram aðgerðaáætlanir í sínum málum. Við munum halda áfram á þeirri braut á nýju ári." */MHH*

Doktorsverkefni um erfðarannsóknir á íslenska kúakyninu:

Staðfest að uppruninn er norrænn og mestur skyldleiki er við sænskt kúakyn og þrjú finnsk

– Nær engin áhrif af innfluttum kúakynjum á íslenska stofninn

Egill Gautason, doktorsnemi við Háskólann í Árósum, hefur í rúmt ár unnið að erfðarannsóknum á íslenska kúakyninu, þar sem bæði erfðafræðilegur uppruni er kannaður en einnig hver þróun og áhrif skyldleikaræktarinnar er hér á landi. Hann greindi frá fyrstu niðurstöðunum nýverið í grein, þar sem staðfest er að íslenskar kýr eru norrænar að uppruna og mest skyldar þremur finnskum kúakynjum og sænsku fjallakyni – af þeim kúakynjum sem borin voru saman við það íslenska. Þar kemur fram að íslenski kúastofninn er eini stóri og óblandaði stofninn meðal þessara kynja sem gerir hann afar sérstakan.

Aðalmarkmið verkefnisins er hins vegar að innleiða erfðamengjaúrval til að nota við erfðamengjakynbætur fyrir litla kúastofna og kemur í kjölfar ályktunar aðalfundar Landssambands kúabænda árið 2016 um að hagkvæmni slíks fyrirkomulags yrði kannað.



Staðfest er í rannsókn Egils að íslenska kúakynið er mjög sérstætt og einsleitt, en skyldleikaræktin er samt ekki kvíðvænlega mikil. Þetta er talið vera hagkvæmt fyrir kynbótastarfið. Mynd / MÞÞ

Líklegast frá Noregi

Egill segir að einungis sé um niðurstöður að ræða úr fyrsta hluta verkefnisins, en það er styrkt af Auðhumlu, Mjólkursamsölunni og Kaupfélagi Skagfirðinga. „Meginniðurstöðurnar eru að íslenskar kýr eru norrænar að uppruna og þar af leiðandi líklegast frá Noregi, þær eru enn fremur erfðalega ansi sérstæðar því innflutningur á öðrum kúakynjum hefur nánast engin áhrif haft á stofninn.

Þá er stofnbygging engin," segir Egill.

Sýnt fram á sérstöðu íslenskra kúa í fyrsta sinn

„Þessar niðurstöður koma ekki beinlínis á óvart hvað skyldleikann og stofnbygginguna varðar, þar sem þær eru í samræmi við fyrri niðurstöður. Fyrri rannsóknir hafa bent til skyldleika við norskar kýr, en skyldleiki íslenskra kúa við bresk kyn hefur lítið verið rannsakaður. Af þeim sökum rannsakaði ég skyldleika við kúakyn frá Skotlandi, Englandi og Írlandi, en fann ekkert sem benti til skyldleika íslenskra kúa við breskar kýr," segir Egill um niðurstöðurnar.



Egill Gautason.

„Mér vitanlega hefur ekki verið sýnt fram á erfðalega sérstöðu íslenskra kúa með óyggjandi hætti fyrr en nú, en fyrri rannsóknir hafa þó heldur bent til þess að þær hafi lengi verið einangraðar. En nú eru sem sagt komin gögn sem sýna fram á þessa sérstöðu," bætir hann við.

Alveg nýjar niðurstöður um nær engin innflutt áhrif

Að sögn Egils var í rannsóknninni einnig beint sjónum að mögulegri blöndun íslenska stofnsins og áhrifum innflutnings. „Þetta hefur aldrei verið rannsakað og því um algjörlega nýjar upplýsingar að ræða. Það sem kemur kannski mest á óvart er hversu hreinn stofninn er og hversu lítil áhrif eru af innflutningi annarra kynja til landsins. Við töldum líkur á að finna meiri áhrif frá rauðum dönskum kúm, en fundum nærri því engin áhrif. Það er samt dálítið vandasamt að fjalla um þetta, því að niðurstöðurnar geta líka bent til innflutnings annarra kynja, sem engar heimildir eru annars um. En hafi sá innflutningur átt sér stað, þá hefur hann engin teljanleg áhrif haft á stofninn. Það þarf meiri rannsóknir til að skera úr um það. En meginniðurstaðan, hvað áhrif innflutnings varðar, er að íslenski stofninn er nærri algjörlega óblandaður öðrum kynjum."

Engin teljandi stofnbygging íslenska stofnsins

„Við rannsökuðum líka hvort nokkra teljandi stofnbyggingu, eða undirstofna, væri að finna innan íslenska stofnsins – og fundum ekki. Það kom alls ekki á óvart – og er í samræmi við rannsókn Margrétar Ásbjarnardóttur sem hún stóð að árið 2010 ásamt fleirum. Það þýðir það einfaldlega að kerfisbundinn breytileiki er ekki til staðar, sem væri til dæmis ef kýr á Austurlandi væru frábrugðnar kúm annars staðar á landinu. Það myndi síðan bjaga kynbótamatið kerfisbundið.

Hins vegar sýndum við fram á að það er samt sem áður dálítil bygging í stofninum, sem útskýrist af skyldleika gripa við þrjú naut, Laska, Font og Stíg. Þessi einsleitni stofnsins er frekar til bóta fyrir kynbótastarfið, þar sem að meiri bygging getur valdið skekkju á kynbótamati.

Þessu til viðbótar birti ég síðan þróun skyldleikaræktarstuðulsins síðustu árin og útreikning á virkri stofnstærð. Skyldleikaræktin hefur aukist töluvert, en er samt ekki kvíðvænlega mikil.

Niðurstöðurnar verða nýttar við áframhaldandi rannsóknir á íslenskum kúm, bæði hvað varðar þróun skyldleikaræktar og áhrif úrvals, auk þess sem niðurstöðurnar varðandi skyldleika við önnur kyn verða nýttar við rannsóknir á öryggi erfðamengjakynbótamats fyrir íslenskar kýr," segir Egill. */smh*

Sprettur 15 ÁBURÐUR Í 15 ÁR

Taktu sprettinn með okkur

VERÐSKRÁ 2020

REYNSLA - RANNSÓKNIR - TRAUST

Áburðartegund	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	Na	B	Vatns uppl. P	Fyrirframgr. 1. mars 8% afsl.	Greitt fyrir 15. maí 5% afsl.	Greiðslu-dreifing
Sprettur N27	27			4,3	1,8						51.704	53.390	56.200
Sprettur N23+Sweet-Grass	23			3,4	1,4	2		3,7			52.506	54.218	57.072
Sprettur+ OEN 42+S+Selen	42					2	0,002				71.809	74.151	78.053
Sprettur 25-5	25	2,2		3,3	1,4	2,5				92%	56.186	58.018	61.071
Sprettur 25-5+Avail+Selen	25	2,2		3,3	1,4	2,5	0,002			92%	59.651	61.597	64.838
Sprettur 26-13	26	5,7		1,3	0,5	2				92%	62.021	64.043	67.414
Sprettur+ OEN 38-8+Se	38	3,5				3	0,002			92%	72.857	75.233	79.193
Sprettur+OEN 35-15	34,5	6,5				2,6				92%	71.563	73.896	77.786
Sprettur+OEN 20-10-15+Poly+Se+Sweet Grass	20	4,4	12	1,4	0,5	2,4	0,002	3		92%	69.000	71.250	75.000
Sprettur+OEN 27-10-9+Polysulphate	27	4,4	7,5	2	0,6	3,2				92%	67.638	69.844	73.520
Sprettur 22-7-6+Selen	22	3,1	5	2,9	1,2	2,5	0,002			92%	60.507	62.480	65.769
Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	20	2,2	11	2,4	1	2,5	0,002			92%	62.544	64.584	67.983
Sprettur 20-10-10	20	4,4	8,3	2,2	0,9	2,5				92%	60.222	62.186	65.459
Sprettur 20-10-10+Selen	20	4,4	8,3	2,2	0,9	2,5	0,0015			92%	62.492	64.529	67.926
Sprettur 20-12-8+Selen	20	5,2	6,6	2,1	0,9	2,5	0,0015			92%	62.536	64.575	67.973.
Sprettur+ OEN 25-12-12+Polysulphate	25	5,2	10	1,6	0,5	3				92%	69.259	71.517	75.281
Sprettur 27-6-3+Selen	27	2,6	2,5	1,4	0,6	2	0,002			92%	62.175	64.202	67.581
Sprettur+OEN 27-8-3+Poly+se+Sweet-Grass Nýtt	27	3,5	2,5	2,6	0,8	4	0,002	3,7		92%	69.000	71.250	75.000
Sprettur+ OEN 27-3-3+polysulphate+Sweet Grass	27	1,3	2,5	2,5	0,75	4		3,7		92%	61.015	63.005	66.321
Sprettur 16-15-12	16	6,5	10,	1,3	0,5	2,5				92%	62.945	64.998	68.419
Sprettur+ OEN 20-18-15+Polysulphate	20	7,8	12	1,3	0,4	3				92%	71.569	73.903	77.792
Sprettur 12-11-20+AV+Polysulphate+Bór	12	4,8	17	4,3	1,2	6,7			0,02	92%	67.295	69.489	73.146
Sprettur DAP	18	20								92%	72.973	75.352	79.318
Calciprill				36,4	0,1						39.030	40.302	42.424

Öll verð eru í íslenskum krónum pr. tonn og án vsk. - Birt með fyrirvara um prentvillur - Verðlisti getur breyst án fyrirvara.



Sölustjóri
Lúðvík Bergmann
Sími: 444 3009 / Gsm: 840 3009
bergmann@skeljungur.is



Dalir og Reykhólasveit
Anna Berglind Halldórsdóttir
Magnússkógum, Búðardal
Gsm: 895 0559
annaoglolli@gmail.com



Eyjafjörður
Karl Heiðar Friðriksson
Brekku, Dalvík
Gsm: 867 6417
brekka80@simnet.is



Austurland og Austfirðir
Jón Björgvin Vernharðsson
Gsm: 862 0166
jonbvernhards@gmail.com



Árnessýsla
Reynir Þór Jónsson
Gsm: 898 0929
reynirhurdarbaki@gmail.com



Borgarfjörður og Hvalfjörður
Einar Guðmann Örnólfsson
Sigmundarstöðum
Gsm: 862 5075
einargudmann@vesturland.is



Norðvesturland
Eymundur Þórarinsson
Saurbæ, Skagafirði
Gsm: 892 8012
eymundur@saurbaer.is



Eyjafjörður
Reynir Sverrir Sverrisson
Eyjafjörður
Gsm: 866 0921
reynirs68@gmail.com



Hornafjörður og Suðausturland
Eyjólfur Kristjónsson
Ási
Gsm: 840 8871
harpaey@simnet.is



Ráðgjafi í jarðvegs- og áburðarfræðum
Sigurður Max Jónsson
sigggimax@gmail.com



Mýrar og Snæfellsnes
Sigurjón Helgason
Mel
Gsm: 867 8108
melursf@gmail.com



Vestur Húnavatnssýsla
Jón Benedikts Sigurðsson
Böðvarshólum, Hvammstanga
Gsm: 697 5717
jbs2101@gmail.com



Norðausturland
Hallgrímur Hallsson
Sími: 464 1067
Gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is



Rangárvalla- og V-Skaftafellssýsla
Berglind Gunnarsdóttir
Ey1, Hvolsvöllur
Gsm: 899 9806
ey1@simnet.is


Við erum um land allt og þjónustum þig með ánægju - Hafðu samband

Fylgstu með okkur á facebook / Sprettur áburður

Skeljungur

Borgartún 26 - 105 Reykjavík
sími 444 3000 - fax 444 3001
www.skeljungur.is

FRÉTTIR



Skipting landsins niður í varnarhólf og litamerkingar eftir svæðum.
Mynd / Matvælastofnun

Skjálfandahólf skilgreint sem riðufrítt varnarhólf

Allt Skjálfandahólf hefur nú verið skilgreint sem riðufrítt varnarhólf, en um áramótin hafði ekki komið upp smit í því í tuttugu ár. Þá eru eftir sjö varnarhólf sem eru flokkuð sem sýkt varnarhólf, af þeim 25 sem landið er flokkað niður í.

Engin riðusýkt svæði eru því í Skjálfandahólfi en áfram gilda takmarkanir á flutningi á fé milli bæja þar sem garnaveiki hefur greinst síðustu tíu árin. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun gilda sömu reglur um sýkt svæði innan varnarhólfs og um sýkt varnarhólf; allir flutningar á fé milli hjarða innan þessara svæða og frá þeim yfir varnalínur eru bannaðar. Til að kaupa líffé inn á sýkt varnarsvæði þarf að sækja um leyfi til Matvælastofnunar.

Leyfi þarf til að flytja inn á ósýkt svæði

Þegar skilgreind eru ósýkt svæði innan varnarhólfs þá gilda sömu reglur og um ósýkt varnarhólf; engar takmarkanir eru settar á flutninga með lifandi fé milli hjarða innan þessara svæða. Hins vegar þarf að sækja um leyfi til Matvælastofnunar ef flytja á fé inn á þessi svæði.

Eftirtalin sjö varnarhólf eru þá enn skilgreind sem sýkt riðusvæði: Landnámshólf, Vatnsneshólf, Húna- og Skagahólf, Tröllaskagahólf, Suðurfjarðahólf, Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf auk Biskupstungnahólfs.

Landnámshólf verður næst til að verða aflétt úr riðuhöftum, eða í lok árs 2023, komi ekki upp smit. Þar á eftir er það Biskupstungnahólf, ári seinna. */smh*

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

VOR VERNDUN OGRÆKTUN

Styrkur til mastersnáms í jarðvegsvistfræði og jarðvegsheilbrigði í lífrænni ræktun

VOR - Verndun og ræktun, félag framleiðenda í lífrænum búskap, auglýsir styrk til mastersnema við Landbúnaðarháskóla Íslands til rannsókna.

Verkefnið er á sviði jarðvegsvistfræði og miðar að því að kanna og bera saman smádýr, sveppi og örverur (með DNA greiningu) í jarðvegi sem annars vegar hefur fengið tilbúinn áburð og hins vegar sauðatað. Einnig verður mæld öndun í jarðvegssýnunum og hvernig hún bregst við ólíkum umhverfisþáttum. Markmiðin eru að leiða fram áhrif ólíkra áburðarmeðferða, þ.e. lífrænna og ólífrænna, á líffræðilega fjölbreytni og starfsemi jarðvegsins og þar með heilbrigði hans.

Rannsóknin skal fara fram á framræstu tilraunalandi á Hvanneyri sem hefur til áratuga fengið ólíka skammta af hefðbundnum áburði annars vegar og sauðatað hins vegar. Leiðbeinendur í verkefninu verða Prof. Jan Axmacher LbhÍ og Prof. Ólafur S. Andrésson HÍ.

VOR og LbhÍ óska hér með eftir umsóknum nemenda með háskólapróf í lífvísindum/umhverfisfræðum í þetta verkefni. Umsókninni þarf að fylgja ferilskrá og stutt persónuleg greinargerð frá viðkomandi sem lýsir áhugasviði og framtíðaráformum.

Styrkupphæðin er 1,5 milljón króna, þar af eru áætlaðar 500.000 kr í efniskostnað. Umsóknum skal skila á rafrænu formi til Guðmundu Smáradóttur, mannauðs- og gæðastjóra LbhÍ (gudmunda@lbhi.is) fyrir 10. febrúar 2020.

Dreifikerfi raforku á Norðurlandi ekki á vetur setjandi

„Í nýliðnu óveðri kom augljóslega í ljós að núverandi dreifikerfi raforku á Norðurlandi er ekki á vetur setjandi. Sú staðreynd hefur reyndar lengi legið fyrir enda skort verulega á að eðlilegu viðhaldi á dreifikerfinu væri sinnt," segir í ályktun sem Framsýn, stéttarfélag hefur sent frá sér. Þar er lýst yfir megnri óánægju með aðgerðarleysi hins opinbera í raforkumálum.

„Það er ólíðandi með öllu að fólk þurfi að búa við fjarskipta- og rafmagnsleysi sólarhringum saman árið 2019, svo ekki sé talað um atvinnulífið sem treysta þarf á örugga raforku," segir enn fremur í ályktun Framsýnar.



Staurastæður brotnuðu víða á Norðurlandi í óveðrinu í desember.
Mynd / RARIK

Rafmagnsstaurar brotnuðu eins og tannstönglar

Eins segir að tjón vegna rafmagnsleysis sé verulegt, það hlaupi á milljörðum króna. „Án efa hefði verið hægt að draga verulega úr tjóni af völdum óveðursins hefði eðlilegri innviðauppbyggingu verið sinnt í gegnum tíðina í stað þess að láta það sitja á hakanum. Vissulega er það athyglisvert að rafmagnsstaurar hafi brotnað eins og tannstönglar í óveðrinu, það hlýtur að segja töluvert um ástand þeirra."

Fjárfesting sem skilar sér

Framsýn segir að stjórnvöld verði að bregðast við þessum alvarlega vanda í samráði við raforkufyrirtækin og íbúa þeirra sveitarfélaga sem búa við þessar óboðlegu aðstæður. Þá krefst Framsýn þess að ráðist verði í lagfæringar á dreifikerfinu þegar í stað svo aðstæður sem þessar endurtaki sig ekki. „Nú þegar ákveðin efnahagslægð er í þjóðfélaginu er fátt betra en að ráðast í uppbyggingu á raforkukerfinu á landsbyggðinni, það er fjárfesting sem skilar sér beint aftur til þjóðarbúsins."

Loks þakkar Framsýn þeim fjölmörgu starfsmönnum sem unnu við að koma rafmagni í lag fyrir ómetanleg störf, oft við hættulegar aðstæður. „Það sama á við um þá björgunarsveitarmenn sem stóðu vaktina í óveðrinu. Þeim verður seint þakkað að fullu fyrir þeirra frábæra starf í þágu samfélagsins." */MÞÞ*

Sveitarstjórn Hörgársveitar:

Gerir kröfur um að raflínum verði komið í jörð

Sveitarstjórn Hörgársveitar segir í bókun að ljóst sé að þær loftlínur raforku sem enn eru í sveitarfélaginu hafi valdið miklum vanda og tjóni í óveðri sem gekk yfir landið í desember. Þær séu á engan hátt tilbúnar að mæta miklum vetrarveðrum eða hvassviðri og staðsetning hluta þeirra í gegnum þéttan trjágróður sé ekki viðunandi.

Í Hörgárdal og Öxnadal var rafmagnslaust í nær fjóra sólarhringa þar sem það skorti lengst.



Úr Hörgársveit.

Standast ekki kröfur um raforkuöryggi

„Því er algjörlega hafnað að farið verði í einhverjar framtíðarviðgerðir á þeim tveimur köflum loftlína í sveitarfélaginu sem nú brugðust. Krafan er að strax og hægt er verði þessum línum komið í jörð," segir sveitarstjórn Hörgársveitar og gerir þá kröfu að RARIK og Landsnet sjái síðan til þess að allar þær loftlínur rafmagns sem í sveitarfélaginu eru, fari í jörð eins fljótt og mögulegt er. Á þetta við um allar sveitalínur, Dalvíkurlínu og núverandi byggðalínu. Allar þessar línur eru komnar til ára sinna og ljóst að þær standast ekki þær kröfur sem nútímasamfélag gerir varðandi raforkuöryggi.

Fjarskiptakerfi svæðisins þarf að yfirfara með því markmiði að aldrei komi upp sú staða að vegna skorts á fjarskiptum verði lífi stefnt í hættu. Það hefði getað gerst hér í sveitarfélaginu nú, þegar allt fjarskiptasamband lá niðri á ákveðnu svæði vegna rafmagnsleysis og neyðarafl var uppurið," segir m.a. í bókuninni. */MÞÞ*

Sveitarstjórn Húnaþings vestra:

Land innan marka sveitarfélagsins verði ekki hluti þjóðgarðs

Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur ítrekað ósk sína um að land innan marka Húnaþings vestra verði ekki hluti fyrirhugaðs þjóðgarðs á miðhálendinu. Á þetta bæði við um land í beinni eigu sveitarfélagsins og þjóðlendur í afréttareign innan marka Húnaþings vestra.

Sveitarstjórn hefur einnig áréttað að samkvæmt lögum er skipulagsvald, þ.e. vinnsla og samþykkt svæðis-, aðal- og deiliskipulags í höndum sveitarfélaga. Það er því ekki í verkahring ráðherraskipaðrar nefndar, ráðherra eða Alþingis að hafa með beinum hætti áhrif á skipulag sveitarfélaga með því að gera tillögu að legu þjóðgarðs á miðhálendinu innan marka þeirra.



Sveitarstjórn gagnrýnir að fyrirliggjandi textadrög feli í sér hugmyndir um færslu á valdheimildum sveitarstjórna til svæðisráða.

Ákvarðanir flytjast úr heimahéraði

Áherslur er varða stjórnskipun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands fela í sér flutning á stefnumörkun, umsjón og rekstri frá sveitarfélögum til svæðisráða. Þessar hugmyndir takmarka áhrif sveitarfélaga til þess að móta sér stefnu til að mynda hvað varðar uppbyggingu innviða, atvinnumál, landnýtingu og landvernd. Sveitarstjórn gagnrýnir að fyrirliggjandi textadrög feli í sér hugmyndir um færslu á valdheimildum sveitarstjórna til svæðisráða. Þannig flyst ákvarðanataka frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum sveitarfélaga til kjörinna fulltrúa annarra sveitarfélaga, embættismanna og hagsmunahópa. Sveitarstjórn leggur áherslu á að í dag ríkir engin óvissa um stjórn svæða innan marka sveitarfélagsins.


Skerðing á valdheimildum

Sveitarstjórn telur að fyrirliggjandi tillaga nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands feli í sér verulega skerðingu á valdheimildum sveitarfélaga og réttindum íbúa þeirra. Í fyrirliggjandi textadrögum þar sem fjallað er um markmið með stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu er ekki lýst brýnni nauðsyn fyrir stofnun hans. Hugmyndir um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu virðast fyrst og fremst tilkomnar til þess að styrkja eignar- eða ráðstöfunarrétt ríkisins yfir landi á hálendi Íslands, segir í bókun sveitarstjórnar Húnaþings vestra. */MÞÞ*

VERKFÆRI EHF

WWW.VERKFAERIEHF.IS

10 ára



CLARK Lyftarar og vöruhúsatæki

WP15 367.000 kr+vsk



WS10 649.000 kr + vsk



Wpio12 289.000 kr+ vsk



Brettatjakkur 49.000 kr + vsk



EUREKA Skúringavélar og Sópar

PICOBELLO 151 Sópur 128.000 kr+ vsk



E36 280.000 kr+vsk



E50 466.000 kr + vsk



RIDER 1201 1.560.000 kr + vsk



Haulotte Vinnulyftur

HA16 RTJ PRO 7.700.000 kr + vsk Tilboð: 6.900.000 kr + vsk



Optimum 8 1.480.000 kr + vsk



Star 10 3.650.000 kr + vsk



GENERAC® Ljósamöstur og Rafstöðvar

Rafstöðvar frá 15 – 405 kW



V20 LED ljósamöstur



Hydro Hydro með 3 fasa rafstöð



variant Kerrur

Getum útvegað Variant kerrurnar með mjög stuttum fyrirvara



Stór flutnigskerra innanmál 5,15 x 2,45 tilbúinn til afgreiðslu 1.090.000 kr + vsk



Sturtukerra með hliðarsturtun tilbúinn til afgreiðslu 1.190.000 kr +vsk

Tónahvarf 3, 203 Kópavogur
Sími: 544-4210
INFO@VVV.IS

FRÉTTIR



Á myndinni eru nokkur þeirra sem komu að mótun verkefnisins, þau Kristján Oddsson, gjaldkeri VOR, og Kristín Vala Ragnarsdóttir, prófessor í sjálfbærnivísindum við HÍ, Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður VOR, og Snorri Baldursson, deildarforseti við auðlinda- og umhverfisdeild LbhÍ.

VOR og LbhÍ í samstarf

VOR – verndun og ræktun, félag framleiðenda í lífrænum búskap, og Landbúnaðarháskóli Íslands hafa nú tekið saman höndum til að efla rannsóknir í lífrænum landbúnaði hér á landi. Í blaðinu er nú auglýstur styrkur til MS-nema á sviði jarðvegsrannsókna sem miða að því að kanna jarðvegsheilsu og lífrræðilegan fjölbreytileika jarðvegs í lífrænni ræktun.

Nokkuð hefur skort á rannsóknum í lífrænni ræktun hérlendis og þykir mikilvægt að kanna áhrif hennar hér á landi í ljósi nýrra áskorana í umhverfismálum og mótun landbúnaðar í framtíðinni. Erlendis hafa rannsóknir sýnt fram á margvíslega kosti lífrænnar ræktunar m.t.t. vistkerfis og sjálfbærni. Heilsa jarðvegs sé almennt betri og jafnvel sé kolefnisbinding meiri. Í samstarfi sínu munu VOR og LbhÍ leita leiða til að koma á rannsóknum og mælingum á þeim lykilþáttum sem snúa að samspili þessa ræktunarforms og umhverfisverndar í landbúnaði.

Skagabyggð kostaði lagningu þriggja fasa jarðstrengs:

Fjárfrek framkvæmd og enginn opinber stuðningur

„Í ljósi atburða síðustu daga er varða gríðarlegar rafmagnstruflanir á Norðurlandi vill sveitarstjórn Skagabyggðar benda á að almennt voru íbúar í Skagabyggð vel settir hvað rafmagn varðar," segir í ályktun sem samþykkt var á síðasta fundi sveitarstjórnar Skagabyggðar.

Fram kemur einnig að það sé ljóst að ástandið hefði orðið mjög alvarlegt á Skaga hefði rafmagnið ekki verið í jörðu. Sveitarfélagið hefði sjálft ráðist í lagningu 3ja fasa jarðstrengs samhliða ljósleiðaralagningu á Skaga á árunum 2013–2014, norðan Skagastrandar. Greiddi sveitarfélagið á fjórða tug milljóna í flýtigjald til RARIK, ásamt því að kosta alla plægingu strengsins. Framkvæmd sem þessi er gríðarlega fjárfrek og ekki fékkst stuðningur frá hinu opinbera við hana, að því er fram kemur í bókun sveitarstjórnar. */MÞÞ*



Wales - í landi rauða drekans

9. - 15. júní Sumar 8
Fararstjóri: Árni Snæbjörnsson

Stórbrotið landslag og keltnesk menning eru aðaleinkenni áfangastaðar okkar, Wales. Ferðast verður um Norður-Wales, áhugaverðir staðir skoðaðir og komið í fallega bæi og borgir, svo sem Chester, Llandudno og Conwy. Einnig verður farið um Snowdonia þjóðgarðinn og til borgar Bítlanna, Liverpool. Ferðinni líkur í Manchester þar sem gaman er að skoða mannlífið og borgina á eigin vegum.

Verð: 168.800 kr. á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík

spör ehf.



Þeir sem fengu starfsaldursviðurkenningarnar, ásamt Ágústi Jónssyni, rekstrarstjóra MS á Selfossi, sem afhenti viðurkenningarnar. Hann er lengst til vinstri, svo kemur Rúnar, Reynir, Sigurður og Jónas. Myndir / MS Selfossi

MS á Selfossi:

Tók á móti 75 milljónum lítra af mjólk árið 2019

– Fyrirtækið veitti starfsaldursviðurkenningar í lok árs

Bráðabirgðatölur sýna að mjólkurbúið á Selfossi tók á móti 75 milljónum lítra af mjólk árið 2019 frá kúabændum.

Hjá MS Selfossi starfa u.þ.b. 124 starfsmenn að bílstjórum meðtöldum. Þann 30. desember síðastliðinn var hefðbundið áramótakaffi haldið fyrir starfsfólk MS Selfossi. Veittar voru starfsaldursviðurkenningar og starfsmenn sem létu af störfum á árinu kvaddir.

Þeir sem fengu starfsaldursviðurkenningu voru Rúnar Þór Sævarsson og Sigurður Hilmarsson fyrir 20 ár. Reynir Þórisson fékk viðurkenningu fyrir 30 ár og Jónas Lilliendahl fyrir 40 ár. Þeir sem létu af störfum í búinu á síðasta ári eru Unnar Ólafsson eftir tæplega 35,7 ára starf, Elsa Jónsdóttir eftir rúmlega 24 ára starf og Ólafur Jóhannsson eftir rúmlega 8 ára starf. */MHH*



Þrír starfsmenn létu af störfum hjá MS Selfossi á árinu 2019 en þau eru hér ásamt Ágústi, frá vinstri, Ólafur, Unnar og Elsa.



Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri og Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri á Akranesi, við Guðlaugu eftir að verðlaunin höfðu verið afhent. Akraneskaupstaður sótti um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða árið 2017 og fékk 30 milljóna króna styrk til að hefjast handa við verkefnið. Markmið styrkveitingarinnar var að skapa nýtt aðdráttarafl og styrkja þannig uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Mynd / Ferðamálastofa

Ferðamálastofa:

„Guðlaug" fékk umhverfisverðlaunin 2019

Verkefnið „Guðlaug", sem er heit laug í grjótvörn við Langasand á Akranesi, er handhafi umhverfisverðlauna Ferðamálastofu árið 2019.

Verðlaunin voru afhent rétt fyrir jól í blíðskaparveðri við Guðlaugu. Verkið var unnið á árunum 2017–2018 og samanstendur af útsýnispalli, heitri laug og síðan grynnri laug sem nýtur vatns úr yfirfalli efri laugarinnar.

Vel að verki staðið

Mannvirkið er sagt það fyrsta sinnar tegundar hér á landi og fellur vel að þörfum útivistarsvæðisins við Langasand, í miðjum grjótgarði fyrir opnu hafi. Guðlaug er gott dæmi um glæsilega framkvæmd þar sem vel er að verki staðið og áhugi heimamanna og fagaðila á að vanda til verka augljós.

Guðlaug var formlega opnuð 8. desember 2018. Guðlaug nýtur mikilla vinsælda og hafa um 30 þúsund gestir hvaðanæva að heimsótt laugina á þessu rúmlega eina ári. */MHH*



Verðlaununum var fagnað við Guðlaugu þar sem fulltrúar Akraneskaupstaðar, Ferðamálastofu og aðrir sem tengjast verkefninu komu saman.

Einkorna áburður:
Hin fullkomna pakkalausn



Yara áburður er einkorna gæðaáburður. Ekki er hætta á aðskilnaði áburðarefna þar sem öll áburðarefnin eru í hverju korni. Með notkun á einkorna áburði er því tryggð jöfn og góð þekja áburðarefna og fullkomin nýting þeirra til að tryggja gæði uppskerunnar.


Notaðu minni áburð með Yara

Sláturfélag Suðurlands svf. ▪ Fosshálsi 1 ▪ 110 Reykjavík ▪ Sími 575 6000 ▪ yara@yara.is ▪ www.yara.is

Við óskum Gullfosskaffi til hamingju með nýju lífrænu 3ja-þrepa fráveitu hreinsistöðina

Allt fráveituvatn frá þjónustumiðstöðinni við Gullfoss er nú hreinsað samkvæmt ströngustu kröfum EES og Umhverfisstofnunar.







IÐNVER

Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík. Sími 5172220
idnver@idnver.is, www.idnver.is

Stöðin er af gerðinni WPL HiPAF
og annar allt að 4000 gestum á dag
Framleiðandi: **WPL International í Bretlandi**
Seljandi: **IÐNVER ehf**
Ráðgjöf og hönnun lagna og niðursetningar:
VÍÐSJÁ ehf verkfræðistofa

VÍÐSJÁ
VERKFRÆÐISTOFA

FRÉTTIR



Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri í Hörgársveit, Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra og Axel Grettisson, oddviti Hörgársveitar, við undirritun viljayfirlýsingarinnar.

Hörgársveit:

Heimavist Þelamerkurskóla breytt í allt að 9 leiguíbúðir

Fyrsti þáttur í nýju sameiginlegu verkefni Hörgársveitar og ríkisins og snýr að húsnæðisuppbyggingu í sveitarfélaginu felur í sér breytingu á húsnæði að Laugalandi á Þelamörk þar sem áður var heimavist fyrir Þelamerkurskóla en verður breytt í hagkvæmt íbúðarhúsnæði.

Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra og Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri í Hörgársveit, undirrituðu síðla nýliðins árs viljayfirlýsingu um aðkomu stjórnvalda að húsnæðisuppbyggingu í Hörgársveit. Með þessu verkefni er gert ráð fyrir að fjölga megi leiguíbúðum í sveitarfélaginu um allt að níu.

Spennandi kostur að nýta eldra húsnæði

Í tilkynningu frá Stjórnarráðinu segir að fjölga eigi leiguíbúðum í sveitarfélaginu en mikill skortur hefur verið á húsnæði í Hörgársveit um lengri tíma meðal annars vegna nálægðar við Akureyrarbæ, þar sem mikill vöxtur hefur verið undanfarin ár. „Það er spennandi kostur að nýta húsnæði sem fyrir er í sveitarfélaginu til þess að fjölga íbúðum í stað þess að láta það standa óhreyft og byggja nýtt, sagði Ásmundur Einar við undirritunina.

Íbúðalánasjóður veitir þriggja milljóna króna þróunarstyrk

Íbúðalánasjóður mun einnig koma að útfærslu verkefnisins og hefur sjóðurinn ákveðið að leggja sveitarfélaginu til þriggja milljóna króna styrk til þróunar þess. Styrkurinn er veittur sem hluti af sérstöku tilraunaverkefni sjóðsins, sem snýr að því að örva húsnæðisuppbyggingu utan suðvesturhorns landsins og bregðast við erfiðu ástandi á húsnæðismarkaði, ekki hvað síst á landsbyggðinni. „Að undanförnu hefur sams konar verkefnum verið ýtt úr vör víða á landsbyggðinni og eru fleiri í farvatninu. Eftir langvarandi stöðnun þykir mér afar ánægjulegt að fylgja þeim úr hlaði á hverjum stað fyrir sig. Ég hef lagt ríka áherslu á að húsnæðisskortur standi ekki atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni fyrir þrifum og bind vonir við að þessar aðgerðir styrki atvinnulíf hringinn í kringum landið," segir Ásmundur Einar. */MÞÞ*

Landgræðslan
RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS
skógræktin

Loftslagsvænn landbúnaður
Námskeið fyrir bændur

Í febrúar verða haldin heilsdags námskeið í loftslagsvænum landbúnaði víða um land. Þar mun bændum og öðrum landeigendum gefast kostur á að efla þekkingu á loftslagsmálum. Farið verður yfir aðgerðir til að draga úr kolefnisspori landbúnaðarins, með breyttri landnýtingu, ræktun, áburðarnotkun og fóðrun, auk kolefnisbindingar. Kennarar á námskeiðinu koma frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Landgræðslunni og Skógræktinni.

Námskeiðsstaðir verða ákveðnir með tilliti til fjölda skráninga á hverju svæði. Mikilvægt er að áhugasamir skrái sig sem fyrst í gegnum heimasíðu RML, rml.is til að hafa áhrif á hvaða námskeiðsstaðir verða fyrir valinu.

Nánari upplýsingar á rml.is og í síma 516-5000

Bændablaðið
Kemur næst út 23. janúar



Ungir sem aldnir í Grímsnes- og Grafningshreppi, ásamt ferðamönnum og sumarbústaðaeigendum, eru duglegir að koma við í versluninni á Borg hjá þeim Björgu og Þórði Inga og versla hjá þeim, hvort sem það er nammi, mjólk, brauð, kjöt eða eitthvað allt annað.
Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Suðurland:

Verslunin á Borg í Grímsnesi opnuð á ný

Það var hátíðisdagur í Grímsnes- og Grafningshreppi laugardaginn 14. desember síðastliðinn því þá var opnuð verslunin á Borg eftir að hafa verið lokuð í marga mánuði.



Mikil ánægja er með opnun verslunarinnar á Borg á ný eftir að hún hafði verið lokuð í fleiri mánuði.

Það er þau Þórður Ingi Guðnason og Björg Ragnarsson sem eiga reksturinn en húsið eiga Svanur Fannberg og Katrín Hjálmarsdóttir, sem eiga Litlu kaffistofuna. Þórður Ingi og Björg búa í Þorlákshöfn en hann vinnur á Sólheimum og hún mun sjá um að standa vaktina í versluninni.

„Við erum mjög ánægð með þær viðtökur sem við höfum fengið enda hefur verið nóg að gera. Heimamenn og ferðamenn sem koma til okkar eru mjög ánægðir með að verslunin hafi verið opnuð á ný," segir Björg.

Hægt er að kaupa allar nauðsynjavörur í versluninni, auk gjafavara og handverks eftir Björgu og vinkonur hennar. Opið er alla daga vikunnar frá kl. 9 til 18 yfir vetrartímann og í sumar verður opið frá klukkan 9 til 22 alla daga vikunnar. */MHH*

Ríflega hundrað hross fórust í fárviðrinu í desember

Nú liggur fyrir að ríflega 100 hross fórust í hamfaraveðrinu sem gekk yfir Norðurland vestra dagana 10.–12. desember 2019. Þetta eru mestu afföll á hrossum í áratugi og svarar til um 0,5% þeirra 20.000 hrossa sem ætla má að hafi verið á útigangi á þessu landsvæði.

Samkvæmt upplýsingum MAST fórust hross á 46 bæjum, þar af 29 í Austur-Húnavatnssýslu (61 hross), 9 í Vestur-Húnavatnssýslu (20 hross) og á 8 bæjum í Skagafirði (22 hross). Oftast var um að ræða eitt til fjögur hross á hverjum bæ, sem gerir að meðaltali 2 hross á bæ. Dreifingin endurspeglar að afföllin verða ekki rakin til óviðunandi aðbúnaðar eða undirbúnings á einstaka bæjum en ljóst má vera að veðrið kom mishart niður á svæðum innan landshlutans. Hross á öllum aldri fórust í óveðrinu; 29 folöld, 34 trippi og 30 hryssur, en einnig drápust 15 hestar, flestir fullorðnir. Hryssurnar voru sömuleiðis í flestum tilfellum í eldri kantinum og því má segja að elstu og yngstu aldurshóparnir hafi orðið verst úti í óveðrinu.



Magnús Ásgeir Elíasson, bóndi á Stóru-Ásgeirsá í Víðidal, var meðal þeirra sem misstu hross í óveðrinu.

Algengast var að hross hefði hrakið undan veðri í skurði, girðingar eða aðrar hættur en einnig fennti hross sem stóðu í skjóli, þ.m.t. hross sem rekin höfðu verið sérstaklega í skjól og gefið þar. Dæmi voru um tveggja metra snjódýpt niður á hraun, en gríðarlegir skaflar mynduðust hvar sem skjól var að finna. Almennt séð var harðara á hrossum á jörðum nærri ströndinni á meðan hross sem stóðu hærra í landinu sluppu mun betur, líklega vegna þess að þar var kaldara og ekki hlóðst á þau ís með sama hætti.

Afar óvenjulegt er að saman fari svo hart norðanáhlaup með mikilli úrkomu og hitastigi við frostmark. Veðurskilyrðin leiddu til þess að slydda lagðist á hrossin og fraus þar. Hrossin urðu klömbruð og þung sem gerði þeim erfiðara fyrir að standa af sér þá langvarandi stórhríð sem á eftir fylgdi þar sem veðurhæðin náði styrk fellibyls á köflum. Skjól kom ekki að gagni þar sem aðstæður voru verstar og átti það jafnt við um manngerða skjólveggi og náttúrulegt skjól. Hross voru alla jafna í góðu standi fyrir áhlaupið enda hafði haustið verið hagfellt hrossum á útigangi. */HKr.*

VERTU ALLTAF
MEÐ RÉTTU GRÆJURNAR!

GÖNGULJÓS
LEITARLJÓS
ÖRYGGISLJÓS
TALSTÖÐVAR
VINDHRAÐAMÆLAR
HITAMYNDAVÉLAR



...VIÐ **MÆLUM** MEÐ ÞVÍ **BESTA**


ÍSMAR
SÍÐUMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5100 / ISMAR.IS

SMÁHÝSI - 40 M²

NÝR VALKOSTUR - SMÁHÝSI ÚR STÁLGRIND

5 X 8 M - ÓEINANGRAÐ SMÁHÝSI - 1.260.000 KR. M/VSK.
5 X 8 M - EINANGRAÐ SMÁHÝSI - 1.620.000 KR. M/VSK.

Smáhýsi úr Z - stálgrind. Fæst með tvenns konar klæðningum. Stærð grunngerðar er 5 x 8 m / 40 m². Vegghæð 2,8 m. Stærð á hurðargati 3 x 2,5 m.



EINFÖLD HÚS - AUÐVELD UPPSETNING

Pantanir staðfestar í janúar eru til afgreiðslu í mars 2020

GRÓÐURHÚS
10% afsláttur af öllum pöntunum í janúar



VORIÐ ER HANDAN VIÐ HORNIÐ!

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

TÖLVUPÓSTUR
sala@bkhonnun.is
SÍMI
865-9277
VEFFANG
www.bkhonnun.is

Bændablaðið *Auglýsingar* **56-30-300**

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir
420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

Tilboð aðeins í janúar

INNIFALIÐ :

GRAFSKRIFT
LUGT, VASI OG FUGL/AR (kopar eða grátt)
UPPSETNING Á N-LANDI OG
HÖFUÐBORGARSVÆÐI
FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND
GEYMUM STEINA FRAM Á SUMAR EF ÓSKAÐ ER



stærðir: sökkull 80x35 steinn 50x70
Hægt að setja 2 nöfn
103M SVARTUR - 280.000



stærðir: sökkull 150x30 steinn 60x100
Val um brotna kanta eða slétta / póleraða
101 SVARTUR - 449.000

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is minnismerki.is

STEKKUR

Rósir

Í þessum fyrsta stekk ársins langar mig að lyfta andanum í skammdeginu og fagna því að sólin sé farin að hækka á lofti með því að fjalla um rósir. Rósir eru með elstu ræktunarplöntum í heimi og vinsældir þeirra aukast sífellt.

Ný ræktunarafbrigði bætast í hópinn á hverju ári og fjöldi gamalla afbrigða er eftirsóknarverður. Tæplega 200 tegundir tilheyra ættkvíslinni Rosa en undirtegundir, blendingar og yrki skipta þúsundum.

Ekkert blóm á sér lengri eða skrautlegri sögu og rósin. Samkvæmt rituðum heimildum hófst rósaræktin í Kína og þar í landi eru til 5.000 ára gamlar rósaskrár. Rómverjar höfðu mikið dálæti á rósum og ræktun þeirra breiddist hratt út á yfirráðasvæði þeirra. Rómaraðallinn notaði rósir til skrauts við hátíðleg tækifæri, til lækninga og sem ilmgjafa og í Róm var stór rósagarður.

Á 17. öld nutu rósir mikilla vinsælda og rósavatn þótti allra meina bót. Vinsældir rósanna voru svo miklar að þær voru notaðar sem gjaldmiðill. Jósefína, eiginkona Napóleons, safnaði rósum og átti stóran garð skammt frá París. Franski myndlistarmaðurinn Pierre-Joseph Redoute notaði rósir úr garði Jósefínu sem fyrirmyndir í bók sína, „Les Roses“, sem er talin ein best myndskreytta garðyrkjubók allra tíma.

Rósarækt í Evrópu breytist mikið í lok 19. aldar þegar rósir fóru að berast frá Kína. Flestar ræktaðar rósir nú til dags eiga uppruna sinn í samruna tegunda frá þessum tveimur heimsálfum. Kínversku rósirnar höfðu það fram yfir þær evrópsku að blómstra oft yfir sumarið og voru þær því kærkomin viðbót við gömlu evrópsku rósirnar. Evrópskir garðyrkjumenn komust fljótt upp á lagið með að æxla saman blómviljugum kínverskum rósum og harðgerðum rósum frá Evrópu sem stóðu hinum eldri miklu framar hvað varðar blómastærð og blómgunartíma.

Rósir dafna best í skjóli og á sólríkum stað. Jarðvegurinn þarf að vera djúpur, næringarríkur, vel framræstur og jafnvel þurr. Heppilegt sýrustig fyrir rósir er á bilinu 5,5 til 6,0. Bil á milli rósa fer eftir stærð þeirra en hæfilegt bil á milli runnarósa er 80 til 100 sentímetrar svo rósirnar fái að njóta sín. Gott er að bleyta rótina vel fyrir gróðursetningu og ef um ágrædda rós er að ræða þarf að planta henni þannig að ágræðslustaðurinn sé um 10 sentímetrar ofan í jörðinni. Ekki er ráðlagt að bera mikið á rósir í einu heldur dreifa áburðargjöfinni yfir vaxtartímabilið, gefa lítið í einu og helst að nota lífrænan áburð.

Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum er rósum skipt í þrjá meginflokka með fjölda undirflokka. Nöfn meginflokkanna segja ágætlega til um hvers konar rósir tilheyra þeim. Þeir eru: Villirósir, antikrósir eða gamlar garðarósir, og nútímarósir.

Til einföldunar er rósum oft skipt í flokka eftir vaxtarlagi í runna-, beð- og þekjurósir og klifurrósir. Runnarósir eru harðgerðar rósir sem eru yfir metra á hæð. Beð- og þekjurósir eru þokkalega harðgerðar, undir einum metra að hæð og geta verið skriðular. Klifurrósir eru viðkvæmastar og þurfa stuðning eða klifurgrind á móti sól til að dafna. */VH*

NYTJAR HAFSINS



Gaddþvari er með sérkennilegri rækjutegundum á Íslandsmiðum. Mynd / Ingibjörg G. Jónsdóttir

Um 25 rækjutegundir finnast á Íslandsmiðum



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Fjöldi rækjutegunda lifir á Íslandsmiðum. Hér má nefna tegundir eins og gaddþvara, órækju, ísrækju og sabinsrækju. Þær finnast ekki í miklu magni og reyndar eru þær ekki allar fýsilegar til átu.

Um fjögur þúsund rækjutegundir hafa verið greindar í heiminum. Flestar rækjurnar eru í sjó en þær halda sig einnig í fersku vatni. Rækjur eru yfirleitt botnlægar tegundir og þær hafa veiðst allt niður á sex þúsund metra dýpi. Sumar þeirra kunna einnig vel við sig á grynnra vatni. Fáar af þessum tegundum eru nýttar til manneldis eða um þrjú hundruð. Árið 2016 var heimsaflinn í rækju um 3,5 milljónir tonna.

Rækjur eru misstórar, frá nokkrum millimetrum upp í nokkra tugi sentimetra.

Rækjur gegna stóru hlutverki í fæðukeðjunni en þær eru mikilvæg fæða margra sjávartegunda.

Veiðast flestar í rannsóknaleiðöngrum

Á síðasta ári gaf Hafrannsóknastofnun út samantekt um rækjutegundir sem fundist hafa á Íslandsmiðum og verið greindar til tegundar í gagnagrunni Hafró. Höfundar eru Ingibjörg G. Jónsdóttir, rækjusérfræðingur Hafró, og Agnes Eydal líffræðingur.

Í gagnagrunni Hafrannsóknastofnunar eru skráðar 25 rækjutegundir sem fundist hafa við Ísland. Ingibjörg sagði, er rætt var nánar við hana, að væntanlega væru fleiri tegundir á Íslandsmiðum þótt þær hefðu ekki komið fram eða verið greindar ennþá. Þær rækjur sem hafa verið skráðar hafa fengist í rannsóknaleiðöngrum Hafró. Þá hafa sjómenn sent Hafró framandi rækjutegundir sem þeir hafa rekist á. Listi yfir rækjur á Íslandsmiðum er birtur með þessari grein og eins og sjá má þar eru mörg nafnanna skemmtileg.

Stóri kampalampi ekki stærstur


Rækjurnar hér við land eru mjög misjafnar að stærð, allt frá 2–3 sentímetrum í heildarlengd og upp í ríflega 30 sentímetra. Aðeins ein rækjutegund, stóri kampalampi, er nýtt á Íslandsmiðum sem kunnugt er. Þótt tegundina megi finna allt í kringum landið þá eru helstu veiðisvæðin norður af landinu og inni á fjörðum vestan- og norðanlands.



Ingibjörg G. Jónsdóttir, rækjusérfræðingur Hafrannsóknastofnunar.



Ísrækja. Hún er mikilvæg fæðutegund fyrir þorsk og grálúðu fyrir norðan land. Mynd / Ingibjörg G. Jónsdóttir



Rækjur í skjóli hjá sæfíflum. Mynd / Hafrannsóknastofnun

Stóri kampalampi er ekki stærsta rækjutegundin við Ísland eins og halda mætti í fljótu bragði. Hann getur orðið um 10 sentímetrar að heildarlengd og stærsta rækjan veiðist á Dohrnbanka milli Íslands og Grænlands. Nokkrar tegundir eru stærri en stóri kampalampi, til dæmis órækja og skarlatsrækja. Órækjan getur náð allt að 20 sentímetrum í heildarlengd og skarlatsrækjan yfir 30 sentímetrum. Órækjan er sviflæg rækjutegund og finnst víða um heim. Við Ísland hefur hún greinst í mögum á þorski, djúpkarfa og háfategundum. Hún er rauðleit og glær. Glerrækja er samheiti yfir órækju og aðra tegund sem nefnist tannarækja.

Ísrækjan áhugaverð

Ingibjörg var spurð hvort henni þætti ein rækjutegund hér við land vera áhugaverðari en önnur. Hún sagði að ísrækjan væri einmitt tegund sem gaman væri að fylgjast með. Hún sést mikið í magasýnum, sérstaklega í þeim fiskum sem veiðast sem meðafli við stofnmælingu á rækju á sumrin. Þetta er lítil rækja og verður varla mikið stærri en 6 sentímetrar. Hún er áberandi rauðleit og mjúk viðkomu. Hún er víða í Norður-Atlantshafi og einnig norðarlega í Kyrrahafi. Ísrækja er djúpsjávartegund og heldur sig hér við land mikið á um 800 metra dýpi. Ísrækjan er mjög fituríik. Um 44% af þurrvigt hennar er fita þannig að hún er ákaflega góð næring fyrir ýmsar fisktegundir.

Má nýta fleiri tegundir?

Ingibjörg var spurð hvort unnt væri að nýta fleiri rækjutegundir hér við land en stóra kampalampa. „Það bendir fátt til þess. Við fáum allar þessar rækjur í mjög litlum mæli nema ísrækjuna. Hún er hins vegar svo fiturík að ég held að hún henti alls ekki til manneldis. Hugsanlega mætti veiða hana til að nýta í dýrafóður. Hins vegar er ekki vitað hvað stofninn er stór. Ísrækjan getur þó verið í mjög miklu magni einkum í Norðurkantinum norður af Vestfjörðum og Húnaflóa. Á vissum tímum geta fiskarnir þar verið stútfullir af ísrækju eingöngu. Segja má að það sé veisla hjá þeim því þeir troða sig út líkt og þegar þeir komast í loðnu,“ sagði Ingibjörg. Hún bætti því við að yfirleitt væru aðrar rækjutegundir ekki stór hluti af fæðuvali fiski.

Litli kampalampi veiddur við Kanada

Fram kom hjá Ingibjörgu að hér við land væru tvær rækjutegundir sem veiddar væru til manneldis annars staðar. Um er að ræða litla kampalampa og sandrækju. Litli kampalampi er líkur stóra



Stóri kampalampi er eina rækjutegundin sem nýtt hefur verið við Ísland. Hér er kvenrækja með hrognasekk undir kvið, en stóri kampalampi lifir fyrstu ár sín sem karldýr en skiptir svo um kyn. Mynd / Hafrannsóknastofnun

kampalampa en eins og nafnið gefur til kynna er hann mun minni. Hann lifir á grunnu vatni og í köldum sjó og kemur sem meðafli við rækjuveiðar en þó ekki í miklu magni. Litli kampalampi er veiddur við Kanada.

Sandrækja nýjasta tegundin hér

Sandrækja greindist hér við land í fyrsta sinn vorið 2003 við sýnatöku á skarkolaseiðum við Álftanes á vegum Hafró. Hún er jafnframt nýjasta rækjutegundin sem finnst hér við land. Væntanlega hefur hún borist hingað með kjölvatni skipa. Sandrækjan lifir mjög grunnt í Faxaflóa en hún hefur einnig fundist við Vestfirðina og víðar. Rannsóknir benda til þess að fjöldi hennar sé að aukast.

Sandrækja er veidd í töluverðum mæli í Norðursjó. Ársaflinn þar hefur verið milli 30 og 40 þúsund tonn undanfarin ár

Nýtur góðs af sæfiflum

Lífshættir rækjutegunda eru breytilegir. Ein tegund, pólrækja, er áhugaverð en hún lifir í samlífi við sæfifla. Þetta er lítil rækja sem verður iðulega ekki stærri en 6 til 7 sentímetrar að lengd. Hún er kubbsleg með kúptan skjöld. Hún hefur aðallega fundist úti af Vestfjörðum. Pólrækjan heldur sig gjarnan nálægt sæfiflum sem veita henni skjól. Hún liggur á botninum og beinir hausnum frá sæfiflum. Þegar hann fær sér að borða nýtur rækjan einnig góðs af molunum sem falla frá honum á botninn. Þess má geta að sæfiflar eru frumstæð sjávardýr, skyldir kórölum. Þeir eru fastir við botninn og hafa arma sem teygja sig upp eins og opið blóm. Þaðan fá þeir nafnið. Þeir grípa bráðina með örmunum og lama hana með stingfrumum. Síðan stinga þeir bráðinni ofan í kokið og hreinsa frá allt sem er ætilegt. Loks skila þeir úrganginum aftur út um sama opið.

Skráðar rækjutegundir

Hér á eftir fer listi yfir þær 25 rækjutegundir sem skráðar hafa verið í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar.

- ***Axarrækja***
- ***Gaddarækja***
- ***Gaddþvari***
- ***Glæsirækja***
- ***Hrossarækja***
- ***Ísrækja***
- ***Kampalampabróðir***
- ***Litla hrossarækja***
- ***Litli kampalampi***
- ***Litli þvari***
- ***Marþvari***
- ***Noregsrækja***
- ***Órækja***
- ***Pálsrækja***
- ***Píslrækja/smárækja***
- ***Pólrækja***
- ***Sabinsrækja***
- ***Sandrækja***
- ***Skarlatsrækja***
- ***Stóri kampalampi***
- ***Strandrækja***
- ***Tannarækja***
- ***Tröllarækjubróðir***
- ***Tröllarækja***
- ***Þornrækja***

Bændablaðið
Auglýsingar 56-30-300



Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjaþjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klið.
Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum rafhlöðum. Heyrnartækni hefur um árabil veitt þjónustu víðs vegar á landsbyggðinni. Í janúar bjóðum við upp á heyrnarmælingar, ráðgjöf og þjónustu á eftirfarandi stöðum:

Akranes | Akureyri | Blönduós | Borgarnes | Egilsstaðir | Reykjanesbær
Saurárkrókur | Siglufjörður | Selfoss

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880





HROSS & HESTAMENNSKA



Glæsilegur hópur afreksknapa Léttis í barna og unglingaflokkum sem heiðraðir voru í hófinu. Myndir / Hestamannafélagið Léttir

Hestamannafélagið Léttir:

Afreksknapar í flokki barna og ungmenna

Sandra Björk Hreinsdóttir var útnefnd afreksknapi Hestamannafélagsins Léttis í barnaflokki í hófi sem efnt var til á dögunum. Í öðru sæti varð Áslaug Lóa Stefánsdóttir og Heiða María Arnardóttir í því þriðja.

Allar áttu þessar stúlkur góðu gengi að fagna á liðnu ári og þótt aldur þeirra sé ekki hár eru þær nú þegar komnar með þó nokkra reynslu í keppni. Þær stóðu sig einnig allar vel á árinu 2019 og þykja miklir efnisknapar.

Afreksknapi Léttis í unglingaflokki er Egill Már Þórsson, Margrét Ásta Hreinsdóttir varð í öðru sæti og Auður Karen Auðbjörnsdóttir í þriðja. Öll þrjú áttu góðu gengi að fagna á liðnu ári og miklar væntingar til að framhald verði þar á.

Í hófinu var einnig tilkynnt um titilinn gæðingaknapi ársins 2019 í barna- og unglingaflokkum hjá Létti en Emla Lind Ragnarsdóttir hlaut titilinn í barnaflokki og Margét Ásta Hreinsdóttir í unglingaflokki. */MÞÞ*



Gæðingaknapar ársins 2019 hjá Létti. Frá vinstri: Embla Lind Ragnarsdóttir í barnaflokki og Margrét Ásta Hreinsdóttir í unglingaflokki.



Afreksknapar Léttis í barnaflokki 2019. Frá vinstri: Sandra Björk Hreinsdóttir, afreksknapi Léttis 2019 í barnaflokki. Áslaug Lóa Stefánsdóttir sem varð númer 2 og Heiða María Arnardóttir númer 3.

Bændablaðið

Kemur næst út 23. janúar

Blaðinu er dreift í 32 þúsund eintökum
á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi


Smáauglýsingar 56-30-300

Tímarit Bændablaðsins verður gefið er út í tengslum við búnaðarþing Bændasamtaka Íslands 2020 og kemur það út 1. mars
– Auglýsingapantanir má senda á netfangið: gudrunhulda@bondi.is



Afreksknapar Léttis í unglingaflokki. Frá vinstri: Margrét Ásta Hreinsdóttir sem var í öðru sæti. Þá Egill Már Þórsson sem var afreksknapi Léttis 2019 í unglingafokki fjórða árið í röð og lengst til hægri er Auður Karen Auðbjörnsdóttir sem lenti í þriðja sæti.

UTAN ÚR HEIMI



Ástralía brennur

Gróðureldarnir í kjölfar mikilla þurrka í Ástralíu eru gríðarlegir og um leið og einir eldar eru slökktir hafa nokkrir aðrir kviknað. Þúsundir manna eru á flótta undan eldunum og ótölulegur fjöldi dýra hefur drepist af þeirra völdum. Talið er að rúmlega 48,5 þúsund ferkílómetrar lands hafi orðið eldinum að bráð.

Eldarnir í Ástralíu, sem eru mestir í kjarr- og skóglendi, loga nánast um álfuna alla en eru mestir í New South Wales-, Victoria- og Queensland-héruðum. Eldarnir hafa vaxið hratt í kjölfar eins mesta þurrka- og hitatímabils í Ástralíu í manna minnum þar sem hitamet hafa verið slegin og ekki rignt í nokkra mánuði.

Þúsundir manna eru á flótta undan eldunum og þúsundir slökkviliðsmanna og sjálfboðaliða berjast við hann. Eldtungurnar þar sem þær eru mestar eru sagðar ná 70 metra í loftið. Þykkur reykur liggur í loftinu og haft hefur verið eftir íbúum þar sem kófið er mest að loftið sé mettað og það eins og að reykja marga sígarettupakka á dag að anda því að sér. Að minnsta kosti 23 hafa látist vegna eldanna.

Ástralski herinn leggur einnig sitt af mörkum og hafa Ný-Sjálendingar einnig sent slökkviliðs- og hermenn til Ástralíu og ríkisstjórn Papúa Nýju Gíneu hefur einnig boðist til að senda herlið til að aðstoða í baráttunni við eldinn.

Líf manna og dýra í hættu

Þurrkarnir og eldarnir í kjölfar þeirra hafa haft gríðarleg áhrif á dýralíf í álfunni og fjöldi dýra sem hafa drepist vegna þeirra óteljanlegur. Jafnvel er talið að eldarnir hafi útrýmt tegundum sem bundnar eru við ákveðin búsvæði og hafa orðið eldinum að bráð.

Skemmdir á gróðri eru einnig miklar, sérstaklega þegar kemur að gömlum trjám. Runnagróður mun aftur á móti ná sér fljótt aftur þar sem í sumum tilfellum þarf elda til að grisja gróðurinn og til að fræ spíri.

Stjórnvöld gagnrýnd

Scott Morrison forsætisráðherra og stjórnvöld í Ástralíu hafa verið harðlega gagnrýnd innanlands fyrir að hafa ekki gripið fyrr til ráðstafana vegna mikilla þurrka undanfarinna mánaða og síðan eldanna í kjölfar þeirra.

Morrison, sem hefur opinberlega afneitað hlýnun jarðar af mannavöldum, er sagður hafa stungið hausnum í sandinn og neitað að hafa horfst í augun við staðreyndir og alvarleika málsins.

Gróðureldar víða um heim

Síðastliðin tvö ár hafa gróðureldar geisað víða um heim. Árið 2018 er talið að eldar hafi logað á rúmlega 8 þúsund ferkílómetra svæði í Kaliforníu og á síðasta ári er talið að tæplega 9 þúsund ferkílómetrar skóglendis hafi orðið eldi að bráð í Amason-regnskógunum. Á síðasta ári loguðu líka miklir eldar í Síberíu sem náðu yfir rúma 27 þúsund ferkílómetra. Þrátt fyrir að allt séu þetta miklir eldar sem náð hafa yfir stór svæði og valdið gríðarlegu tjóni eru þeir smáir miðað við gróðureldana sem geisa í Ástralíu um þessar mundir og áætlað er að hafi farið yfir rúma 48,5 þúsund ferkílómetra með skelfilegum afleiðingum fyrir menn, dýr og gróður.

Eldarnir í Kaliforníu vöktu mikla athygli þar sem þeir brunnu í nágrenni við íbúabyggð og ollu talsvert miklu tjóni í byggð. Eldar í Amason vekja yfirleitt mikla athygli enda nátengdir barátttunni við ólöglegt skógarhögg og nautgriparækt í Suður-Ameríku. Skógareldarnir í Síberíu áttu sér stað á afskekktum svæðum í Norður-Rússlandi þar sem er lítil byggð og ekki er vitað til að þeir hafi valdið tjóni á mannvirkjum.

/VH



ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Greiðum 30.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma 581-4138.

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

Gámurinn er þarfaþing



Til leigu eða sölu:

- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

FRÉTTASKÝRING

Mikill vandi í bandarískum landbúnaði:

Skuldir aldrei meiri og gjaldþrotameðferðum hefur fjölgað um nær fjórðung milli ára




Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Gjaldþrotum í bandarískum landbúnaði fer fjölgandi samkvæmt samantekt Skrifstofu samtaka bandarískra bænda [American Farm Bureau Federation - AFBF] sem birt var í lok síðastliðins októbermánaðar. Hafði „gjaldþrotum“ samkvæmt kafla 12 í gjaldþrotalögum [Chapter 12 bankruptcies] þar ytra þá fjölgað um 24% á milli ára.

Fjölgun gjaldrotameðferða í landbúnaði vekur ugg í Bandaríkjunum þó gjaldþrot hafi ekki náð því hámarki sem var a níunda áratug síðustu aldar. Ástæður fjölgunar gjaldþrota eru margvíslegar en óáran í veðurfari, ýmist með langvarandi þurrkum eða flóðum þar sem ekki tókst að sá í umflotna akra, spila þar stóra rullu. Önnur ástæða eru aðgerðir bandarískra stjórnvalda í formi tollastríðs við Kína og fleiri ríki.

Í úttektinni er vísað í tölur landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna (USDA) þar sem gert var ráð fyrir að framleiðslutekjur bænda yrðu um 88 milljarðar dollarar á árinu 2019, sem eru mestu tekjur síðan 2014 þegar þær voru um 92 milljarðar dollara. Það er samt 29% lægri tekjur en metárið 2013. Þessar upphæðir eru þó leikur að tölum því að af 88 milljarða dollar tekjum á árinu 2019 eru nærri 40%, eða um 33 milljarðar dollara í formi aðstoðar vegna óáran í landbúnaði af ýmsum toga.





Fjölgun gjaldrotameðferða í landbúnaði vekur ugg í Bandaríkjunum.

Með 516 milljarða dollara lán

Samhliða lægri tekjum og meiri opinberrar aðstoðar þá hafa skuldir aldrei verið meiri en á árinu 2019 eða 416 milljarðar dollara. Þar af eru 256 milljarðar dollara fasteignatryggðar veðskuldir og 159 milljarðar dollara eru óveðtryggðar skuldir. Hinsvegar standa stórbú undir tæplega helmingi af landbúnaðarframleiðslu Bandaríkjanna og þau hafa sum hver verið að gera það gott. Hjá þeim er búist við 9% tekjuaukningu að meðaltali á árinu 2020.

Lenging lána og lágir vextir duga ekki til

Samkvæmt gögnum seðlabanka Kansas hefur stöðugt verið að teygjast á endurgreiðslutíma lána. Meðal endurgreiðslutími óveðtryggðara lána er nú kominn í 15,4 mánuði á meðan endurgreiðslutími lána sem tryggð eru í fóðruðum gripum (eins og mjólkurkúm) eru 13 mánuðir



18 mánuðir í öðrum gripum. Þá eru veltulán tengd uppskeru og fóðrun að meðaltali með 11,5 mánaða endurgreiðslutíma sem er það lengsta sem sést hefur. Þannig eru bændur stöðugt að lengja í endurgreiðslutíma rekstrarlána og hefur það haldist nokkuð í hendur við lækkandi vexti á markaði. Lægri vextir hafa samt ekki dugað til að halda bændum á floti.

Samhliða því að skuldastaða bandaríkra bænda hefur aldrei verið verri þá hefur greiðslustöðvunum samkvæmt kafla 12 í gjaldþrotalögum verið að fjölga. Frá september 2018 til september 2019 voru 580 býli tekin í gjaldþrotameðferð sem er aukning upp á 24% á milli ára. Það er jafnfram mesta gjaldþrotameðferðartíðni síðan 2011 þegar 676 býli voru tekin til meðferðar dómstóla.

Mikill munur er á fjölda gjaldþrotatilfella eftir ríkjum í Bandaríkjunum. Voru gjaldþrotatilfellin flest í Wisconsin eða 48 og 37 í Georgíu, Nebraska og Kansas. Í Iowa, Kansas, Maryland, Minnesota, Nebraska, New Hampshire, Suður Dakota, Wisconsin og Vestur Virginíu voru gjaldþrotatíðnin í öllum tilvikum yfir tíu ára meðaltali.

Aukningin milli ára var mest í Oklahoma eða um 14 býli. Aukningin nam 12 býlum í Georgíu, 11 í Kalifornía og 10 í Iowa og Kansas. Hlutfallslega mesta aukningin var í Oklahoma eða úr 2 árið 2018 í 17 fram til september 2019.

Verst í miðvesturríkjunum

Yfir 40% gjaldþrotabeiðna eða 255 voru í 13 ríkjum í miðvesturríkjum Bandaríkjanna. Var það 13% aukning á milli ára. Næst komu suðaustur-ríkin með 118 gjaldþrotameðferðarbeiðnir sem var 31% aukning á milli ára.

Stáltollastríð Trump við Kína og Mexíkó sagt hafa stórskaðað bandaríska landbúnað:

Fjölskyldubú í New York ríki leggja upp laupana hvert af öðru

– Kúabændur á minni búunum eiga vart lengur fyrir nauðþurftum og sækja um matarmiða

Bandaríska stórblaðið The Washington Post sagði í undirtitli blaðhaussins á öðrum degi jóla að svartnættið væri að drepa lýðræðið. Í fyrirsögn greinar um bandaríska landbúnað segir einnig að í landi Trump sé svo komið að fjölskyldubúin þurfi að reiða sig á neyðaraðstoð.

Þetta er ansi mikið á skjön við fréttir af auknum þrótti bandaríska hagkerfisins eftir valdatöku Trump stjórnarinnar. Virðist sá aukni þróttur einkum ná til iðnfyrirtækja, en um leið vera m.a. á kostnað bandarísks landbúnaðar.


Í grein eftir Annie Gowen er dregin upp dökk og dramatísk jólamynd af lífsbaráttu alþýðufólks og bandarískum landbúnaði. Mynd / UDIM

Í grein eftir Annie Gowen er dregin upp dökk og dramatísk mynd af lífsbaráttu alþýðufólks og bandarískum landbúnaði. Lýst er erfiðleikum bóndakonunnar Anne Lee við að brauðfæða sjömanna fjölskyldu sína í Berkshire í New York ríki. Til þess hefur hún einungis úr 175 dollurum að spila á mánuði. Hún velti fyrir sér hvort hún ætti að bjóða upp á kjúklinganúðlusúpu, en ákvað að bjóða upp á kjúkling í kexi (Chicken in a Biskit pakkamat) þar sem í því væri meiri magafylling. Anne Lee er sögð þekkja afsláttartilboð matvöruverslana mjög vel eins og á tómatamauki með chili á 1 dollar dósin og kartöflunaggar (tots) á 1,69 dollara pokinn.



Ekki er það kræsilegt fæðið sem kúabóndinn Anne Lee segist verða að bjóða fjölskyldunni upp á vegna fjárhagsvandræða í búrekstrinum. Ódýr dósamatur af útsölum, verksmiðjuframleiddir kartöflunaggar og kex með kjúklingabragði.

„Ég vildi að ég gæti gert lasagna, en það er of dýrt,“ segir Anne Lee. Enda kosta 250 grömm af osti á lasagne 2,49 dollara. Ferskt grænmeti er líka dýrt, nema kannski laukur og kartöflur í pokum. Það er jafnvel líka spurning um hvort Anne hafi efni á að kaupa ávexti.

Í miklum vanda þrátt fyrir afskriftir

Anne Lee og eiginmaður hennar Andy tóku við kúabúi foreldra hans á 123 hektara jörð (305 ekrum) árið 2013. Þau eru nú með 65 mjólkandi kýr í fjósi. Eftir að Trump stjórnin lagði upp í viðskipta- og tollastríð við erlend ríki féll verð á mjólkurvörum með þeim afleiðingum að eftir situr bú eins og hjá Anne Lee og Andy með 200.000 dollara í skuld og tekjur af mjólkursölunni hafa dregist saman um 4.000 dollara á mánuði. Samt hafa þau gengið í gegnum gjaldþrotameðferð sem



Frá 2012 hefur kúabúum í New York ríki fækkað um 1.100 samkvæmt opinberum tölum.

fól í sér afskriftir með ríkisframlagi (bailout) á 4.100 dollara skuldum.

Í slíkar aðgerðir sem áttu að vera til bjargar illa stöddum bandarískum bændum setti Trumpstjórnin 28 milljarða dollara á landsvísu. Þetta hefur verið gagnrýnt á þeim forsendum að það skapaði fyrst og fremst stórbúunum tækifæri til að sölsa undir sig illa settar bújarðir. Samkvænt rannsókn Environmental Working Group hefur um 60% þess fjár sem fór til að hjálpa bændum í New York ríki runnið til 10 efnuðustu búanna.

Anne Lee er þakklát fyrir stuðninginn sem þau hjón fengu frá ríkinu þó hann dugi hvergi nærri til að halda búinu á floti. Trump er þrátt fyrir allt forsetinn sem Anne Lee og fjöldi miðstéttarfólks og fátækra kaus í kosningunum 2016.

Slæmar afleiðingar af vanhugsuðum aðgerðum

Þessi staða snýst þó ekki bara um flausturslegar og vanhugsaðar aðgerðir Trumstjórnarinnar þó þær hafi sannarlega bætt gráu ofan á svart í alvarlegri stöðu. Raunveruleikinn er sá að offramleiðsla var orðin á mjólkurvörum á heimsmarkaði, m.a. í löndum Evrópusambandsins eftir að framleiðslukvótar voru aflagðir. Neysla á mjólkurvörum hafði einnig verið að minnka í Bandaríkjunum sem líka orsakaði offramboð og verðfall. Það var farið að hafa mjög slæm áhrif á bændur í New York ríki. Frá 2012 hefur kúabúum í ríkinu t.d. fækkað um 1.100 samkvæmt opinberum tölum.

Eftir að Trump-stjórnin setti ofurtolla á stál sem flutt var inn frá Kína og Mexíkó 2018, svöruðu þær þjóðir fyrir sig með innflutningstollum m.a. á kornvörur og mjólkurvörur frá Bandaríkjunum. Kínverjar hafa auk þess farið út í að auka verulega sína mjólkurframleiðslu til að verða sjálfum sér nægir og það mun skaða bandaríska bændur til langrar framtíðar.

Þetta er ekki ósvipað afleiðingum af heimskulegum viðskiptarefsingum sem Evrópusambandið og Bandaríkin fóru í gegn Rússum eftir yfirtöku þeirra á Krímskaga. Það olli því að Rússar ákváðu að tryggja sitt fæðuöryggi og verða sjálfum sér nægir í framleiðslu á landbúnaðarvörum árið 2020. Það hefur gengið eftir og valdið bændum í ESB löndunum stórkostlegu tjóni vegna minni viðskipta við Rússa. Nú er sýnt að það er orðið viðvarandi ástand til frambúðar.

Tollaútspil Trump gagnvart Kína og Mexíkó olli strax 125 milljóna dollara kjaftshöggi fyrir mjólkurbændur í New York ríki samkvæmt áætluðum tölum yfirvalda.

Um hálfur tugur kúabúa í næsta nágrenni við Anne Lee og Andy hafa gefist upp og hætt starfsemi og þau sem eftir heyja harða baráttu fyrir tilveru sinni.

Bændur víða um Bandaríkin berjast í bökkum

Í greininni er sagt að bændur víða um Bandaríkin berjist nú í bökkum og eigi vart fyrir nauðþurftum. Afleiðingin sé stöðug aukning gjaldþrota sem hafi sjaldan verið fleiri. Beiðnum vegna gjaldþrotameðferða hafi fjölgað um 57% frá 2015.

„Það er ætlast til að við brauðfæðum heiminn, en við getum ekki einu sinni boðið upp á mat á okkar eigin borðum," segir Anne í viðtali við The Washington Post.

Sækja um matarmiða

Í október síðastliðnum var staðan á heimilinu þannig að varla var nokkur matarræða eftir á heimilinu. Þá fór Anne að skoða hvað hægt væri að gera og fór að íhuga leiðir sem henni hafði aldrei áður dottið í hug, eins og að biðja um matarmiða og matargjafir. Var hún því að fylla út umsókn um matarmiða sem áður voru kallaðir svo, en ganga nú undir skammstöfuninni „SNAP" sem er stytting á „Supplemental Nutrition Assistance Program" eða verkefni um næringaraðstoð.

„Þetta er það sem neyðin kennir okkur," sagði hún á þá við eiginmanninn.

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS
Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi

RML tekur við verkefnum tölvudeildar BÍ

Frá og með áramótum færðist starfsemi tölvudeildar Bændasamtaka Íslands yfir til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Með breytingunni færist upplýsingatækni og ráðgjöf undir sama hatt.
Útreikningar á kynbótamati, þróun forrita og þjónusta verður framvegis á hendi RML.
Við vonumst til að þjónusta við bændur og aðra notendur verði enn markvissari en áður.
Bændur og aðrir notendur forrita BÍ eru boðnir velkomnir í viðskipti við RML.

Allar upplýsingar um skýrsluhald, forrit og þjónustu er að finna á vefnum rml.is.

Sími: 516-5000
Netfang: rml@rml.is
Vefur: www.rml.is

Síminn hjá RML er opinn kl. 9.00 – 12.00 og 13.00 – 16.00 virka daga.

Netspjall RML er opið kl. 10.00 – 12.00 og 13.00 – 15.00 virka daga.



YAMAHA
SLEÐAVEISLA í janúar

Sidewinder BTX 153
Orginal túrbína. Fjórgengismótor. Fox fjöðrun.
Fullt verð 2.850.000 kr.
Tilboðsverð 2.590.000 kr.
Takmarkað magn.

183 hö

Sleðahjálmur frá Nolan N 100-5 fylgir öllum vélsleðum í janúar.

Sidewinder STX 146
Orginal túrbína. Fjórgengismótor.
Öflugur 2ja manna ferðasleði með hliðartöskum og auka bensíntanki.
Fullt verð 3.040.000 kr.
Tilboðsverð 2.890.000 kr.
Takmarkað magn.

ARCTIC TRUCKS
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK
S: 540 4900
arctictrucks.is
ARCTIC TRUCKS

Lely Center Ísland
GRAFAGRINDUR
GOTT ÚRVAL

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

UTAN ÚR HEIMI

Eurostat og ávaxtaframleiðsla í ESB-löndunum:

Framleiddar voru 6,6 milljónir tonna af appelsínum 2018

Appelsínuuppskera aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) nam 6,5 milljónum tonna árið 2018. Þetta var mesta framleiðsla síðan 2010 og kom meirihlutinn frá Spáni, eða 3,6 milljónir tonn, sem er 56% af heildar appelsínuuppskeru ESB-landanna.

Aðeins örfá ríki Evrópusambandsins hafa heppilegt loftslag fyrir appelsínurækt. Fyrir utan Spán voru helstu framleiðslulöndin Ítalía með1,6 milljónir tonna, eða 24% af heildarframleiðslunni. Síðan kom Grikkland með 0,9 milljónir tonna, eða 14%, að því er fram kemur í nýjum tölum Eurostat sem birtar voru 3. janúar síðastliðinn.

Appelsínur voru ræktaðar á tæplega 274.000 hekturum árið 2018,



Spænskar appelsínur.

en rúmur helmingur alls svæðisins var á Spáni, eða 140.000 hektarar. Á Ítalíu var næsthæsta svæðið undir framleiðslu appelsína, eða 83.000 hektarar, eða 30% af heildinni. Þá kom Grikkland með 32.000 hektara sem er 12% af heildarræktunarsvæði á appelsínum í ESB-löndunum. */HKr.*

DANUBE
Getum við orðið að liði?
Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús,
Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.
Þurrkarar 8-80kg. Þvottavélar 8-120kg.
Strauvélar, hótellín, þvottagrindur, taupokar ofl.
IcePAKTA ehf.
Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Sauðfjárbændur athugið !

Opið er fyrir umsóknir þeirra sem hafa hug á að fækka fé skv. aðlögunarsamningi í sauðfjárrækt (reglugerð 1253/2019, VII. kafli). **Þeir sem njóta opinberra greiðslna vegna sauðfjárræktar geta sótt um hafi þeir áform um að fara út í aðra starfsemi og ætli að fækka ásettu fé um 100 kindur eða meira.** Fjöldi samninga er takmarkaður, en komi til umframeftirspurnar njóta umsækjendur sem hyggjast fara út í verkefni tengd sauðfjárafurðum forgangs, ásamt þeim framleiðendum sem hyggjast hætta sauðfjárbúskap alfarið.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins, FL, tekur við umsóknum, forgangsraðar sé þess þörf og sér um samningagerð við framleiðendur. **Sækja skal um á þar til gerðu eyðublaði sem má nálgast á vefsvæði sjóðsins,** www.fl.is, undir flipanum „AÐLÖGUNARSAMNINGAR Í SAUÐFJÁRRÆKT."

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar n.k.

Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes, **bæði á rafrænu formi** á netfangið fl@fl.is **OG með hefðbundnum pósti.** Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri FL, Sigríður Bjarnadóttir, í síma 430-4300.



Þýsk yfirvöld gáfu þann 30. október grænt ljós á að ljúka byggingu Datteln 4 kolaorkuversins sem er í eigu stórfyrirtækisins Uniper Kraftwerke GmbH.

Stærsta kolaorkuver Þjóðverja verður gangsett næsta sumar

– Fjölmiðlar segja þetta til marks um hroka og hræsni í loftslagsmálum

Samkvæmt fréttum frá Reuters, Frankfurter Allgemeine Zeitung og Tagesspiegel gáfu þýsk yfirvöld þann 30. október grænt ljós á að ljúka byggingu Datteln 4 kolaorkuversins sem er í eigu stórfyrirtækisins Uniper Kraftwerke GmbH og verður það tengt við raforkukerfi Þýskalands.

Þetta er þvert á fullyrðingar um sérlega göfug markmið meðal aðildarþjóða Evrópusambandsins um að draga úr brennslu kola til raforkuframleiðslu. Þessum markmiðum ESB hefur einmitt verið kröftuglega flaggað af sumum stjórnmálaöflum, m.a. á Íslandi, sem telja markmið ESB í loftslagsmálum sérlega áhugaverð til eftirbreytni fyrir Íslendinga.

Áður höfðu þýsk yfirvöld gefið út að þau „íhuguðu" að loka kolaorkuverum með nærri 5 gígawatta raforkuframleiðslu. Þá var jafnframt rætt um að raforkan frá Datteln 4 verinu færi ekki inn á raforkudreifikerfið. Heimild þýskra yfirvalda um að ljúka byggingu þessa orkuvers ómerkir því fyrri vangaveltur og yfirlýsingar, en Þjóðverjar framleiða nú um 40% af sinni raforku með kolum. Skapar sú starfsemi þúsundir starfa í kolaiðnaði sem yfirvöld geta trauðlega horft framhjá, þrátt fyrir orðskrúð um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Í eigu fjölþjóðlegs fyrirtækis

Fyrirtækið Uniper Kraftwerke GmbH, sem er eigandi Datteln 4 kolaorkuversins, er fjölþjóðlegt fyrirtæki með starfsemi í yfir 40 löndum, m.a. í gengum fyrirtæki sitt Unipro í Rússlandi. Uniper, sem er með höfuðstöðvar í Düsseldorf í Þýskalandi, er skráð á hlutabréfamarkaði í Frankfurt, en stærsti hluthafinn er finnska orkufyrirtækið Fortum sem á þar 49,99% hlut.

Verður stærsta kolaorkuver Þýskalands

Áætlað er að Datteln 4 kolaorkuverið sem Uniper er að reisa í Þýskalandi muni kosta um 1,5 milljarða evra. Þetta á að vera mjög fullkomið kolaorkuver með tiltölulega hreinan bruna. Raforkuframleiðslugeta versins verður um 1.052 megawött og verður þar með stærsta kolaorkuver Þýskalands. Auk þess munu 380 MW falla til sem hitaorka til húshitunar. Áætlað er að hægt verði að breyta 413 MW af orkunni í 16,7 Hertz (rið) sem deilt yrði um 110 kílóvolta streng til að knýja rafknúnar járnbrautalestar Deutsche Bahn sem annars ganga á 15 kílóvoltum.



Endurbyggða Moorburg kolaorkuverið í Hamborg.



Trianel kolaorkuverið í Lünen í Norður Rhine-Westphali sem tekið var í gagnið 2013.

Bygging versins hefur staðið yfir síðan 2007 og átti það upphaflega að taka til starfa 2011. Nú er gert ráð fyrir að verið taki til starfa um mitt ár 2020. Er grænt ljós á byggingu versins því vert á yfirlýsingar þýskra stjórnvalda um að hætta framleiðslu raforku með brennslu kola fyrir árið 2038. Enda hafa fjölmiðlar sagt þetta dæmi um hroka og hræsni stjórnvalda í loftslagsmálum.

Endurbætur og uppbygging á fjölda kolaorkuvera

Ný kolaorkuver og endurbætt losa vissulega mun minna af mengandi efnum en eldri kolaorkuver. Í þeim er eigi að síður brennt kolum sem losa mjög mikið af CO_2. Auk byggingar Datteln 4 kolaorkuversins má nefna 750 megawatta Trianel kolaorkuver í Lünen í Norður Rhine-Westphali sem tekið var í gagnið 2013.

Einnig má nefna endurbyggða Moorburg orkuverið í Hamborg sem lokið var við 2015 og skilar 8,7 milljónum tonna af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið á hverju ári.

Þá má nefna Stade orkuverið



MIBRAG Proven kolanáman í austanverðu Þýskalandi sem stóð til að loka 2021, en fóðrar nú m.a. Schkopau kolaorkuverið nærri bænum Halle.

nærri Hamborg sem hannað er af DowDuPont. Einnig endurbætt Schkopau kolaorkuverið nærri bænum Halle í austanverðu Þýskalandi sem er í 58,1% eigu Uniper Kraftwerke og 41,9% eigu Saale Energie GmbH í Schkopau. Það kolaorkuver framleiðir um 5 terawattstundir (TWh) af raforku úr 4,7 milljónum tonna af kolum á ári. Þau kol eru flutt um 40 km leið með járbrautalestum frá MIBRAG Proven kolanámunni sem stóð til að loka 2021. */HKr.*

Svínapestin í Póllandi:

Tíu ný tilfelli veirusmitaðra villisvína hafa komið upp í vesturhluta Póllands

– Þjóðverjar reisa girðingar til að reyna að hefta för villisvína frá Póllandi

Þann 23. desember síðastliðinn bárust þær fréttir frá Póllandi að fundist hafi 10 ný smittilfelli afrísku svínapestarinnar (African Swine Fever - ASF) í vesturhluta landsins. Smit hafa komið upp hjá 237 svínaræktendum í Póllandi. Í tilraun til að hefta för smitaðra villisvína hafa stjórnvöld í Þýskalandi verið að reisa girðingar á landamærunum við Pólland.

Hinn 23. desember tilkynnti pólska heilbrigðiseftirlitið að smitaðir svínaskrokkar hafi fundist á öðrum tug staða og væri heildartalan vegna smittilvika í vesturhluta Póllands komin í 71. Að minnsta kosti 87 villisvín hafa drepist af völdum afrísku svínapestarinnar í vesturhluta Póllands.

Nýjustu smitin fundust á svæði sem þegar var vitað að væri smitað, þannig að heildarfjöldi sýktra svæða hefur ekki breyst. Smitsvæðið er 65 km að breidd að vesturlandamærunum að Þýskalandi og 55 km til norðurs og suðurs. Svæðið nær inn í héruðin Lubusz, Mikla-Pólland (Wielkopolska) og Neðri-Slesíu.



Ursula Nonnemacher, ráðherra neytendaverndar í Þýskalandi, við varnargirðingu sem sett hefur verið upp nærri bænum Guben á landamærum Póllands og Þýskalands. Mynd / Neytendaverndarráðuneytið í Brandenburg í Þýskalandi



Girðingin sem reist hefur verið á landamærum Þýskalands og Póllands til að stöðva för villisvína er 90 sentímetrar að hæð.

Smit hefur komið upp hjá 237 svínaræktendum í Pólllandi

Afríska svínapestin hefur verið til staðar í 5 héruðum í Austur-Póllandi síðan 2014. Hefur smit breiðst út meðal villisvína og borist í svín hjá 237 bændum og bakgarðaræktendum, sem svo eru nefndir samkvæmt frétt á vefsíðu Pig Progress.

Þjóðverjar reisa varnargirðingar

Um miðjan desember voru settar upp nýjar varnargirðingar við þýsk-pólsku landamærin nálægt landamæraborginni Guben, í þýska ríkinu Brandenburg. Þetta er í 35 km fjarlægð frá pólska þorpinu Trzebule, í landamærahéraðinu Lubusz þar sem ASF smit hefur áður fundist.

Horft á allt svæðið milli Frankfurt og Tékklands

Neytendaverndarráðuneytið í Brandenburg sagði að mest áhersla væri nú lögð á að koma í veg fyrir að vírusinn hoppi yfir landamærin og til svæðanna við Spree-Neisse og Oder-Spree sem og til borgarinnar Frankfurt við Oder. Það nær yfir öll landamærin milli Frankfurt við Oder og þaðan í suður til landamæranna við Tékkland, fjarlægð, sem er um 160 km í beinni fluglínu.

Pólsk-þýsku landamærin fylgja hins vegar ánum Oder og Neisse í stórum sveig, þannig að heildarlengd landamæra sem þarf að skoða er talsvert lengri.

Ráðuneytið sagði að tímabundnar girðingar séu 90 cm á hæð og verði áfram hafðar á sínum stað meðan áhættuástand ríkir hinum megin við landamærin. Áætlað er að uppsetning girðinganna kosti um 160.000 evrur. Sveitarfélög munu sjá um framkvæmdina.

Ursula Nonnemacher, ráðherra neytendaverndar í Brandenburgríki, sagðist vona að girðingarnar myndu veita vernd að vissu marki.

Ekkert tilfelli af afrískri svínapest hefur fundist í Þýskalandi hingað til. Ef það gerist munu afleiðingar verða slæmar hvað varðar útflutning á svínakjöti til landa utan ESB. Verðlækkunin á svínakjöti frá sýktum svæðum sem því fylgir mun einnig hafa áhrif í löndum eins og Danmörku og Hollandi, sem bæði flytja út grísi til áframeldis í Þýskalandi. Reyndar eiga danskir bændur mikið undir því þeir hafa verið með öflugt áframeldi á grísum í Póllandi.

Meirihluti allra smitaðra villisvína hefur fundist í Lubuszhéraði, eða 59 dýr. Hefur smituðum dýrum þar fjölgað um 5. Smit á þessu svæði hafa verið í 15 km radíus umhverfis bæinn Konotop.

Fjöldi smitaðra dýra sem fundist hafa í Stóra-Póllandi (Wielkopolska) tvöfaldaðist 23. desember, eða úr 5 í 10. Öll dauð dýr á því svæði fundust innan 10 km frá hvort öðru – og voru einnig innan 25 km frá Konotop í Lubuszhéraði sem er mikilvægasta svínaræktarhérað Póllands.

Í Neðra-Silesíu hafa enn sem komið er aðeins fundist tveir skrokkar af svínum sem drepist hafa af völdum ASF. Þeir fundust 22. og 27. nóvember sl. Báðir fundust þeir innan við 2 km frá landamærum Lubusz-héraðs og um 20 km frá Konotop.

/HKr.



Dauð svín grafin í Indónesíu. Mynd / PHYD.ORG

ASF-veirusýkingin í Indónesíu:

Staðfest að 28.000 svín hafi drepist

Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (World Organization for Animal Health - OIE) staðfesti um miðjan desember síðastliðinn að 28 þúsund svín hafi drepist í Indónesíu úr afrísku svínapestinni (ASF).

Þetta varð ljóst þegar OIE sendi frá sér sína fyrstu uppfærslu um framvindu vírussins til Indónesíu. Í uppfærslunni kom fram að alls hefðu smit fundist á 392 mismunandi búgörðum og hjá bakgarðsræktendum og 28.136 svín hafi drepist. Indónesísk yfirvöld áætluðu að í 34 héruðum væru alls 1,23 milljónir svína. ASF-veiran hefur fundist í 16 héruðum landsins. Fyrsta smittilfellið var dagsett 4. september 2019.

Í nóvember var þegar greint frá því að ASF smit hafi fundist á norðurhluta eyjaklasans. Staðfestu Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) sem og indónesíska landbúnaðarráðuneytið einnig þessi smit.

Í nóvember tilkynntu yfirvöld á Indónesíu einnig um sýkingu á Classical Swine Fever (CSF) í Norður-Súmötru. Þá hafði OIE smit ekki áður verið staðfest þar.

Indónesía er ekki mikið svínaræktarland þar sem meirihluti íbúanna kýs að borða aðrar tegundir af próteini af trúarlegum ástæðum. Engu að síður voru 8,1 milljón svína í landinu árið 2017 samkvæmt upplýsingum frá FAO. */HKr.*

Bændablaðið
Kemur næst út 23. janúar

Lely Center Ísland
SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

FJÓSAINNRÉTTINGAR
DSD DESIRABLE SOLUTIONS FOR DAIRY
DSD fjósainnréttingar sem framleiddar eru í Hollandi eru sérsmíðaðar fyrir íslenskar kýr og hafa þegar sannað gildi sitt í íslenskum fjósum.
Innréttingarnar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga nánast öllum þörfum nútímafjósa.

Hafðu samband:
bondi@byko.is
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

LÍF & STARF



Katrín Ásgrímsdóttir tók fyrstu skóflustungu að nýju 2.000 fermetra gróðurhúsi í lok september. Stefnt er að því að sá í húsinu í apríl. Myndir / Sólskógar

Sólskógar í Kjarnaskógi standa í stórræðum:

Reisa nýtt 2000 fermetra gróðurhús og nokkur smærri að auki

– Framleiðsla hefur vaxið hröðum skrefum á skógarplöntum



Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is

„Við finnum fyrir auknum áhuga á trjáplöntum og einkum og sér í lagi er sá áhugi kveikjan að því að við vinnum að þeirri uppbyggingu sem nú stendur yfir á okkar starfssvæði," segir Katrín Ásgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Sólskóga í Kjarnaskógi við Akureyri.

Fyrirtækið hefur nýverið reist 2.000 fermetra stórt gróðurhús í Kjarnaskógi. Svipað gróðurhús var reist hjá fyrirtækinu árið 2008. Katrín er ásamt eiginmanni sínum, Gísla Guðmundssyni, eigandi Sólskóga. Hjá fyrirtækinu starfa um 10 manns yfir veturinn en þeim fjölgar yfir sumarmánuðina og eru þá um 20 talsins.

Þrjú minni og léttari hús voru reist á liðnu sumri

Framkvæmdir á svæðinu hófust síðasta vetur, en unnið var að deiliskipulagsbreytingum í mars í fyrra og í kjölfar þess var farið í hönnun húsanna, öflun byggingaleyfa og fleira slíkt.

„Við byrjuðum síðan á framkvæmdum hér um miðjan júlí með byggingu á léttari gróðurhúsum, þau eru þrjú talsins og alls um 1.000 fermetrar að stærð. Í kjölfarið, eða í lok september, hófumst við handa við byggingu á stóra húsinu, það er um 2.000 fermetrar að stærð," segir Katrín en byggingu þess lauk um mánaðamótin nóvember desember síðastliðinn.

„Við höfum verið að klára ýmis verkefni, meðal annars lagnir og fleira innandyra. Það er stefnt að því að sá í stóra húsið i byrjun apríl þannig að við stefnum að því að öllu verði lokið í mars. Við gerum svo ráð fyrir að taka minni húsin í notkun í vor eða byrjun sumars," segir Katrín."



Gísli Guðmundsson, eigandi Sólskóga, að störfum við að reisa minna húsið á liðnu sumri.



Sólskógar eiga nú tvö gróðurhús um 2000 fermetra að stærð, sem kemur sér vel í ljósi þess að framleiðsla á skógarplöntum vex ár frá ári.

Við byrjuðum síðan á framkvæmdum hér um miðjan júlí með byggingu á léttari gróðurhúsum, þau eru þrjú talsins og alls um 1.000 fermetrar að stærð. Í kjölfarið, eða í lok september, hófumst við handa við byggingu á stóra húsinu, það er um 2.000 fermetrar að stærð.

Hún segir að út í þessar framkvæmdir sé farið til að mæta aukinni eftirspurn eftir trjáplöntum. Fyrst og fremst framleiði Sólskógar plöntur fyrir Skógræktina, – „en við verðum líka vör við aukinn áhuga hjá fyrirtækjum og einstaklingum og það styrkir okkur í þeirri trú að þessi aukning í framleiðslunni eigi framtíð fyrir sér, hún sé komin til að vera," segir Katrín.

Viðhald á eldri húsum og uppbygging útisvæða


Samhliða uppbyggingu á nýjum gróðurhúsum hefur verið unnið að viðhaldi á þeim eldri og verður eitt þeirra tekið í notkun á komandi vori, þannig að alls bætast við starfsemina um 3.500 fermetrar í gróðurhúsum.

Alls munu Sólskógar því hafa yfir að ráða um 6.500 fermetrum í gróðurhúsum sem skiptist þannig að 5.500 er fyrir skógarplöntur og um 1000 tengjast garðplönturæktun. Á komandi sumri og fram á haust verður einnig bætt við útisvæði fyrir skógarplöntur, alls um 6.000 fermetrum.









Unnið við að reisa nýja gróðurhúsið síðasta haust.

Virðist meiri alvara hjá stjórnvöldum núna

„Mér virðist vera meiri alvara hjá stjórnvöldum en oft áður þegar kemur að því að auka fjármagn til skógræktar," segir Katrín.

„Við fórum af stað með þessar umfangsmiklu framkvæmdir í þeirri trú að erfitt verði fyrir stjórnvöld að vinda af aukinni skógrækt í ljósi skuldbindinga Íslands í loftslagsmálum. Þá gefur aukinn áhugi almennings á skógrækt okkur einnig byr undir báða vængi, en fólk er í auknum mæli að vinna við útplöntun í eigin lönd. Við eigum ekki von á öðru en að almenningur og eins fyrirtæki sem mörg hver sýna skógrækt mikinn áhuga muni veita stjórnvöldum aðhald þegar að þessum málaflokki kemur," segir Katrín en fyrirtækin horfa m.a. til þess að kolefnisjafna starfsemi sína.

„Skógarplöntuframleiðsla okkar hefur verið í miklum vexti og því þurfum við á auknu plássi að halda."

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali



Hóll, Borgarbyggð

Fasteignamiðstöðin Hlíðasmára 117, 201 Kópavogi, sími 550 3000 er með til sölu jörðina Hól Norðurárdal í Borgarbyggð.

Húsakostur á jörðinni er íbúðarhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr frá árinu 1979 stærð 224m^2. Húsið er sambyggt við eldri hluta frá1962 sem er 144m^2. Snyrtilegt hús en hluti af neðri hæð hefur ekki verið full inréttaður. Véla- og verkfærageymsla, 60,5m^2 að stærð, frá árinu 1964 og sambyggð véla/verkfærageymsla, 60,5m^2 að stærð frá árinu 1990. Fjós, 117,3 m^2 að stærð, frá árinu 1971. Mjólkurhús, 17,7 m^2 að stærð, frá árinu 1971. Hlaða, 112,7 m^2 að stærð, frá árinu 1969. Fjárhús, 176,2 m^2 að stærð, frá árinu 1933. Hlaða, 57m^2 að stærð, frá árinu 1938.
Á Hóli hefur verið búið með sauðfé og kýr en í dag er aðeins búið með sauðfé. Vetrarfóðraðar ær eru um 150 og framleiðsluréttur í sauðfé um 135 ærgildi. Bærinn stendur á lágum hól, snertispöl frá suðausturbakka Norðurár. Þeim megin árinnar þar sem er mjó láglendisræma og gott slægjuland. Land Hóls takmarkast að vestan af landi Hafþórsstaða, að sunnan af landi Lundar í Þverárhlíð. Að austan af landi Hárekksstaða og norðan af löndum Dýrastaða og Hvamms um Norðurá og Hólsey, en þar á Hóll góð slægjulönd beggja megi ár svo og engjastykki á Desey. Þessi slægjulönd hafa nú öll verið ræktuð. Gott beitiland er á jörðinni. Hóll á laxveiðirétt í Norðurá og upprekstur á Hellistungur. Landstærð jarðarinnar er um 450 hektarar þar af tæpir 40 hektarar tún.

Áhugaverð jörð að mörgu leiti t.d. fyrir ferðaþjónustu m.a. vegna fjölda herbergja í íbúðarhúsinu og vegna staðsetningar.



Kuldagalli á tilboði

Wenaas kuldagalli gulur/svartur
• Léttur og þægilegur
• Vattfóðraður með rennilás.
• Stærðir: M - 2XL

Verð kr. 6.900,-

KH VINNUFÖT
KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

Lely Center Ísland

KEÐJUR OG KEÐJUVIÐGERÐAREFNI
GOTT ÚRVAL



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið *Smáauglýsingar 56-30-300*



BETRA START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir dráttarvéla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



EXIDE TECHNOLOGIES

Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.

olís | REKSTRARLAND

LEITAÐ ER AÐ ÖFLUGUM OG JÁKVÆÐUM STJÓRNANDA Í KREFJANDI STARF.







FORSTÖÐUMAÐUR LANDGRÆÐSLUSKÓLANS

FORSTÖÐUMAÐUR LANDGRÆÐSLUSKÓLANS BER ÁBYRGÐ Á STJÓRNUN, STEFNUMÓTUN OG REKSTRI SKÓLANS,SEM OG GÆÐUM OG SKIPULAGNINGU NÁMS SEM SKÓLINN STENDUR FYRIR.

Um er að ræða fullt starf með starfsstöð í Reykjavík. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Óskað er eftir að umsókn fylgi ferilskrá yfir menntun og fyrri störf, staðfesting á námi og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknarinnar og sýn sinni varðandi hlutverk og starfsemi skólans.

Sótt er um í gegnum vefsíðu Landbúnaðarháskóla Íslands **www.lbhi.is/storf**

Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar 2020.

UM SKÓLANN

Landgræðsluskólinn hefur gengið undir nafninu Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Frá upphafi árs 2020 starfar skólinn undir hatti UNESCO sem hluti af Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, sem einnig er nefnd GRÓ.

Landgræðsluskólinn er hýstur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og starfar í nánu samstarfi við Landgræðsluna.

Markmið skólans er að þjálfa sérfræðinga sem starfa á stofnunum á sviði landgræðslu og sjálfbærrar landnýtingar í samstarfslöndum skólans í Afríku og Mið-Asíu.

Skólinn er hluti af alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands og er kostaður af opinberum fjármunum utanríkisráðuneytisins til þróunarsamvinnu. Stærsta verkefni skólans ár hvert er 6 mánaða þjálfun á Íslandi fyrir starfandi fagfólk í samstarfslöndunum þar sem mikil áhersla er lögð á hagnýtingu þekkingar.

HELSTU VERKEFNI

+ Stjórnun, stefnumótun og rekstur
+ Samstarf við samstarfsaðila, innanlands og utan.
+ Ábyrgð á vali nemenda frá þróunarlöndum til að taka þátt í árlegri 6-mánaða þjálfun eða MS/PhD námi hér á landi og efla samstarf við viðeigandi samstarfsaðila í samstarfslöndum skólans í Afríku og Mið-Asíu.
+ Ábyrgð á gæðum og skipulagningu náms.
+ Vinna með systurstofnunum á Íslandi (Sjávarútvegsskólanum, Jarðhitaskólanum og Jafnréttisskólanum) og Þekkingarmiðstöð þróunarlanda, sem er sameiginlegur tengiliður skólanna á Íslandi við UNESCO og utanríkisráðuneytið

HÆFNISKRÖFUR

+ Doktors- eða meistaragráða á fagsviðum sem tengjast landgræðslu og sjálfbærri landnýtingu.
+ Stjórnunarreynsla
+ Reynsla af rannsóknum, kennslu eða leiðbeiningarstörfum nemenda á háskólastigi.
+ Gott vald á rituðu og töluðu máli, bæði ensku og íslensku.
+ Reynsla af störfum á alþjóðavettvangi svo sem þróunarsamvinnu æskileg.
+ Mjög góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að vinna með fólki frá mismunandi menningarheimum.
+ Frumkvæði og drifkraftur.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Landgræðsluskólans, **hafdishanna@lbhi.is**

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, **ragnheidur@lbhi.is**

Árni Bragason, Landgræðslustjóri, **arni.bragason@land.is**

United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization

GRÓ LRT Land Restoration Training Programme

UTAN ÚR HEIMI



Norður-Ronaldsay er nyrsta eyjan í Orkneyjaklasanum.

Sauðfé á Orkneyjum:

Lykillinn að vistvænni búskap

Hjá breska ríkisfjölmiðlinum BBC var umfjöllun þann 3. janúar síðastliðinn um sauðfé á Norður-Ronaldsay sem er nyrst í Orkneyjaklasanum norður af Skotlandi. Er talið að þangát fjárins geri að verkum að það losi mun minna af metangasi en jórturdýr sem einungis nærast á grasi.

Um 50 manns búa nú á Norður-Ronaldsay og þar eru 2.000 kindur. Síðan á 19. öld, þegar Eyjamenn byggðu steinvegg til að takmarka hjörðina við ströndina, hefur hún lifað á þangi einu saman – og nú virðist sem þessi sérstaka fæða geti verið lykillinn að því að gera búfjárrækt grænni og loftslagsvænni.

Þetta er í samræmi við rannsóknir sem BBC bendir á og gerðar hafa verið í Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Bandaríkjunum. Áður hefur verið greint frá þeim í Bændablaðinu.



Sauðfé haldið frá túnbeit

Í Bændablaðinu hefur áður verið fjallað um búskaparhætti í þessari eyju þar sem sauðfé er nær eingöngu haft í fjörubeit. Í 17. tbl. Bændablaðsins 2014 var rætt við fjárbóndann og verkfræðinginn Sinclair Scott frá Norður-Ronaldsay, sem þá hélt fyrirlestur á Blönduósi á ráðstefnunni „North Atlantic Native Sheep and Wool Conference“.

Sagði Sinclair m.a. að á North Ronaldsay sé hlaðinn steingarður í kringum nær allt ræktarland eyjunnar. Er kindunum haldið á litlu undirlendi utan garðsins og lifa þær að verulegu leyti á fjörubeit og þangi. Í gegnum tíðina hafa þær aðlagast mikilli fjörubeit, þannig að þeim verður ekki meint af þeirri efnasamsetningu sem í þaranum er sem íslenskar kindur myndu t.d. ekki þola í sama mæli.

Sinclair sagði að um árið 1700 hafi búið á eyjunni um 200 manns. Þar sem jarðnæði var ekki mikið þurfti að nýta allt land sem hægt var undir nautgripi og annan bústofn og þá var ekki eftir neitt pláss fyrir sauðfé. Var því allt ræktarland girt af og mönnum vísað með féð niður í fjöru og á þá litlu grasbala sem þar voru. Það var því fátt annað fóður í boði fyrir sauðfé en þari.




Sinclair Scott, fjárbóndi og verkfræðingur frá Norður-Ronaldsay. Mynd / HKr.

Steinefnainnihald þarans er mjög ólíkt því sem er að finna í grasinu sem var á eyjunni. Grasið inniheldur kopar en þarinn ekki sem getur valdið vandamálum við fóðrun sauðfjár. Eins og menn þekkja á Íslandi þá myndi fé sem lifir mikið á þara fljótlega veikjast af koparskorti og fá það sem kallað er fjöruskjögur. Kindurnar á Norður-Ronaldsay aðlöguðust þessu umhverfi þó á tiltölulega skömmum tíma og virðast nú lausar við þetta vandamál.

Hættar að þola grasbeit

„Þangið inniheldur mikið af steinefnum en skortir þó kopar. Ef við myndum beita fénu í dag á



Fé í fjörubeit á Norður-Ronaldsay.

Bændablaðið
Hlaðvarpið HLAÐAN er á bbl.is
Þar er m.a. Kaupfélagið með Jóni Gnarr – Víða ratað með Sveini Margeirssyni
Köngull, þáttur Landssamtaka skógarbænda – Skeggrætt með Áskeli Þórissyni



Hér má sjá útlínur garðhleðslunnar sem halda fénu frá ræktarlandi eyjunnar þannig að féð hefur einungis beitarland í og við fjöruna.

graslendi eyjunnar, þá myndi það hreinlega drepast af kopareitrun, þrátt fyrir að koparinnihald í grasinu sé ekki mjög mikið," segir Sinclair.

„Féð er orðið svo aðlagað fæðunni sem fæst í fjörunni sem er nær eingöngu þari. Ef við fóðruðum þær á blöndu af grasi og þara, þá tæki það kindurnar væntanlega ekki nema nokkur ár að aðlaga sig að grasinu á nýjan leik. Við höfum reynslu af slíkri aðlögun hjá fé sem var með gin- og klaufaveiki og var sent í einangrun til Englands.

Þegar komið er fram undir lok sumars er enga grasbeit að hafa fyrir kindurnar og þær lifa því nær eingöngu á þara. Þarinn er mestur á haustin og þá fitnar sauðféð mest. Úti fyrir ströndinni eru rif þar sem mikið vex af þara á sumrin. Þegar veður versnar slíta öldurnar upp þennan þara og hann berst á land þar sem kindurnar ná honum. Þær verða þó að sæta sjávarföllum því um sjö metra munur er á sjávarstöðu á milli flóðs og fjöru."

Aðeins eitt lamb fær að lifa undan hverri kind

Sinclair var sjálfur með um 100 kindur í samvinnu við bróður sinn. Hann sagði í viðtalinu 2014 að þá hafi verið um 2.400 kindur á eyjunni, en nú eru þar um 2.000 fjár samkvæmt greininni í BBC. Taldi Sinclair að fjörubeitin gæti alveg borið 3.500 fjár.

Ærnar eru flestar tvílembdar við burð, sem venjulega fer fram í apríl, aðallega frá 15. apríl til loka mánaðarins. Til að tryggja að ærnar geti örugglega komið lömbum á legg við erfið lífsskilyrði, þá hefur skapast sú venja að drepa annað lambið við burð. Er það kallað „culling" sem merkir eiginlega hvort tveggja að færa lömb frá við burð og drepa.

Ástæðan fyrir þessu er líka sú að á Norður-Ronaldsay er lömbum ekki slátrað á haustin eins og þekkist á Íslandi, enda yrði fallþungi dilkanna vart meiri en 11 kg að sögn Sinclairs og í allra mesta lagi 15 kg. Lömbin eru því alin áfram og er kindunum þá ekki slátrað fyrr en þær eru fullvaxnar og orðnar um fimm ára gamlar. Þá er fallþungi þeirra um 22 til 23 kg.

Hrútarnir fá að lifa til hárrar elli

Sum hrútlömb sem látin eru lifa eru gelt undir lok fyrsta sumarsins og kallast þá „wethers". Þeim er heldur ekki slátrað fyrr en um fimm ára aldur. Aðrir hrútar sem notaðir eru til að halda stofninum við fá að lifa allt þar til þeir drepast úr elli.

„Þá eru þeir kannski 14 til 15 ára gamlir. Þá fær náttúran einfaldlega að sjá um hræið. Venjulega tekur sjórinn þau eða hræin verða að fæðu fyrir urmul sjófugla sem eru á eyjunni auk refs," sagði Sinclair í viðtalinu við Bændablaðið haustið 2014. */HKr.*

Umsókn um leyfi til selveiða

Fiskistofa vísar til reglugerðar nr. 1100/2019 um bann við selveiðum. Reglugerðin gildir um bann við veiði á öllum selategundum.

Í reglugerðinni kemur fram að selveiðar eru óheimilar á íslensku forráðasvæði (í sjó, ám og vötnum) nema að fengu sérstöku leyfi frá Fiskistofu.

Fiskistofa getur veitt leyfi til takmarkaðra veiða á sel til eigin nytja innan netlaga þar sem veiðar hafa verið eða verða stundaðar sem búsílag.

Fiskistofa auglýsir nú eftir umsóknum um leyfi til selveiða til eigin nytja á árinu 2020.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2020.

Umsóknum skal skila á eyðublaði:
http://www.fiskistofa.is/media/eydublod/Umsokn-um-selveidar-til-eigin-nytja.pdf
sem senda skal með tölvupósti á fiskistofa@fiskistofa.is
eða með pósti til Fiskistofa, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfjörður.

FISKISTOFA

KONI
Demparar fyrir þá kröfuhörðu!
Demparar á lager í margar gerðir ökutækja m.a.
Fólksbíla - Jeppa - Vörubíla - Flutningabíla - Rútur



Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • www.aflvelar.is • sala@aflvelar.is
Framúrskarandi fyrirtæki
AFLVÉLAR

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 23. janúar

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð
og kjarnaborar

MHG VERSLUN
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN
MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

LÍF & STARF

Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Vogafjóssins í Mývatnssveit, fékk fálkaorðuna á nýársdag:

„Ég er fyrst og fremst stolt og hrærð“

Forseti Íslands sæmdi fjórtán Íslendinga riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu á nýársdag eins og hefð er fyrir. Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir, ferðaþjónustubóndi hjá Vogafjósi í Mývatnssveit, fékk riddarakross fyrir framlag til ferðaþjónustu og atvinnulífs í heimabyggð.

Slegið var á þráðinn til Ólafar til að leita viðbragða hennar vegna viðurkenningarinnar.

Hélt að einhver væri að gera at

„Já, ég fékk símtal frá forsetaritara sem tjáði mér að ég hefði verið tilnefnd til hinnar íslensku fálkaorðu. Mér datt eiginlega fyrst í hug að nú væri einhver að gera at í mér og varð hugsi og svolítið vör um mig. Ég óskaði eftir umhugsunarfresti með að svara hvort ég ætlaði að þiggja orðuna. Ég hugsaði málið og sagði mínum nánustu frá þessu og það hvöttu mig allir til að svara jákvætt sem ég og gerði.

Ég verð að viðurkenna að ég hef kannski aldrei verið neinn sérstakur orðuunnandi en líklega með auknum árafjölda og þroska breytist maður og verður mildari og meyrari og kann betur að meta þann mikla heiður sem sýndur er. Ég horfði líka á viðtal við frú Vigdísi Finnbogadóttur um orður sem hún hafði fengið í gegnum tíðina og þar kom fram að henni þótti eiginlega vænst um hina íslensku fálkaorðu. Hvernig hún talaði breytti kannski svolítið afstöðu minni til orðuveitinga. Það er að sjálfsögðu mjög gott að hrósa ef vel er gert en ég hafði ekkert verið að hugsa þannig um sjálfa mig og okkar uppbyggingu sem ég er þó mjög stolt af og finnst alla tíð hafa verið óhemju skemmtileg þó ekki hafi allir rauðir dagar verið hvíldardagar og engin sumarfrí,“ segir Ólöf og hlær.

Stolt og hrærð

Ólöf segir að það hafi komið sér verulega á óvart að fá þessa tilnefningu, en eftir á að hyggja sé hún fyrst og fremst stolt og hrærð.

„Mér hefur líka verið hugsað til alls þess góða fólks, starfsfólks og fjölskyldu, sem hefur tekið þátt í þessari uppbyggingu og er ég því mikið þakklát og tel að þau eigi líka heiðurinn skilið með mér.“

Óvæntar uppákomur á leiðinni til Reykjavíkur

Ólöf segir að hún hafi reynt að halda fréttunum frá Bessastöðum leyndum fyrir fjölskyldunni, enda þótti öllum frekar einkennilegt að hún og maður hennar ætluðu að rjúka til Reykjavíkur á gamlársdag og halda upp á áramótin í Reykjavík og ætla svo að þjóta heim á nýársdag seinnipart þegar allra veðra er von.

„Við eigum eina dóttur og tengdason í Reykjavík og vorum hjá þeim, sem var líka ný upplifun en ég hef ekki upplifað áramót í Reykjavík fyrr,“ segir Ólöf.



Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir og eiginmaður hennar, Jón Reynir Sigurjónsson, með forsetahjónunum, Elizu Reid og Guðna Th. Jóhannessyni, á Bessastöðum við orðuveitinguna 2020. Ólöf og Jón Reynir eiga fjögur börn en það eru þau Halldóra Eydís, Þórhalla Bergey og tvíburarnir Arnþrúður Anna og Skarphéðinn Reynir. Tvær fjölskyldur reka og eiga Vogafjós. Í dag eru þar um 40 starfsmenn yfir sumartímann og um 20 yfir veturinn. Myndir / Úr einkasafni



Ólöf með vinkonu sinni, Bryndísi Snæbjörnsdóttur úr Reynihlíð, en þær hittust óvænt á Bessastöðum á nýársdag. Ólöf segist vera mjög stolt af orðunni en er þó alveg á jörðinni og heldur ótrauð áfram í uppbyggingu Vogafjóssins í Mývatnssveit með sínu fólki með það að markmiði að gera enn betur.

Á leið hjónanna til Reykjavíkur keyrðu þau fram á unga konu með sprungið dekk í Skagafirði sem þurfti aðstoð við að skipta um dekk. Síðan héldu þau áfram en þar sem þau eru umhverfisvæn keyra þau á rafbíl og þurftu að hlaða hann á leiðinni. Unga konan fór fram úr þeim á Blönduósi en á Holtavörðuheiðinni keyrðu þau fram á vinkonu sína þar sem bíllinn var út af.

„Endirinn var sá að hún kom upp í bílinn okkar og sem betur fer óslösuð. Þarna biðum við eftir lögreglu vegna skýrslutöku og fékk hún svo far með okkur til Reykjavíkur en þar átti hún að fara að vinna á Landspítalanum um kvöldið en var aðeins of sein vegna óvæntra uppákoma á leið sinni. Það má því segja að árið hafi endað með ýmsum góðverkum hjá okkur,“ segir Ólöf.

Ekki heimilt að nota orðuna hvenær sem er

Ólöf segir að henni sé ekki heimilt að nota orðuna hvar og hvenær sem er. „Það fylgja orðunni reglur um notkun en hana má bera t.d. 1. janúar og 17. júní og svo á merkisdögum í lífi mínu. Hins vegar fylgir lítil rósetta með sem þú mátt alltaf bera sem er merki þess að þú sért orðuhafi hinnar íslensku fálkaorðu.“



Kálfurinn Fálki, sem mætti í heiminn á nýársdag, sama dag og Ólöf tók við fálkaorðunni á Bessastöðum.

Ferðaþjónustan er ekki hobbí

Þegar Ólöf er spurð út í viðurkenninguna og hvað henni finnist um hana stendur ekki á svörum.

„Mér finnst þetta vera mikil viðurkenning fyrir því starfi sem við hér í Vogafjósi höfum verið að sinna og byggja upp undanfarin ár en gaman frá því að segja að á síðasta ári fögnuðum við 20 ára afmæli. Mér finnst þetta líka vera viðurkenning fyrir alla ferðaþjónustu hér í Mývatnssveit sem á sér mjög langa sögu og eiginlega fyrir alla ferðaþjónustu í landinu sem er nú vonandi loksins að hljóta viðurkenningu á því að vera almennileg atvinnugrein en ekki eitthvert hobbí. En alltaf má gera betur og það höfum við hugsað okkur að gera.“

Fálki fæddist á orðudaginn

Ólöfu bárust skemmtilegar fréttir að heiman þegar hún hringdi í sitt fólk eftir að hafa tekið á móti orðunni á Bessastöðum.

„Já, það er gaman frá því að segja en kvígan Ljúfa, sem er gríðarlega stór og falleg og við búin að binda miklar vonir við hana, eignaðist kálf á nýársdag, okkur að óvörum. Kálfurinn, sem var fallegt naut, fékk að sjálfsögðu nafnið Fálki.

„Ekki var vitað hvort lifandi kálfur var í henni og við búin að láta ómskoða hana þar sem niðurstaðan var að eitthvað væri nú í henni en gæti verið steinfóstur, þetta var því mikil gleði og kom mjög skemmtilega á óvart,“ segir Ólöf.

Opna 1. febrúar með bjartsýni og gleði

Ólöf er að lokum spurð hvort það sé ekki allt gott að frétta af rekstri Vogafjóssins?

„Jú, jú, það er allt gott hjá okkur, við urðum ekki eða mjög lítið vör við samdrátt í ferðaþjónustunni. Við höfum verið með lokað síðan 15. nóvember vegna þess að við erum að gera upp salinn hjá okkur, bæta hljóðvist og margt fleira. Það er óhætt að segja að salurinn hafi verið gerður fokheldur en þetta er framhald á því að sl. sumar tókum við í notkun nýja viðbyggingu sem rúmar gestamóttöku, bar og biðsvæði fyrir gesti sem bíða eftir borði í veitingasalnum eða vilja bara njóta útsýnis og kyrrðar. Við vorum einnig að fjárfesta í frárennslishreinsistöð til að uppfylla reglur um ítarlega hreinsun á fráveitu. Það skal tekið fram að við erum í dag með tveggja þrepa rotþró og siturbeð og ekkert frárennsli hér fer beint út í vatn og þróin er tæmd þrisvar til fjórum sinnum á ári. Við opnum svo 1. febrúar og höldum ótrauð áfram með bjartsýni og gleði,“ segir orðuhafinn og ferðaþjónustubóndinn Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir.

/MHH



Góð aðsókn á Síldarminjasafnið:

Útlendingar eru í meirihluta

Um 26 þúsund gestir sóttu Síldarminjasafnið á Siglufirði heim á liðnu ári og er um að ræða örlitla fækkun sem nemur um 5% frá fyrra ári. Skýringu þar á má eflaust rekja til þess að fjöldi gesta sótti fjölbreytta viðburði í húsakynnum safnsins á samnorrænni strandmenningarhátíð sem efnt var til árið 2018.

Erlendir ferðamenn eru enn fleiri en innlendir gestir, eða um 60%. Þá heimsóttu um 700 nemendur á öllum skólastigum Síldarminjasafnið í skipulögðum námsheimsóknum og íbúar Fjallabyggðar eru jafnframt tíðir gestir á safninu og voru um 650 á árinu.

Augljóst er að ferðamannatímabilið er að lengjast og gestum fjölgar ár frá ári, sér í lagi yfir vetrarmánuðina, því í fyrsta sinn voru gestir aldrei undir eitt hundrað talsins í hverjum mánuði. Skipulagðar leiðsagnir um safnið voru 355 á árinu og hafa aldrei verið fleiri.



Um 26 þúsund gestir sóttu Síldarminjasafnið á Siglufirði heim á liðnu ári.
Mynd / Síldarminjasafnið

Mikil fjölgun á áratug

Síðastliðinn tíu ár hefur gestum Síldarminjasafnsins fjölgað um 180%, úr 10 þúsund gestum fyrir áratug upp í tæplega 28 þúsund gesti. Mest hefur aukningin orðið meðal erlendra ferðamanna, en síðustu fimm ár hefur hlutfall erlendra gesta á safninu aukist úr 20% í 73%. Þetta kemur fram á vefsíðu Síldarminjasafnsins og þar segir enn fremur að það sé forsvarsmönnum safnsins því afar ánægjulegt að hafa séð mettölur í gestafjölda árlega frá árinu 2013. */MÞÞ*

Led húsnúmer
Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum
• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



• Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
• Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
• Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer
Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer
Einnig hægt að hringa í sími 775 6080



Led húsnúmerinn er einnig hægt að
skoða og versla hjá Skómeistaranum í Smáralind

Lely Center Ísland
DRIFSKÖFT
OG DRIFSKAFTAEFNI



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Kálflugudúkar
Við tökum við pöntunum á kálflugudúk til 15. mars n.k.



Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

BRIGGS&STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON
á ÍSLANDI


MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is













Eigum til afhendingar Kane malarvagn 20T (23T) með loft og vökvabremsum. TILBOÐ 3.900.000+vsk
LBT 16T Beavertail með rúllugrindum og vökvabremsum. Verð: 2.580.000+vsk
DS kornvagn heildarþyngd 15.5T möguleiki á framlengingu fyrir rúllur. Verð: 1.644.000+vsk
Framlenging með ljósum 180.000+vsk

Eigum ávallt til nokkrar stærðir af öflugu NUGENT kerrunum á lager.
Gripa/hestakerra tekur 6 hesta
TILBOÐ 1.480.000+vsk
3500kg sturtukerra Verð:1.158.000+vsk
Vélakerrur í mörgum stærðum
Verð frá 980.000+vsk

VALLARBRAUT

VALLARBRAUT EHF WWW.VALLARBRAUT.IS Trönuhrauni 5 Hafnarfirði S-8411200 & 8417300

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Valhneta í aldinhýði.

Valhnetur, syndaflóðið og frjósemi



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Á Íslandi tengjast valhnetur óneitanlega jólunum og algengt að fólk láti þær og aðrar hnetur í skál til skrauts og átu. Erlendis tengjast þær þjóðtrú og goðafræði margra landa. Í Róm til forna var þeim hent fyrir fætur brúðhjóna til að auka frjósemi þeirra og víða var talið nauðsynlegt að berja stofn valhnotutrjáa með lurki til að auka uppskeru þeirra.

Samkvæmt FAOSTAD, tölfræðideild Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, var framleiðsla á valhnetum í skel rúm 3,8 milljón tonn árið 2017.

Kína var langstærsti framleiðandi valhneta í heiminum árið 2017 með rúm 50%, eða ríflega 1,9 milljón tonn, Bandaríki Norður-Ameríku eru í öðru sæti með framleiðslu upp á 571 þúsund tonn, eða 15% framleiðslunnar, og Íran í því þriðja með tæp 350 þúsund tonn, um 9%. Því næst koma Tyrkland, Mexíkó og Úkraína með 210, 147 og rúm 108 þúsund tonn.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn 3.837 kíló af nýjum og þurrkuðum valhnetum og 43 tonn og 624 kílóum betur af nýjum og þurrkuðum valhnetukjörnum árið 2018. Af hvoru tveggja var flutt inn mest frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, eða 838 kíló af heilum hnetum, og rúm 26 tonn af kjörnum. Talsvert var einnig flutt inn af valhnetukjörnum frá Indlandi, Úkraínu og Moldóvu og í minna mæli frá öðum löndum eins og Búlgaríu, Víetnam og Taílandi svo dæmi séu tekin.

Auk þess sem valhnetur eru fluttar inn sem íblöndunarefni með öðrum matvælum og vörum.

Ættkvíslin Juglans

Innan ættkvíslarinnar Junglans teljast 21 tegund trjáa sem finnast aðallega á tempraða belti norðurhvels jarðar. Ólíkar tegundir finnast villtar í Gamla heiminum allt frá Suðaustur-Evrópu til Japans og í Nýja heiminum frá Kanada til Kaliforníu og suður til Argentínu.

Allar tegundirnar eru lauffellandi en ólíkar tegundir 10 til 50 metrar að hæð, yfirleitt einstofna og með öfluga stólparót með hliðarrótum. Börkurinn grárauðbrúnn og verður hrjúfur með aldrinum. Blöðin dökkgræn, smátennt, samsett, gagnstæð og allt að 20 til 90 sentímetrar að lengd. Smáblöðin 5 til 25 eftir tegundum. Plantan er vindfrjóvgandi og tvíkynja en karl- og kvenblómin ólík. Karlblómin smá og mörg saman í drjúpandi tíu sentímetra löngum reklum á lauflausum annars árs greinum. Kvenblómin græn, færi en stærri og standa blómbotninn og frævan út úr blaðöxlum smáblaðanna. Eftir frjóvgun myndast grænt steinaldin með mjúku yfirborði utan um hart og hrukkótt tvíhólfa fræ sem kallast valhneta, þrátt fyrir að samkvæmt skilgreiningu grasafræðinnar sé ekki um hnetu að ræða, og inn í því er valhnetukjarninn.

Langlíflegust valhnotutré verða 200 ára og rúmlega það.

Tegundirnar J. nigra og J. regia

Allar tegundir ættkvíslarinnar eru nýttar bæði til viðarframleiðslu og til framleiðslu á hnetum en tvær þeirra, J. nigra og J. regia, eru mest nytjaðar.



Valhnotutré eru krónumikil og geta ná 35 metra hæð.



Við uppskeru eru aldinin hrist af trjánum og síðan sópað upp með þar til gerðum tækjum.

Juglans nigra er upprunnin í austurhluta Norður-Ameríku og vex frá Kanada suður til Flórída og Texas og getur náð 130 ára aldri. Stofninn beinvaxinn 30 til 40 metra hár í þéttum skógi en oft lægri og sverari á trjám sem vaxa ein og sér, börkurinn grásvartur, hrjúfur og hrukkóttur og með tígullaga flögum. Brum ljós og fínhærð um átta millimetrar að lengd, laufið dökkgrænt, samsett, 30 til 60 sentímetrar að lengd með 15 til 23 smáblöð sem eru 7 til 10 sentímetra löng og 2 til 3 að lengd, oddmjó og fíntennt. Tvíkynja karlblómin á 8 til 10 sentímetra löngum reklum, kvenblómin 2 til 5 saman í hnapp. Myndar smá steinaldin. Plantan gefur, að fræinu undanskildu, frá sér sterka og einkennandi lykt.

Tréð, sem kallast svört valhnota, er vinsæll dökkbrúnn harðviður sem er auðveldur í vinnslu auk þess sem fræin eru nýtt. Þrátt fyrir að rætur og lauf valhnotutrjáa gefi frá sér efnasambönd sem fæla frá sér og drepa meindýr og koma í veg fyrir spírun annarra plantna í nágrenni við það eiga trén undir högg að sækja vegna sjúkdóms sem leggst á reklana og dregur úr blómgun.

Svört valhnotutré blómstra og mynda aldin á fjórða til sjötta ári en aldinmyndun er óregluleg og geta liðið mörg ár milli góðra aldinára. Í Norður-Ameríku eru íkornar duglegir við að bera með sér fræ svartra valhnota og grafa í jörð til geymslu. Fræ sem gleymast spíra síðan og verða að nýjum trjám.

Juglans regia er upprunnið í Mið-Asíu, frá Vestur-Kína, Kasakstan, Úsbekistan, suðurhéruðum Kirgisistan, lághéruðum Nepal, Bútan og Tíbet niður í gegnum Indland til Sri Lanka og vestur um Afganistan, Túrkmenistan, Íran, Georgíu til austurhéraða Tyrklands.

Mest finnst af tegundinni í Kirgisistan þar sem hún myndar samfellda skóga í eitt til tvö þúsund metra hæð. Þar er líka að finna mikið af erfðafræðilega ólíkum trjám sem bera blöð sem eru ólík að lögun og fræ með ólíku bragði.

Valhnotutré, eins og tegundin J. regia kallast á íslensku, nær allt að 35 metra hæð með stofni sem verður um tveir metrar að þvermáli. Krónan er yfirleitt mikil nema þar sem trén vaxa þétt. Börkurinn er sléttur og ólífugrænn á ungum trjám en verður silfurgrár og grófari með aldrinum. Laufblöðin eru gagnstæð og samsett, 24 til 40 sentímetrar að lengd og með 5 til 9 gagnstæðum smáblöðum sem eru 5 til 8 sentímetrar að lengd og smátennt. Blómin vindfrjóvgandi og í rektum, kvenreklarnir drjúpandi en karlreklarnir uppréttir. Eftir frjóvgun myndar tréð grænt steinaldin með einni brúnni tvíhólfa hnetu með stóru fræi.

Fjöldi yrkja J. regis er í ræktun og er 'Buccaneer' algengast. Yrkið sem er sjálffrjóvgandi blómgast yfir langan tíma og gefur mikið af sér auk þess sem það er góður frjógjafi fyrir önnur yrki. Af öðrum yrkjum í ræktun má nefna 'Purpurea', 'Allegheny', 'China-B', 'KY Giant' og 'Hansen'.

Nafnaspeki

Latneska ættkvíslarheitið Juglans kemur úr latínu, jūglans, sem er gamalt heiti valhnetutrjáa. Heitið tengist guðinum Júpíter og valhnetur helgaðar honum, Jōvis glans. Tegundarheitið regia tengist drottningum en nigra þýðir svart.

Á ensku gengur tegundin J. regia undir ýmsum heitum eins og evrópsk, persnesk, ensk, Karpatíu, Madeira eða ordinary walnut. Enska heitið walnut kemur úr gamalli ensku wealhhnutu, og þýðir erlend hneta, wealh erlent og hnutu hneta, þar sem þær voru fluttar til Englands frá Ítalíu.

Í Ástralíu og Suður-Afríku kallast valhnotutré persnesk valhneta. Á mandarín-kínversku kallast ræktaðar valhnetur „hú táo“ eða Hu perur. Heitið Hu perur eða perur barbaranna bendir til þess að tréð hafi borist til Kína úr norðri eða norðvestri frá landi barbaranna. Í Mexíkó kallast þær nogal de Castilla og vísar heitið til að þar í landi sé tréð tengt Castile-héraði á Spáni og flutt inn þaðan.

Á ítölsku kallast hún noce, á spænsku nuez, frönsku noyer commun eða noix, hollensku okkernoot eða noteboom og á þýsku walnuß, nußbaum eða walnußbaum. Finnar kalla valhnetur, saksanpähkinä, Svíar valnöt, Norðmenn valnøtt og Danir valnød.

Á íslensku þekkjast heitin valhnot, valhneta og valhnetutré.

Saga og útbreiðsla

Á fjögur þúsund ára gömlum leirtöflum frá Mesópótamíu segir að valhnotutré hafi vaxið í svalagörðunum í Babýlon. Þeirra er einnig getið sem matar í lögum Hammúrabín sem talið er að séu frá því um 1750 fyrir Krist.

Samkvæmt Þeophrastus, uppi 371 til 287 fyrir Krist, sem kallaður er faðir grasafræðinnar, var það Alexander mikli sem flutti með sér valhnotutré eða fræ frá Persíu til Makedóníu og Grikklands á fjórðu öld fyrir Krist. Þaðan barst svo plantan til landanna kringum Miðjarðarhafið, Norður-Afríku og norður eftir Evrópu með Rómverjum.

Tegundin J. regia hefur hugsanlega borist til Kína og Austurlanda fjær með kaupmönnum eftir Silkileiðinni fyrir rúmlega 2000 árum og þar hefur hún víða aðlagast vel í náttúrunni og gert sig heimakomna. Það voru svo enskir innflytjendur til Norður-Ameríku sem báru tegundina með sér vestur um haf á 17. öld.

Nytjar

Viður og hnetur bæði J. nigra og J regia er nýttur. Kjarnviðurinn er grá- til dökkbrúnn með dökkeða svarbrúnum, oft bylgjuðum



Uppskerunni safnað.



Aldin og lauf Juglans regia.

Valhnetukjarni í skel.



Frækjarni valhnetu líkist einna helst mannsheila.

rákum. Viðurinn þykir góður og notaður í smíði vandaðra húsgagna og innréttinga. Hann er vinsæll í byssuskefti og til útskurðar og skreytinga. Eftirsóttur hnotspónn er unninn úr rótinni og neðsta hluta stofnsins.

Í 100 grömmum af valhnetum eru 654 kalóríur, 4% vatn, 14% kolvetni, 15% prótein og 65% fita, auk þess sem í þeim er slatti af B-vítamínum.

Valhnetur eru olíuríkar og þeirra neytt bæði ferskra og sem íblöndun í rétti. Nytjar á kjörnum eru breytilegar eftir löndum. Á Bretlandseyjum eru óþroskaðir kjarnar pæklaðir í ediki en í Bandaríkjum Norður-Ameríku eru valhnetukjarnar geymdir í sýrópi. Ítalir bragðbæta líkjöra sem kallast Nocion og Nocello með valhnetukjörnum. Salsa di Noci pastasósa frá Lígúría á Ítalíu og margar sósur í georgískri matarhefð eru bragðbættar með valhnetum. Indverjar nota þær mikið í matargerð.

Hnetuskel J. nigra er hörðust allra valhnotutrjáskelja og hefur hún mulin verið notuð sem íblöndun í alls konar hreinsiefni. Meðal annars er hún notuð til að hreinsa mjúka málma, fíbergler, harðplast, timbur og grjót. Fínmulin skel er notuð þegar hlutir eru hreinsaðir og skornir með loftþrýstingi og fyrr á tímum var mulningurinn notaður til að hreinsa vélar í bifreiðum og flugvélum. Mulin valhnetuskel þykir einkar góð þegar hreinsa á grafittí af veggjum.

Steinsmiðir á Bretlandseyjum notuðu valhnetuskeljar sem augnhlífar á fyrri hluta síðustu aldar. Borað var gat í skeljarnar eftir að þær voru klofnar og síðan voru þær festar saman eins og gleraugu til að varna því að steinflísar hrykkju í augun.

Úr mjúkum hjúpnum sem umliggur fræið er hægt að búa til blek sem endist vel bæði í skrift og teikningum og notuðu bæði Leonardo da Vinci og Rembrandt og margir aðrir listamenn það í sköpun sinni. Brúni liturinn sem fæst úr fræhjúpnum var einnig notaður til að lita textílefni og Rómverjar og miðaldaíbúar notuðu hann til að lita hárið.

Fínmalað valhnetumjöl er notað við framleiðslu á plasti, dínamíti og sápu og snyrtivörum. Úr skelinni má einnig vinna gulbrúnan og brúnan lit.

Valhnetuolía er dýr og yfirleitt notuð sparlega í salatsósu. Olían var í eina tíð notuð sem bindiefni í olíumálningu. Valhnetuolía hefur lítið geymsluþol.

Ræktun

Kröfur J. nigra og J. regia við ræktun eru svipaðar og báðar tegundir eru mest ræktaðar í tempraða beltinu frá 30° til 50° norðlægrar breiddar og 30° til 40° suðlægrar beiddar. Trén eru þurrkþolin og dafna best í mikilli sól og góðu skjóli.

Til framleiðslu á hnetum er plantað sérvöldum hnetuafbrigðum



Börkurinn á J. regia er silfurgrár og verður hrjúfur með aldrinum.

sem hafa verið í ræktun í margar aldir til að gefa sem mest af sér, hafa gott bragð og skel af réttri þykkt.

Fræ valhnotu spíra auðveldlega og ungplöntur vaxa hratt í góðum jarðvegi og við réttar aðstæður.

Tegundin J. regia er mun meira ræktuð til hnetuframleiðslu en J. nigra og í Kaliforníuríki finnast yfir 30 afbrigði J. regia í ræktun og flest eru þau grædd á rótarsort sem er blendingur af J. hindsii og J. regia og kallast Juglans x paradox og er að mestu ónæmt fyrir Phytophthora rótarfúa.

Valhnotutré eru mikið ræktuð til skrauts og skjóls í almenningsgörðum og á stórum landareignum og er japönsk valhnota, J. ailantifolia, sem ber stór blöð, einstaklega fallegt og vinsælt skrauttré. Helsti gallinn við valhnotur sem garðtré eru efnasamböndin sem trén gefa frá sér og dregur úr vexti nærliggjandi plantna. Magnið sem J. nigra gefur frá sér er það mikið að það drepur hæglega birki- og eplatré og er hættulegt hestum á beit í nágrenni þeirra.

Vitað er að hrafnar taka valhnetur í gogginn og fljúga með þær hátt á loft og láta þær falla á hart undirlag og brjóta þær þannig og éta síðan innihaldið.

Valhnetur geta valdið alvarlegum ofnæmisviðbrögðum hjá þeim sem eru viðkvæmir fyrir slíku.

Goðsögur, þjóðtrú og náttúrulækningar

Samkvæmt gamalli þjóðtrú er nauðsynlegt að berja stofn valhnotutrjáa með lurki á vorin til að örva vöxt þeirra og aldinmyndun og enskt orðatiltæki segir að konur, hundar og valhnetutré verði betri eftir því sem þau eru lamin meira.

Samkvæmt gömlum grasalækningafræðum eiga plöntuhlutar sem líkjast ákveðnum líffærum að hafa góð áhrif á þau líffæri. Í samræmi við þau fræði hefur því verið haldið fram að valhnetur séu góðar fyrir heilann enda ekki hægt að neita því að kjarni hnetunnar líkist tvímælalaust mannsheila við fyrstu sýn. Í Ástralíu eru þurrkuð og soðin lauf J. regia notuð í náttúrulækningum við sykursýki.

Í Jammu-héraði í Kasmír eru valhnetur mikið notaðar sem fórnargjafi til móðurgyðjunnar Vaisnay Devi í hindúisma og sem þurrfæða á Diwali hátíð ljóssins í hindúasið, þegar ljósið sigrar myrkrið, gott sigrar illt og þekking sigrar heimsku.

Á grísku eyjunni Skopelos, sem margir tengja við kvikmyndina Mamma Mia, þrátt fyrir að hún hafi verið tekin í Króatíu, er gömul trú að hver sá sem plantar valhnotu muni deyja þegar tréð verður nógu hátt til að sjá til sjávar. Í Flanders í Belgíu er að finna skylda hugsun þar sem sagt er að þegar valhnotutré sé orðið fullvaxta sé sá sem plantaði því löngu dauður.

Sagt er að nornir á Ítalíu hafi frá fornu fari safnast undir valhnotutré í Benevento á Suður-Ítalíu til nornahátíðar og tilbeðið Satan. Þessa háttarlags ítölsku nornanna er fyrst getið snemma á þrettándu öld og lifði sagan góðu lífi fram á nítjándu öld. Árið 1812 sömdu Ítalarnir Salvatore Viganò og Franz Xaver Süssmayr ballettinn Il Noce di Benevento, eða Valhnotan í Benevento, þar sem þemað er hátíð ítölsku nornanna. Auk þess sem ítalski fiðlusnillingurinn Paganini nýtti sér sama þema í verki sem kallast Le Streghe.

Samkvæmt gamalli hefð í vestanverðri Serbíu átti höfuð heimilisins að brjóta valhnetu á jóladag. Væri kjarni hennar heill boðaði það gæfu á komandi ári en væri hann skemmdur var það ills vottur. Til að bægja ógæfunni frá gat sá sem braut hnetuna hlaupið þrjá hringi kringum húsið og hrópað til Guðs að taka ekki mark á fyrirboðanum þar sem hann væri ekki marktækur.

Í Ljóðaljóðum, 6:11, Gamla testamentisins segir karlkyns ljóðmælandinn: „Ég fór niður í hnetulundinn að sjá dalinn grænka, sjá hvort vínviðurinn blómstraði og granatviðurinn bæri blóm.“ Þeir sem láta sig það varða telja að umræddur lundurinn hafi verið valhnotutrjálundur. Samkvæmt einni þjóðsögu gyðinga var hið forboðna aldin í Eden valhneta.

Grikkir tengdu valhnetur í goðafræði sinni við guðinn Díónysíus. Sagan segir að Dínosysíus hafi verið yfir sig ástfanginn af Karyu, dóttur Dion konungs í Lakoníu. Þegar Karya dó umbreytti Díónysíus henni í valhnotutré og Artemis, gyðja veiða, villtra dýra og óbyggðanna, flutti Dion fréttirnar af dauða dóttur hans og að nú væri hún orðin að valhnotutré. Til minningar um dóttur sína lét kóngurinn reisa musteri þar sem burðasúlurnar voru valhnotutré sem voru skorin út eins og líkami ungrar konu.

Rómverjar tengdu valhnotutré við Júnó, gyðju hjónabandsins og eiginkonu Júpíters. Í Róm var einnig til siðs að kasta valhnetum fyrir fætur brúðhjóna sem tákn um frjósemi og algengt var að konur í Róm bæru á sér valhnetu til að auka frjósemi sína. Þann sið má líklega rekja til þess að Pliny eldri, uppi 23 til 79 fyrir Krist, sagði að valhnetur líktust mannseistum.

Sem krakki lærði ég að búa til litla báta úr valhnetuskeljum. Eftir að hnetan var klofin og tæmd var kertavax látið drjúpa í skeljarnar og eldspýta sem stóð upp á endann látin festast í vaxinu eins og mastur. Þannig varð til lítill ævintýrabátur sem mátti leika sér endalaust með í baði eða drullupollum. Seinna heyrði ég að samkvæmt litháenskri sögu á Guð að hafa maulað valhnetur á meðan syndaflóðið gekk yfir og að margir af hinum réttlátu hafi komist um borð í klofnar skeljarnar sem flutu á vatninu og þannig lifað flóðið af.

Valhnetur á Íslandi

Schierbeck landlæknir og stofnandi Garðyrkjufélags Íslands hefur þekkt valhnetur og gefið sér að aðrir hafi gert það líka því að í Skýrslu um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi, sem hann birti í Tímariti Hins íslanzka bókmenntafélags árið 1886, notar hann þær sem viðmið þegar hann lýsir vexti skarlottulauks. „Norska tegund af þessum lauk frá Schübeler prófessor hef ég ræktað í 2 ár. Laukarnir hafa verið smágjörðir og bragðgóðir; þeir hafa verið á stærð við hnetur eða litlar valhnetur.“

Verslun J. P. T. Brydes í Reykjavík auglýsir allskyns góðgæti og vörur til sölu í Fjallkonunni í maí 1897. Þar á meðal eru parahnetur, hasselhnetur og valhnetur auk sterarínkerta, macoroni og kinroks.

Upp úr 1960 fer að bera talsvert á valhnetum í mataruppskriftum sem birtast á síðum blaða og tímarita. Í mínu minni tengjast valhnetur mikið jólunum og baráttunni við að brjóta þær með misgóðum hnetubrjótum eða angandi á greinum jólatrjáa til skrauts.

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA


Mikil vinna við lagfæringar í Kjarnaskógi þegar vorar

„Það er alveg ljóst að mikið er um bogin og brotin tré í Kjarnaskógi og mikil vinna fram undan þegar vorar að saga og snyrta. Það hafa verið miklir umhleypingar í veðri undanfarnar vikur en trén hafa það flest bara bærilegt þrátt fyrir þá," segir Ingólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga.

Stóri veðurhvellurinn í desember var þannig að það gekk á með miklum og blautum snjó sem settist á trjákrónur sem þyngdi þær mikið, en Ingólfur segir að sver tré geti kubbast í tvennt undan slíku fargi.



Sjálfboðaliðar, notendur skógarins, lögð hönd á plóg, fóru um á gönguskíðum og klipptu og söguðu greinar og tré sem slúttu yfir vegi og stíga. Myndir / Ingólfur Jóhannsson





Mikið er um bogin og brotin tré í Kjarnaskógi.

Kostnaðarsamt verkefni við hreinsun og grisjun

Ingólfur segir að til lengri tíma litið hafi óveðrið ekki áhrif á viðgang skógarins, sem væntanlega eigi eftir að upplifa verri áföll á sinni löngu ævi.

„Skaðinn er fyrst og fremst á opnari svæðum þar sem vindur kemst að, t.d. við stíga og flatir, toppar hafa brotnað á háum trjám, einstök tré bogna, brotna eða leggjast yfir vegi og stíga en allt jafnar þetta sig nú með tímanum og með hefðbundnu viðhaldi skógarins," segir Ingólfur, en bætir við að þegar horft sé til þeirrar vinnu sem fram undan sé við grisjun, hreinsun og lagfæringar í Kjarnaskógi á næsta ári, sem sé gríðarmikið og kostnaðarsamt verkefni, sé tjónið umtalsvert.

Dýrmæt aðstoð sjálfboðaliða

Ingólfur segir að Skógræktarfélagið hafi fengið dýrmæta aðstoð frá notendum skógar sem buðu fram aðstoð strax og veðri slotaði. Um 40 manns brunuðu um skóginn á gönguskíðum, klipptu og söguðu greinar og tré sem slúttu yfir vegi og stíga sem gerði kleift að halda öllum göngu- og skíðaleiðum opnum í framhaldinu. Akureyrarbær, samhliða öllu öðru snjóamstri, sá til þess að akvegir væru ruddir og bílastæði væru næg. */MÞÞ*






VERKFÆRI EHF

WWW.VERKFAERIEHF.IS

10 ára



POWERSCREEN

Powerscreen hörpur og brjótar og færibönd á vagni / beltum, Þrautreyndar við íslenskar aðstæður







HARTL CRUSHER

Hartl Hörpuskóflur, Hartl Brotskóflur og Hartl efnisvinnslu - samstæður til efnis - og endurvinnslu









XAVA recycling

Hörpur og færibönd

LS12

Þyngd : 125 kg
Spenna: 230 V
Rafmótor: 0,16 kW, 1.500 RPM



LS14

Þyngd: 300 kg
Rafmótor : 0,4 kW, 1.500 RPM
Spenna: 230 V



LS24

Þyngd: 1.410 kg
Rafmótor: 1,15 kW, 1.500 RPM
Spenna: 380 V, 50 Hz, 16



LS28

Þyngd: 1.710 kg
Rafmótor: 1,15 kW, 1.500 RPM
Spenna: 380 V, 50 Hz, 16 A



Færibön

Lengdir:2500 – 6000m



Verkfæri ehf bíður uppá uppgerðar hörpur og færibönd frá Powerscreeen



Eigum eitt færiband á leiðinni til landsins

Hörpunar kosta frá 7,5 milljónum + vsk

Færiböndin kosta 2,6 milljónir + vsk (Ný færibönd)

HS.Vélaverk ehf í Vestmannaeyjum fengu eina slíka hörpu frá okkur og er reynslan mjög góð
Vinnuvélar Eyþórs á Húsvík fengu eina uppgerða hörpu í haust og eru að byrja að notast við hana







POWERSCREEN

Tónahvarf 3, 203 Kópavogur Sími: 544-4210 INFO@VVV.IS



Til þess að hægt sé að bregðast við á upphafsstigi eldsins og forða tjóni er algjört lykilatriði að fyrir hendi sé búnaður sem lætur vita í tíma.

Nauðsyn brunaviðvörunarkerfa í landbúnaði

Því miður gerist það að gripahús í landbúnaði brenna. Þessu getur fylgt mikið fjárhagslegt tjón en ekki síður tilfinningalegt tjón. Ég held að allir sem þekkja eitthvað til sveitamennsku viti hversu sterkum böndum bændur tengjast búfé sínu.



Pétur Pétursson.

Mikið er af eldri byggingum til sveita sem hýsa búfénað og hafa gert í sumum tilvikum um margra áratuga skeið. Misjafnt er hvaða byggingareglugerðir voru í gildi á þeim tímum og þar með misjafnar kröfur gerðar á byggingarefni og byggingarhætti.

Nú í seinni tíð hefur hugarfar til landbúnaðarbygginga breyst nokkuð með tilliti til eldvarna og þess hversu nauðsynlegt er að menn verði varir við eldinn sem fyrst, komi til þess að kvikni í. Til þess að hægt sé að bregðast við á upphafsstigi eldsins og forða tjóni er algjört lykilatriði að fyrir hendi sé búnaður sem lætur vita í tíma. Tækninni hefur fleygt fram í landbúnaði eins og á öðrum sviðum og því oft og tíðum meira um alls kyns rafmagns- og tölvubúnað sem ásamt öðrum þáttum geta aukið líkur á íkviknun, fari eitthvað úrskeiðis.


Í leiðbeiningablaði Mannvirkjastofnunar um landbúnaðarbyggingar nr. 116.BR1 segir að sjálfvirk brunaviðvörunarkerfi skuli alltaf setja upp í gripahúsum ef tæknibúnaður er í sama rými og gripirnir.

sér boð. Í mörgum tilfellum má koma í veg fyrir mikið tjón með þessum hætti.

Mikið er um lög og reglur á landinu okkar góða og þykir sumum nóg um. Hins vegar ná lög og reglur ekki yfir alla hluti og hvers vegna ættu þau að gera það? Þegar um líf og velferð manna og dýra er að ræða ætti almenn skynsemi að fá okkur til þess að gera sem best í þessum efnum þó að það sé ekki fyrirskrifað í lög og reglur hvað nákvæmlega á að gera.

Fyrirhyggjusemi

Það er augljóst að dýr geta ekki bjargað sér sjálf út úr brennandi byggingum og því þurfum við að hafa kerfi sem lætur okkur vita svo við getum gripið inn í. Þá gilda ekki rökin „það gerist aldrei neitt hjá mér“ eða „þetta kostar allt of mikið“. Sem betur fer sleppa flestir í gegnum lífið án stórra áfalla, en þeir sem sleppa gera það oft vegna þess að þeir eru fyrirhyggjusamir. Hvað kostnað varðar má yfirleitt finna nokkrar leiðir að sama marki, hverja í sínum verðflokki.



Dæmi um reyksogskerfi í gripahúsi
Mynd / Úr leiðbeiningum MVS nr.116.BR1

Mörg útköll eru slökkviliðsmönnum erfið og eru útköll í landbúnaðarbyggingar þar sem skepnur hafa farist í eldi og/eða slasast mikið í flokki þeirra verkefna sem geta tekið mikið á. Það er með þessi útköll eins og svo mörg önnur sem menn myndu gjarnan vilja sleppa við. Það er til búnaður og verkþekking til þess að lágmarka líkurnar á að eldur nái að þróast og breiða úr sér í landbúnaðarbyggingum. Þetta er eitthvað sem allir viðkomandi ættu og þurfa að tileinka sér.

***Pétur Pétursson**,*
slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu og formaður Félags slökkviliðsstjóra, tók saman fyrir Eldvarnabandalagið.

Reyksogskerfi

Vegna óhreininda og raka henta hefðbundin brunaviðvörunarkerfi oftast ekki vel og hafa menn því sett upp svokölluð reyksogskerfi sem henta betur í þessa tegund húsa. Þá eru sett upp einföld rörakerfi sem soga til sín loftsýni og leiða þau gegnum síur og rakagildrur áður en þau koma að reykskynjara sem staðsettur er við stjórnstöð kerfisins.

Nú eru til alls konar lausnir í smáforritum sem geta gert mönnum viðvart í gegnum farsíma um leið og reykskynjarinn sendir frá

Á FAGLEGUM NÓTUM

Ný skýrsla ESB um þróun landbúnaðarmála:

Spáð aukinni neyslu mjólkurvara næstu tíu árin

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



Í desember sl. kom út áhugaverð skýrsla á vegum Evrópusambandsins (ESB), en hún inniheldur spá um þróun landbúnaðarmála á helstu mörkuðum aðildarlanda sam-bandsins sem og innan landanna sem standa að sambandinu. Skýrslan nær til næstu tíu ára og í henni er því horft fram til ársins 2030.

Skýrsluhöfundarnir taka við skrif sín tillit til aðgengilegra upplýsinga um þróun hagvaxtar, stjórmála, umhverfismála, neyslubreytinga, veðurfars og þróunar alþjóðlegra viðskipta auk annarra þátta sem kunna að hafa langtímaáhrif á viðskipti með landbúnaðarvörur. Í skýrslunni er víða komið við og er þar býsna margt sem vekur athygli en almennt er því spáð að markaður fyrir landbúnaðarvörur muni ekki taka neinum stakkaskiptum á komandi árum. Í skýrslunni er fjallað um allar helstu búgreinar landbúnaðarins en hér verður einungis gerð grein fyrir því sem snýr að mjólk og kjöti.

Hægir á framleiðsluaukningu mjólkur

Í skýrslunni kemur fram að þess er vænst að nokkuð ör vöxtur mjólkurframleiðslunnar muni hægja á sér á komandi árum vegna hertra reglna varðandi umhverfismál og aukna sjálfbærnikröfu við framleiðsluna. Þá muni neysluhegðun halda áfram að breytast sem muni leiða af sér minni eftirspurn eftir ákveðnum mjólkurvörum en aukna eftirspurn eftir sérstökum mjólkurvörum svo sem mjólkurvörum sem eru lífrænt vottaðar en því er spáð að lífrænt vottuð mjólk muni verða 7% af allri framleiddri mjólk innan ESB landanna árið 2030. Þá er því spáð að mjólk og mjólkurvörur sem hafa hlotið sérstaka vottun, eins og t.d. sótsporslaus mjólk, mjólk sem framleidd er einungis með heygjöf, mjólk frá kúm sem eingöngu er beitt á gras o.s.frv. muni ná aukinni hlutdeild á komandi árum.

Mjólkurframleiðslan aukist um 11 milljarða kg

Þessar auknu kröfur munu leiða til þess að framleiðsla mjólkur mun aukast, en hægar en undanfarin ár, og fara úr alls 168 milljörðum kg árið 2019 í 179 milljarða kg árið 2030 sem er aukning um 0,6% á ári en áratuginn þar á undan jókst framleiðslan að jafnaði um rúmlega 1% á ári.

Alls nemur aukningin 6,5% á 10 ára tímabili en þess má geta að þetta er töluvert minni aukning en FAO hefur spáð fyrir um á heimsvísu en talið er að mjólkurframleiðsla heimsins á sama tímabili muni aukast nærri þrefalt á við spá ESB. Skýringin á þessum mun felst í því að þess er vænst að mjólkurframleiðslan í þróunarlöndunum muni vaxa verulega á komandi árum. Þó svo að þessi aukning verði svona hófleg í löndunum sem standa að ESB, þá verða þau þó enn leiðandi þegar kemur að heimsviðskiptum með mjólkurafurðir segir í skýrslunni enda munu þróunar-löndin þurfa mun meiri mjólkurafurðir en þau muni ná að framleiða sjálf á komandi ára-tug. Helstu viðskiptasvæði fyrir útfluttar mjólkurvörur telja skýrsluhöfundar að verði Afríka og Asía.



Á komandi áratug mun hin aukna mjólkurframleiðsla ESB-landanna að stórum hluta fara til ostaframleiðslu.

Veruleg fækkun kúa

Þrátt fyrir aukna mjólkurframleiðslu næstu 10 árin spá skýrsluhöfundar því að kúm muni fækka á sama tíma eða alls um 1,4 milljónir og verður þá heildarfjöldi kúnna 21,2 milljónir. Skýringin á þessari fækkun er auðvitað fólgin í aukinni nyt kúnna.

Undanfarin 10 ár hefur meðanyt kúa aukist að jafnaði meðal landa ESB um 1,9% en skýrslu-höfundar spá því að þessi aukning verði heldur minni á komandi árum eða um 1,2%. Skýringin felst aðallega í framangreindum kröfum um sjálfbærni og umhverfisáherslur sem gera það að verkum að bændur munu líklega auka hlut heimaaflaðs fóðurs á kostnað keypts orkumikils fóðurs.



Spá hækkandi afurðastöðvaverði

Undanfarin ár hefur verið töluverður verðmunur á ýmsum hráefnum til vinnslu mjólkurafurða svo sem á milli undanrennudufts og smjörs svo dæmi sé tekið. Skýrsluhöfundar telja að þetta verðbil muni minnka á komandi árum en skýringin á þessari spá felst í því að talið er að vinnsluaðilum mjólkurafurða muni takast að bæta enn frekar nýtinguna á mjólkinni og einstökum hráefnum hennar. Fyrir vikið skapist því svigrúm til að greiða hærra afurðastöðvaverð til bænda, sem svo aftur mun leiða til eflingar á framleiðslunni.

Ostaframleiðslan mun vaxa mest

Á komandi áratug mun hin aukna mjólkurframleiðsla ESB landanna að stórum hluta fara til ostaframleiðslu en spáin gerir ráð fyrir að 24% af mjólkurmagninu fari til þeirrar framleiðslu enda er eftirspurn eftir ostum mikil og vaxandi á útflutningsmörkuðum ESB landanna.

Þess er vænst að heildarframleiðsla ESB á ostum fari úr 10,8 milljón tonnum árið 2019 í 11,5 milljón tonn árið 2030 og að smjörframleiðslan aukist úr 2,5 milljónum tonna í 2,7 milljón tonn. Á sama tíma er því hins vegar spáð að almenn sala á ferskri drykkjarmjólk muni dragast saman um 7 kg á hvern íbúa í ESB löndunum og fara undir 50 kg að meðaltali á næstu 10 árum. Á móti kemur að því er spáð að neysluaukning verði á öðrum ferskum mjólkurvörum s.s. á jógúrti og rjóma.

Erfitt að spá fyrir um kjötmálin

Svo virðist sem kjötframleiðslan á komandi árum geti þróast með nokkuð öðrum hætti en þegar horft er til mjólkurframleiðslunnar. Skýringin er sú að framleiðslugreinin í heild sinni er mun viðkvæmari t.d. vegna sjúkdóma og áhrifum af þeim. Nýlegt dæmi er hröð útbreiðsla á afrísku svínapestinni sem hefur haft mikil áhrif á heimsframleiðslu á svínakjöti á nýliðnu ári og haft áhrif langt út fyrir svínaframleiðsluna sem slíka þar sem neytendur hafa fært kaup sín yfir á aðrar kjöttegundir eða aðrar matvörur. Skýrsluhöfundar telja þó að þróunin verði áfram á þá leið að áfram verði mikill innflutningur á kjöt til Kína sem muni þrýsta kjötverðinu í heiminum upp á við til skamms tíma litið.

Til lengri tíma litið er talið að kínversk kjötframleiðsla muni aukast verulega og þar með muni



Þrátt fyrir aukna mjólkurframleiðslu næstu tíu árin spá skýrsluhöfundar því að kúm muni fækka á sama tíma, eða alls um 1,4 milljónir, og verður þá heildarfjöldi kúnna 21,2 milljónir.

eftirspurn eftir umframframleiðslu annarra landa minnka.

Spá minni neyslu á kjöti

Sé litið til neyslu á kjöti í ESB þá er talið að hún muni minnka örlítið fram til ársins 2030 í samanburði við neyslutölur fyrir árið 2019, en talið er að kjötneyslan dragist þó ekki saman nema um 1,1 kg á hvern íbúa á þessum 10 árum og verði komið í 68,7 kg af kjöti á íbúa á ári árið 2030. Þessi þróun er öfug við heimsspá OECD-FAO þar sem því er spáð að á sama tímabili muni heildarneysla á kjöti á hvern íbúa í heiminum aukast um 1 kg og fara í 35,7 kg að jafnaði. Meðalneysla íbúa heimsins verður því áfram langtum minni en meðalneysla hvers íbúa í ESB löndunum. Það er því talið líklegt að útflutningur á kjöti verði áfram umtalsverður.

Aukin neysla á kjúklingakjöti

Skýrsluhöfundar spá því að það verði umtalsverð breyting á kjötneyslunni innan ESB á komandi áratug og að bæði svína- og nautgripakjöt muni eiga í vök að verjast en lambakjötsneysla muni nánast standa í stað. Því er spáð að svínakjötsneyslan fari úr 31,3 kg að jafnaði á hvern íbúa ESB í 30,2 kg og úr 10,8 kg af nautgripakjöti í 10,0 kg og því muni neysla á þessum tveimur kjöttegundum minnka um 1,9 kg á hvern íbúa á 10 ára tímabili. Á móti kemur er því spáð að kjúklingakjöt muni verða vinsælla og neysla á því muni aukast að jafnaði um 1 kg á hvern íbúa fram til ársins 2030 og verði að jafnaði 26,6 kg í lok tímabilsins.

Breytt framleiðsla

Rétt eins og með mjólkurframleiðsluna er því spáð að nautgripum til kjötframleiðslu muni fækka og alls um 9,4% á komandi 10 árum og þá spá skýrsluhöfundar því að aukin eftirspurn verði eftir sérvörum með vottuðum uppruna rétt eins og með mjólkurvörurnar. Neytendur muni ekki einungis kalla eftir staðgönguvörum við kjöt heldur einnig eftir kjöti sem framleitt er í heimahéraði, kjöti sem hefur hlotið lífræna eða vistvæna framleiðsluvottun o.s.frv. Þá er því jafnframt spáð að mögulega muni iðnaðarframleitt „kjöt“, þ.e. „kjöt“ sem er í dag hægt að framleiða á tilraunastofu og án notkunar á búfé, koma inn á markaðinn en það sé þó erfitt að spá fyrir um það.

Heimild: EU Agricultural Outlook for markets and income 2019-2030.

Undur náttúrunnar:
412 nýjar tegundir greindar 2019

Þrátt fyrir þá staðreynd að líffræðileg fjölbreytni eigi undir högg að sækja í heiminum og að á hverju ári fækki dýra- og plöntutegundum í heiminum er það svo að enn eru að finnast tegundir sem ekki hafa verið greindar áður.

Á síðasta ári skráði Náttúrugripasafnið í London 412 tegundir lífvera sem ekki hafði verið lýst áður. Meðal nýskráðra lífvera eru fléttur, snákar, útdauðar risaeðlur og björllur.



Burstaormar.

Fleiri tegundir deyja út en greinast

Þrátt fyrir þessar góðu fréttir segja sérfræðingar í líffræðilegri fjölbreytni að því miður deyi fleiri tegundir út á hverju ári en greinast sem áður óþekktar. Einnig er sagt líklegt að margar tegundir deyi út áður en þær eru greindar og því ekkert vitað um þær.

Fundur og greining nýrra lífvera er alltaf spennandi og veitir vísindunum aukna innsýn í þróun lífsins og hversu mikið við eigum enn ólært um margbreytileika lífsins.

Björllur í meirihluta


Af nýgreindum tegundum árið 2019 eru björllur í meirihluta, alls 171 tegund. Ein af þessum björllutegundum, Nelloptodes gretae, sem fannst á síðasta ári í Japan, Malasíu, Kenía og Venesúela, var nefnd í höfuðið á sænska umhverfisverndarsinnanum Gretu Thunberg.

Meðal annarra dýrategunda sem greindust eru átta eðlutegundir, fjórir fiskar og ein slöngutegund auk vespu, margfætlu, lúsar, snigils og nokkurra fiðrilda. Meðal útdauðra tegunda sem greindar voru eru snjáldurmús, eitt pokadýr og tvær tegundir af risaeðlum. Þá greindust einnig tólf tegundir burstaorma sem lifa djúpt á botni Kyrrahafsins.

Á síðasta ári voru einnig greindar sjö nýjar plöntutegundir og sjö nýjar fléttur. */VH*

Mjólkurinnlegg dróst aðeins saman á landinu öllu á árinu 2019

Mjólkurinnlegg í landinu á árinu 2019 dróst örlítið saman á milli ára en var þó heldur meira en 2017. Samdráttur var í innlagðri mjólk fyrstu sex mánuði ársins en aukning í öllum mánuðum síðari hluta árs samkvæmt gögnum frá Auðhumlu.



Heildarinnlegg á mjólk á landinu öllu nam 151.838.668 lítrum á árinu 2019 samanborið við 152.408.980 lítra á árinu 2018. Samdráttur í innlagðri mjólk á milli ára nam því 570.312 lítrum, eða 0,37%. Ef miðað er við árið 2017 var innlögð mjólk 721.843 lítrum meiri á árinu 2019 eða sem nam aukningu upp á 0,48%.

Á síðasta ári var innlögð mjólk að meðaltali rúmir 12.653.222 lítrar í hverjum mánuði. Minnst var mjólkurinnleggið í nóvember, eða 11.644.858 lítra, en mest í maí, eða 14.038.656 lítrar. Á árinu 2018 var líka mest innlagt í maí, en þá var minnsta innleggið hins vegar í september líkt og gerðist 2017. */HKr.*

MINNING

Magnús Óskarsson látinn

„…að starfa en heimta ekki, að mega sín mikils án þess að láta til sín taka – það er æðsta dyggðin“ segir Lao-tse í Bókinni um veginn. Orðin koma mér í hug þegar ég að beiðni blaðsins minnist Magnúsar Óskarssonar frá Hvanneyri er lést 28. desember sl., kominn á hálft 93. ár.



Magnús Óskarsson og Einar Eylert Gíslason temja vagnhest á öndverðum sjötta áratugnum; tveir Hvanneyringar fylgjast með. Mynd / Úr safni MÓ og EEG

Hann var kennari minn, samstarfsmaður og félagi um áratuga skeið, eftirminnilegur fyrir margt. Þó ekki væri fyrir annað en samviskusemi, skipuleg og markviss vinnubrögð og læsi á menn og málefni.

Ungur markaði hann sér starfsbraut sem hann fylgdi æ síðan. Orðinn búfræðikandídat frá Framhaldsdeildinni á Hvanneyri hélt hann til Danmerkur, þar sem hann starfaði við Tilraunastöðina í Askov um eins árs skeið; bætti síðan við dvölina öðru námsári við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn. Þar nam hann áburðarfræði hjá einum virtasta fræðimanni þeirrar tíðar, próf. F. Steenbjerg, en einnig fleiri greinar sem óreglulegur nemandi. Hugur Magnúsar mun hafa staðið til frekara náms og þá í Englandi. Guðmundur skólastjóri Jónsson kallaði hann hins vegar heim, og á Hvanneyri hóf Magnús störf í júníbyrjun 1955. Hlutverk hans skyldi vera að koma þar upp grasafræðigarði og nákvæmnisrannsóknum á efnajafnvægi jarðvegs.

Grasagarðurinn lenti að mestu í útideyfu því áður en varði hafði Magnús fengið fullar hendur verka við jarðræktartilraunir og að betrumbæta aðstöðu Bændaskólans til efnarannsókna, hvort tveggja í anda þess sem hann hafði kynnst og lært í Danmörku. Að ráði prof. Steenbjergs hóf Magnús m.a. þegar fyrsta starfssumar sitt að rannsaka fosfórþörf jarðvegs og staðfesti brátt mikilvægi fosfóráburðar við nýræktun mýra. Þegar fyrsta haustið var Magnús einnig kallaður til kennslu við skólann og var það upphaf meira en fjögurra áratuga ferils. Á fáa ef nokkurn kennara við Hvanneyrarskóla fyrr og síðar hef ég heyrt nemendur bera meira lof heldur en Magnús Óskarsson, svo því sé nú haldið til haga.

Gæfa Guðmundar skólastjóra var einnig sú að gefa Magnúsi frjálsræði við uppbyggingu jarðræktartilraunanna á Hvanneyri. Þar nutu samviskusemi, elja og nákvæmni Magnúsar sín til fullnustu. Starfið varð brátt mjög umfangsmikið og fjölbreytt og verkefnin mótuð af kunnáttu Magnúsar og heildarsýn hans á áhrifaþætti íslenskrar jarðræktar. Samstarf þeirra samkennaranna, Magnúsar og Þorsteins frá Húsafelli, á þessu sviði um árabil varð einnig sérlega árangursríkt, og athyglisvert sakir áherslu sem þeir lögðu á samstarf við áhugasama og glögga bændur. Það verðskuldar sögu síðar.



Magnús Óskarsson.

Á enga mun hallað þótt sagt sé að Tilraunastöðin á Hvanneyri og Magnús hafi brátt orðið leiðandi á landsvísu hvað snerti hagnýtar jarðræktarrannsóknir – án þess þó að mjög hátt færi. Og á sama máta gerðist það í starfi Bændaskólans, að Magnús varð þar fljótlega burðarás og bindiverk, þó jafnan sem „maðurinn á bak við tjöldin“, því eftir vegtyllum sóttist hann aldrei. Kollegi Magnúsar og vinur, Matthías Eggertsson, orðaði það m.a. svo í afmælisgrein um hann fimmtugan:

Nú mætti spyrja, hverju það sæti að Magnús gegni því lykilhlutverki á Hvanneyri, sem hann gerir. Fleira en eitt ber þar til og er þar fyrst að nefna að staðurinn og starfið á og hefur átt hann óskiptan, og hafa persónulegir hagsmunir hans ekki átt í neinni samkeppni við þarfir starfsins. Í sautján ár var hann m.a. lausráðinn við skólann, meðan fastar stöður gengu sem boðhlaupskefli á milli manna. Annað er það, að Magnús er öðrum mönnum fremur gefinn „praktískur sans“. Þetta skal útskýrt nánar með litlu dæmi. Hér á landi sem víðar er haldið uppi andróðri gegn fjölþjóða auðfélögum. Sumir gera það með því að halda ræður og gefa út blöð. Það gerir Magnús ekki. Hann sýnir hins vegar hug sinn í verki, með því að sneiða hjá kunnri fjölþjóða-auðfélags-sáputegund …

Já, þessi praktíski sans; nátengdur var hann því innsæi á menn og málefni í straumi tímans sem Magnús bjó yfir svo í ríkum mæli. Því átti hann auðvelt með að lesa og skilja nemendur sína, getu þeirra og þarfir, og þá nálgaðist hann sem jafningja. Í því tvennu lá snilli hans sem kennara.

Þá er það fagurkerinn Magnús. Sá lýsti sér ekki aðeins í hversdagsklæðnaði hans að hætti enskra hefðarmanna á meðan við hinir yngri kennararnir lufsuðust um í lopapeysum og gallabuxum. Á fjölmörgum náms- og kynnisferðum, svo og í sumarleyfum, gerði Magnús sér far um að kynnast menningu þjóða, og sótti menningarstaði, söfn og sýningar eftir megni. Mörgum okkar nemenda hans eru í fersku minni menningarkvöldin svonefndu er Magnús bauð til í stofu sinni, framan af með Þorsteini kollega sínum frá Húsafelli, þar sem leikin var sígild tónlist af hljómplötum, fjallað um bókmenntir og fleira sem andann auðgaði utan hins daglega amsturs.

Áður en Magnús hélt til Danmerkurdvalarinnar haustið 1953 kvaddi hann m.a. ömmusystur sína, Jóhönnu Magnúsdóttur, sem varð „85 ára um daginn“, skrifaði Magnús í dagbók sína; bætti síðan við: „Hún ráðlagði mér meðal annars að koma ekki heim með danska stelpu aftur til baka.“ Magnús hélt það loforð of lengi að margra mati, var einhleypur maður alla tíð; ef til vill buðust honum of margir kostir. Hann varð því síðasta kynslóðin á sinni grein. Hins vegar mun minning Magnúsar lifa og mannbætandi áhrifa hans gæta meðal þeirra mörgu sem nutu kennslu hans, leiðsagnar og annarra dyggra starfa – í anda orða Lao-tse…

Bjarni Guðmundsson
Hvanneyri

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Að vera samvistum við grænan gróður er að sínu leyti sambærilegt við að njóta félagsskapar gæludýra.

Hvers vegna inniblóm?

Stofuplöntur eru heilnæmar og gera okkur hamingjusöm. Þetta er staðhæfing sem garðyrkjumenn og áhugafólk um ræktun pottaplantna nota sífellt oftar og er ekki úr vegi að færa dálítil rök fyrir henni hér, en nú hafa nemendur og starfsfólk á Garðyrkjuskóla LbhÍ á Reykjum kynnt á þriðja tug pottablóma allt síðasta ár á síðum Bændablaðsins.

„Ræktaðu garðinn þinn“ var ein lokaniðurstaðan eftir allt heimshornaflakk sögupersónunnar Birtings í hinni kostulegu skáldsögu „Candide, ou l'Optimisme“ eftir Voltaire. Þegar öll kurl voru komin til grafar reyndist friðsemd og einfaldleiki öllu æðra. Þetta eru víst orð að sönnu en ræktun krefst ekki stórra garða, jafnvel er hægt að skynja þessa ró og andlegu vellíðan með ræktun plantna í heimahúsum. Það hafa margir reynt að því fylgir fullnægja að fylgjast með gróðrinum vaxa og dafna, að sinna honum þannig að hann þrífist sem best og grípa inn í þegar á bjátar. Að vera samvistum við grænan gróður er að sínu leyti sambærilegt við að njóta félagsskapar gæludýra.



Rannsóknir sýna að þar sem starfsumhverfi einkennist af nálægð gróðurs hefur hann í sjálfu sér afkastahvetjandi áhrif sem hafa jafnvel verið mæld í tugum prósenta.

Fegurð blóma og laufa

Aðrir njóta fyrst og fremst fegurðar blómanna og þar kemur margt til. Lauf, blómgerð, litir og form eru til þess fallin að gleðja auga og hjarta. Fjölbreytileiki græna litarins virkar róandi á flesta einstaklinga og veitir tilfinningu, jafnvel fullvissu, um náttúrulegt jafnvægi. Þar sem hinir ýmsu grænu litatónar njóta sín í náttúrunni er líklegt að jörð sé frjó, lífríkið auðugt og nægilegt vatn í nánd, við upplifum öryggi. Þessi tilfinning má segja að sé sammannleg og margir finna til hennar við hvers konar ræktun þótt í litlum mæli sé.

Inniplöntur hafa jafnvel hagstæð áhrif á loftið í híbýlunum. Séu nokkrar vel valdar blaðplöntur ræktaðar í víðum pottum hækkar loftraki í herbergjum en þurrt loft er yfirleitt vandamál í heimahúsum. Í þröngum, illa loftræstum herbergjum geta plöntur jafnvel tekið upp nokkuð af óheilnæmum efnum úr andrúmslofti sem berast í það úr nytjahlutum eins og húsgögnum, fatnaði og raftækjum svo dæmi séu tekin.

Betra starfsumhverfi með blómum


Rannsóknir hafa sýnt að þar sem starfsumhverfi einkennist af nálægð gróðurs hefur hann í sjálfu sér afkastahvetjandi áhrif sem hafa jafnvel verið mæld í tugum prósenta, til dæmis í skrifstofuhúsnæði, sem annars getur verið ansi líflaust og dauflegt. Plönturíkt umhverfi er talið hafa blóðþrýstingslækkandi áhrif, lækka of hraðan hjartslátt, draga úr andlegu álagi og það skerpir athygli, einbeitingu og minni í dagsins önn. Hér er ekki verið að tala um að breyta vinnustaðnum í frumskóg, nægilegt hefur reynst að koma fallegum plöntum smekklega fyrir hér og þar.

Uppeldislegan ávinning þess að rækta stofublóm má einnig nefna. Börn og unglingar geta lært um þarfir plantnanna, tekið þátt í að halda þeim fallegum með réttri aðhlynningu og hægt er að sýna hvernig fjölga má þeim með sáningu eða græðlingum og skoða á hvern hátt árstíðirnar hafa áhrif á þær. Margir fá þannig að kynnast heimi plantnanna frá unga aldri, sem kemur þeim til góða síðar á svo fjölbreyttan hátt.

Að síðustu er hægt að minnast á að margir hafa ánægju af að rækta plöntur sem nýta má til matar, kryddjurtir, tejurtir og jafnvel grænmetisplöntur af ýmsu tagi.

Ingólfur Guðnason
Námsbrautarstjóri garðyrkjuframleiðslu LBHÍ Reykjum, Ölfusi

LESENDABÁS



Hvað er í lagi við það að skilja fólk eftir algjörlega bjargarlaust í brjáluðu veðri án nokkurs möguleika á samskiptum við umheiminn? Þetta fólk er kannski með möguleika á að bjarga sér í nokkra klukkutíma, en hvað ef húsið hefur fokið ofan af því? Hvað ef það er lífshættulega slasað? Hvað ef það getur ekki einu sinni látið nágranna sinn vita af sér?

Allir sem einhvern tímann hafa setið í ríkisstjórn hafa brugðist. Það breytir engu þótt einhverjir þeirra séu í dag í stjórnarandstöðunni, þeir brugðust líka.

Það var ekki minns! Það var hinns!

Eftir yfirstaðið óveður sem skall á landinu þann 10. desember síðastliðinn er ansi margt sem farið hefur í gegnum hugann, bæði meðan veðrið geisaði og sérstaklega eftir að því slotaði.


Hér í Öxarfirði og á Melrakkasléttu fór rafmagnið af strax á þriðjudagsmorgni. Þegar yfir lauk höfðu u.þ.b. 25 rafmagnsstaurar brotnað og því til viðbótar 14 rafmagnsstaurastæður sem héldu uppi byggðalínunni. Rafmagnslínur höfðu slitnað á ótal stöðum. Krapinn og ísingin var svo með óhemju magni að elstu menn muna ekki annað eins hér um slóðir. Girðingartjón er gríðarlegt og óséð enn hvert heildartjón þess er á svæðinu. Þó fór okkar svæði ekki verst út úr þessum ofsa. Mannskaði, fjár- og hrossaskaði ásamt gríðarlegu tjóni á híbýlum og mannvirkjum blasti við víða á landinu áður en yfir lauk. Andlegt áfall þeirra sem verst urðu úti er ekki hægt að meta en ljóst að margir munu búa við þann draug lengi.

Misjafnt var hversu sjálfbjarga fólk var á bæjum í dreifbýli. Sumir gátu litla björg sér veitt með ekkert rafmagn, engan hita og ekkert vatn, með ekkert nema örfá kerti til að reyna halda á einhverjum hita í einu herbergi. Á öðrum bæjum voru til gashitarar og/eða gashellur og kerti. Sumir voru svo lánsamir að eiga minni dísilknúnar rafstöðvar sem gátu gefið lágmarks orku inn á heimili fyrir ljós og minni háttar raftækjanotkun.

En svo eru aðrir bæir svo vel í stakk búnir að vera algjörlega óháðir flutningskerfi raforkunnar, þar sem þeir eru með sína eigin raforkuframleiðslu í gegnum virkjun á vatnsföllum og ám í þeirra eigin landi. Þeir ákveðnu bæir eru öfundsverðir í dag af sínum hlunnindum þar sem þeir búa við miklu meira öryggi og sjálfstæði í orkumálum en aðrir.

Það fyrsta sem ég dreg lærdóm af eftir þessa reynslu og það sem trónir efst í mínum huga er að horfa inn á við. Hvað get ég gert betur? Hver einasti fullorðni einstaklingur þarf að spyrja sig þeirrar spurningar hvort þeir séu nægilega vel útbúnir til að mæta áföllum ÞEGAR þau dynja yfir. Og þá á ég ekki bara við um okkur sem búum í dreifbýlinu. Þetta á jafnt við um höfuðborgarsvæðið og öll stærri þéttbýli landsins. Við eigum að vita að sama hversu vel undirbúið kerfið okkar er sem og hjálparsveitir að þá tekur tíma fyrir hjálpina að berast. Fyrstu klukkutímarnir eru mikilvægastir og alveg ljóst að það þýðir ekki að falla á kné og öskra út í storminn hjálparvana „Hvar er ríkisstjórnin?“ Við þurfum að vera eins sjálfstæð og mögulegt er til að gefa viðbragðsaðilum svigrúm til að færa okkur dýrmæta og nauðsynlega hjálparhönd sem oft getur skilið á milli lífs og dauða.

Við þurfum öll að spyrja okkur: „Eigum við næg kerti? Eigum við gas og gashitara? Getum við mögulega eignast minni eða stærri rafstöð? Eigum við vasaljós/höfuðljós og nóg af batteríum? Skyndihjálpartaska? Þekkjum við nágranna okkar og getum við náð í þá ef þarf?



Ágústa Ágústsdóttir.

Eitt af því sem hefur vakið upp hjá mér aukna meðvitund í þessum málum er t.d. spurningin hvers vegna ráðamönnum þessarar þjóðar þykir það alls ekki mikilvægt að halda þessum lífsnauðsynlegu þáttum á lofti, þ.e. að við búum á mjög svo lifandi eldfjallaeyju lengst í Norður-Atlantshafi sem m.a. er einna þekktust fyrir óstöðugt og síbreytilegt veðurfar?

Hvers vegna er lagt í miklar áróðursherferðir þar sem fólk er minnt á mikilvægi reykskynjara og slökkvitækja en aldrei nokkurn tíma í jafn nauðsynlegar herferðir þar sem fólk er minnt á mikilvægi þess að eiga „neyðarpakka“ á öruggum stað heima hjá sér ef hamfarir dynja yfir. Hefur einhver spurt sig að því hvað myndi gerast ef gysi í Bláfjöllum, Hellisheiði eða Nesjavöllum? Hvað myndi gerast ef allt hitaveitukerfi höfuðborgarsvæðisins myndi eyðileggjast í kjölfar eldgoss, jarðskjálfta e.a.?

Ég hugsa að margir gætu bjargað sér fyrstu klukkutímana og sólarhringana jafnvel ef þeir ættu reglulega yfirfarinn lífsbjargarpakka í geymslunni eða úti í skúr.

Staðreyndin er sú að ráðamenn þjóðar okkar hafa gleymt því hvar þeir búa. Og við höfum sofnað á verðinum og leyft þeim að komast upp með það. Hvers vegna verður fólk alltaf jafn hissa þegar ofsaveðrátta gengur inn á land og mið með sínum eyðileggingarmætti?

Í gegnum áratugina og alla síðustu öld hafa með reglulegu millibili gengið hér yfir mannskaða- og vonskuveður. Hér verður ekki hægt að kenna hlýnun jarðar um og skýla sér bak við þá slöku afsökun. Það er ekki hægt að vekja fólk til neinnar raunverulegrar umhugsunar um landfræðilega staðsetningu eyjarinnar með því að auglýsa styttri afgreiðslutíma Vínbúðarinnar vegna slæmrar veðurspár. Þá hugsar fólk ekki: „Ætli lífsbjargarpakkinn minn sé í lagi?“ Nema þá að fólk telji lífsbjörgina vera kippu af bjór, koníaksflösku og rauðvínskút fyrir kósíkvöld fram undan!

Þá komum við að þeim hluta sem snýr að því sem á að gerast eftir að við einstaklingarnir höfum brugðist við og reynt að bjarga okkur fyrstu klukkutímana. Fjarskiptakerfið t.d. er grundvallaröryggistækið okkar. Og það sýndi sig líka óbrigðult að ekkert er hundrað prósent öruggt. Til þess er „Plan B“. En Plan B virtist hins vegar ekki vera til þegar á reyndi.

Mín spurning til ráðamanna í þessum ákveðna málaflokki er ofur einföld. – Þegar ákvörðun var tekin um að leggja gömlu heimasímalínuna (koparstrenginn) niður, vegna þess að tekin var við mikil tækniöld sem átti að leysa öll okkar vandamál svo við þyrftum ekki lengur að hugsa neitt af sjálfsdáðum, datt þá engum snillingnum í hug að rétta upp höndina og hósta upp spurningum eins og t.d.; já en hvað með Plan B? Hvað ef þráðlausa tæknin sem tengd er ljósleiðara og rafmagni klikkar?

Hvað er í lagi við það að skilja fólk eftir algjörlega bjargarlaust í brjáluðu veðri án nokkurs möguleika á samskiptum við umheiminn? Þetta fólk er kannski með möguleika á að bjarga sér í nokkra klukkutíma, en hvað ef húsið hefur fokið ofan af því? Hvað ef það er lífshættulega slasað? Hvað ef það getur ekki einu sinni látið nágranna sinn vita af sér?

Það þýðir lítið að berja sér á brjóst og hreykja sér af því á alþjóðlegum vettvangi hvað Ísland er framarlega í tækni- og orkumálum þegar staðreyndin er sú að 80% af raforkuframleiðslu þjóðarinnar fer í stóriðju. Pöpullinn fær dreggjarnar. Hvað ætli hver einstaklingur sé metinn mikils þegar hugsað er til nýsköpunar, vinnuframlags, líkamlegrar og andlegrar getu og framsýnnar hugsunar á móts við stóriðjuna?

Hver ætli orkustuðulsmunurinn sé þar? Í þessum hamförum sýndi það sig þó að við Íslendingar erum rík þjóð þegar kemur að krafti og einhug manna sem hlupu út í veðrið tilbúnir að leggja sig í lífshættu við að hjálpa á meðan líkamlegt og andlegt þrek leyfði. Við eigum margar hetjur og allar þessar hetjur eiga skilið stærsta stallinn. En það verður seint saumuð skikkja á ríkisstjórnir þessa lands sem allar hafa brugðist í þessum efnum. Allir sem einhvern tímann hafa setið í ríkisstjórn hafa brugðist. Það breytir engu þó einhverjir þeirra séu í dag í stjórnarandstöðunni, þeir brugðust líka.

Það mætti sannarlega í allri þessari umræðu um kynjakvóta, fara að ræða það hvort ekki sé þörf á svokölluðum „landsbyggðarkvóta“ inn á Alþingi. Eða hreinlega færa æðsta þing okkar Íslendinga út á landsbyggðina. Ætli það myndi þá rifjast oftar upp fyrir þingmönnum og þingkonum hvar þau búa?

Ágústa Ágústsdóttir
sauðfjár- og ferðaþjónustubóndi á NA-landi

LESENDABÁS



Framtíð í mjólkur-framleiðslu

Stuttu fyrir jól voru gerðar lagabreytingar sem sneru að samningi stjórnvalda og kúabænda samþykktar á Alþingi. Því munu viðskipti með greiðslumark hefjast á nýjan leik á árinu. Er það orðið tímabært eftir mikla óvissu um hvernig stuðningi við nautgriparækt yrði háttað til frambúðar sem olli því að nær engin hreyfing varð á greiðslumarki á síðasta ári.



Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Þó að lítil hreyfing hafi verið á greiðslumarki þá hefur nautgriparæktin sjálf ekki setið auðum höndum. Veruleg fjárfesting hefur orðið í greininni og íslenskir kúabændur reisa myndarlegar byggingar þar sem allur aðbúnaður og vinnuaðstaða er til fyrirmyndar. Mjaltaþjónar verða æ algengari en sá böggull fylgir skammrifi að því tæknivæddari sem greinin er því mikilvægara er að innviðir á borð við flutningskerfi raforku þoli álag á borð við það sem birtist í óveðrinu fyrir jól.

Að sama skapi hefur greinin fjárfest með kraftmiklum hætti í rannsóknum og þróun á síðustu árum eins og verkefni um innleiðingu erfðamarkaræktar í nautgriparækt ber vitni um. Mér er sagt að stytting ættliðabils um helming muni gjörbreyta allri ræktun til hins betra. Þá styttist í að innflutningur á nýju erfðaefni í nautakjötsframleiðslu fari að skila árangri með lækkuðum framleiðslukostnaði og bættum gæðum. Allt þetta sýnir djörfung og framsækni íslenskra bænda sem ætla sér að vera með á boðstólnum fyrsta flokks vöru í harðnandi samkeppni og keppa á gæðum og hreinleika matvæla, neytendum til góða.

Þá hafa kúabændur mikinn metnað í loftslagsmálum eins og nýi nautgriparæktar samningurinn ber vitni um, en þar er stefnt að kolefnishlutleysi árið 2040. Ljóst er að bæði þarf að draga verulega úr losun og auka bindingu til að það megi verða raunin. Þróun í vinnslu á íblöndunarefnum í fóður úr þara í þessum tilgangi á vonandi eftir að skila árangri. Kúabændur hafa aukið framleiðni sína gríðarmikið síðustu áratugi og ekkert bendir til að dragi úr þeirri þróun nema síður sé með bættri tækni við ræktun.

Stjórnvöld þurfa að setja sér stefnu í landbúnaðarmálum til lengri tíma en sem nemur einum búvörusamning. Þannig verði komist hjá því að undirstöðuatvinnugrein í dreifbýli líkt og mjólkurframleiðsla þurfi að búa við óvissu í rekstrarumhverfi sínu líkt og verið hefur. Sú hugsun var á bakvið samþykkta aðgerðaráætlun til verndar matvælaöryggi um mitt síðasta ár. Þar var kveðið á um að móta matvælastefnu til lengri tíma sem nú er unnið að og ég tel vera mjög mikilvægt fyrir íslenskan landbúnað, neytendur og matvælaöryggi landsins.


Ég trúi því og treysti að með mótun slíkrar stefnu séum við að hefja metnaðarfulla sókn og framþróun í takt við vilja og metnað bænda – um framleiðslu á heilnæmum vörum í sátt við samfélagið og náttúruna.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.
formaður atvinnuveganefndar

Lausn á jólakrossgátu Bændablaðsins 2019







Bændablaðið
Kemur næst út
23. janúar

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VH HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

VÉLABÁSINN

Horft til baka og bestu prófaðir bílar 2019 metnir:

Oft villandi auglýsingar og ekki nægar upplýsingar



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir það gamla. Mér telst til að ég hafi prófað og skrifað um 20 bíla og tvö mótorhjól á síðasta ári og fjallað um lítil rafmagnshjól starfsmanna Orkuveitunnar.

Eftir að hafa „hraðspólað“ yfir prófanirnar kom það neikvæða fyrst upp í hugann. Af þeim bílum sem þurfti að kveikja ljósin svo að afturljósin væru kveikt í akstri var ekki einn bílasali sem lét mig vita að þess þyrfti.

Nokkrir bílar voru án varadekks, en aðeins í einu tilfelli var ég látinn vita af sölumanni að ekkert varadekk væri í bílnum sem ég var að fara að prófa.

Í tveimur tilfellum var talað um að ég væri að fara að prófa „jeppling,“ en bíll er ekki fyrir mér „jepplingur“ nema að hann sé fjórhjóladrifinn og hreinustu ósannindi og lygi að nefna eindrifsbíl „jeppling“.

Það sem stóð upp úr á síðasta ári voru þægindi

Bílar eru alltaf að verða hljóðlátari og betur einangraðir þannig að umhverfishljóð eru að minnka inni í bílunum, ég hávaðamæli alla bíla sem ég prófa og vil ég meina að síðasta ár hafi slegið öll met í því að minnka hávaða inni í farþegarými. Myndi halda að minnkunin hafi verið að jafnaði 1-3db.

Metið átti Land Rover Discovery Sport sem mældist um 63,5 í akstri á 90 km hraða. Þægindi eru alltaf að verða betri og betri, sæti góð og fleiri bílar að koma með hita í stýri. Nánast allir bílar eru komnir með USB tengi til að hlaða síma og þeir bestu með allt upp í að vera með eitt tengi fyrir hvern farþega.

Umhverfisvænir bílar voru nokkuð margir

Af þeim bílum sem ég prófaði voru nokkrir sem gengu eingöngu fyrir rafmagni, þar var Renault Zoe ódýrasti kosturinn, dregur um 300 km á hleðslunni, en fékk mikinn mínus hjá mér fyrir hávaða inni í bílnum í akstri og endaði því í 3. sæti. Hyundai Kona er með mikla drægni, hátt undir bílinn, en lítið farangursrými og frekar hátt verð, setti þann bíl í 2. sæti. Í fyrsta sæti var Opel Ampera-E, ódýr, rúmgóður og hlaðinn af tækninýjungum sem heillaði mig.

Range Rover PHEV bestur af bílum sem eru nefndir Hybrid, rafmagn og venjulegar vélar

Vetnisknúni Toyota Mirai rafbíllinn fæst ekki keyptur og ekkert verð gefið upp, vissulega spennandi kostur, en þar sem eingöngu er hægt að kaupa vetni í Reykjavík er sá bíll ekki inni í myndinni í bili. Honda CR-V Hybrid með bensínvél á móti rafmagninu er rúmgóður bíll að innan og með frábæra aksturseiginleika. Af jepplingum er Honda CR-V með langbestu skriðvörnina að mínu mati, en það sem setti bílinn í 2. sæti var lítil dráttargeta, en bíllinn er gefinn upp með aðeins 750 kg dráttargetu.



Ssang Yong Rexton var besti jeppinn 2019, ódýr og hljóðlátur.



Fyrir mér er það lélegur sölumaður sem ekki varar við varadekksleysi í bíl.



„Rússinn“ vakti mestu athyglina, en vantar fleiri hestöfl.



Opel Ampera-E fannst mér vænlegasti rafmagnsbíllinn.



Hljóðlátasti bíllinn var Landrover Discovery Sport.



Ford-pallbíllinn hefur allt sem góður pallbíll þarf.



Væri ég í hugleiðingum að kaupa nýtt mótorhjól þá væri BMW 1250 fyrsti kostur. Mesta skemmtun mín á árinu var á BMW 1250 í Ítölsku ölpunum (sjá innfelldu myndina).



Í fyrsta sæti af Hybrid-bílum set ég því Range Rover PHEV þó að verðið sé hátt og rafmagnsdrægnin ekki mikil.

Af fjórhjóladrifnum bílum var erfitt að setja bíla í sæti

Af þeim bílum sem ég vil segja að komist í jeppaflokk voru aðeins þrír, en „Rússinn“ vakti vissulega mikla athygli mína sem fjölnota bíll, ódýr, tekur marga farþega en vantar meiri kraft og þægindin ekki mikil, því fer hann í þriðja sæti. Jeep Wrangler Rubicon, frábært leiktæki, fullt af hestöflum og mikið fyrir augað, en hátt verð og að ekki hafi verið hægt að keyra bílinn nema með harðpumpað í dekkin, setja hann í 2. sæti. Ssang Yong Rexton fær fyrsta sætið í þessum flokki fyrir gott verð, hljóðlátur og gott að keyra.

Sendi- og pallbílar

Af sendibílum fannst mér Benz Vito fjórhjóladrifni 190 hestafla bíllinn bestur. Ford Ranger pallbíllinn er einhver besti pallbíll sem ég hef prófað, bíll sem hefur allt sem pallbíll þarf, kraftmikla vél, mikla dráttargetu og góður á torfærum vegslóðum.

Af öðrum faratækjum eru hér stuttar umsagnir

Volkswagen Touareg er ekkert nema eðalbíll, fullur af þægindabúnaði og tækninýjungum, kostar svolítið mikið, en þegar maður vill hafa það gott og þægilegt kostar það pening.

Fjórhjóladrifni Skoda Karoq bíllinn fannst mér einhver þægilegasti bíllinn að keyra og var ég sérstaklega hrifin af fjöðruninni í honum.

BMW 1250 skemmtilegasta mótorhjólið

Af mótorhjólunum sem ég prófaði var annað rafmagns og hitt með 1250cc bensínvél. Rafmagnshjólin eiga nokkuð mikið í að verða samkeppnishæf við bensínhjólin, en viðbragðið í þessu hjóli var svo mikið að þegar því var botngefið tók það ekki nema um 3 sek. að ná 100 km hraða.

BMW 1250 hjólið sem ég ók hringveginn með nokkrum auka-krókum er alls staðar gott fyrir íslenskar aðstæður og líka þröngar aðstæður erlendis því að síðasta haust leigði ég svona hjól fyrir Ítölsku alpana þar sem vegir eru hlykkjóttir, þröngar beygjur og brattar brekkur og á þessu hjóli var ferðin enn skemmtilegri.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Nýtt ár byrjar á að skoða ýmsar hættur, reglur og annað gagnlegt



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Stundum fæ ég góðar ábendingar um val á efni í þennan pistil og í einstaka tilfellum um að einhverjum mislíki efnisval. Verst finnst mér þegar ég hef gerst sekur um að fara með rangt mál og fyrir skömmu kom til mín maður með munnleg skilaboð og eftir þessi skilaboð þarf ég að biðjast afsökunar á að halda því fram hér í pistli að ekki væri til í reglum að hægt væri að sekta menn eða að taka bíl úr umferð fyrir að vera í vetrarumferð þar sem er snjór og hálka.

Fyrir nokkru fékk ég skilaboð í gegnum þriðja aðila frá lögreglumanni að hann hefði bæði sektað fyrir léleg dekk í vetrarumferð og að þessi sami lögreglumaður hafi fylgt bíl á hjólbarðaverkstæði til að skipta um dekk. Það broslega við skilaboðin voru að sá sem færði mér skilaboðin var beðinn sérstaklega að geta þess að lögreglumaðurinn hafi farið með bílstjóranum á viðkomandi bíl inn á verkstæðið og beðið afgreiðslumanninn á verkstæðinu um að afhenda ekki bílinn aftur fyrr en í akstursháfu standi fyrir vetrarakstur. Spurning um að hjólbarðaverkstæðin fari að setja lögreglumenn á prósentur (mundi það nokkuð kallast mútur...?).

Áhersla sett á að breyta umferðarreglum í umferðarlög

Fyrir flestum eru umferðarreglur og umferðarlög það sama, en svo er víst ekki og um síðustu áramót tóku við ný umferðarlög sem er í sjálfu sér ekki mikil breyting nema hvað að áður var flest af því sem breytt var reglugerð og þær reglur eru nú orðnar af lögum. Sem þýðir að brjóti maður umferðarreglur sem eru umferðarlög má maður fastlega búast við sekt fyrir brotið.



Felgubolta undir stórum vinnuvélum þarf stundum að margherða.

Í þessum pistlum hefur oft verið hamrað á ljósanotkun á bílum sem eru í umferð að ljós séu kveikt framan og aftan. Eins og margir vita koma margir bílar þannig að lítil ljós kvikna bara að framan þegar sett er í gang, þessi ljós eru ekki lögleg ökuljós samkvæmt íslenskum umferðarlögum (sama hvaða lög eru í öðrum löndum þá eru íslensk lög alltaf þau lög sem við þurfum að fara eftir). Nú mega þeir sem gleyma að kveikja ökuljósin því búast við sekt fyrir ljósleysi. Ég hef verið að hvetja þá ökumenn sem sjá bíla í umferð án afturljósa til að blikka háu ljósunum fyrir aftan þá til að láta vita af ljósleysinu og um leið forða viðkomandi við óþarfa sekt, sem er 20.000 krónur.

Ýmsar aðrar breytingar á umferðarlögum

Í eldri reglum var að vörubílar og bílar með vagna mættu ekki fara hraðar en á 80 km hraða þó að hámarkshraði væri 90. Nú mega allir bílar keyra á sama hraða og sé ég að túlka nýju reglurnar rétt þá má keyra með heimasmíðuðu óskráðu kerruna sem er undir 750 kg á 90 km hraða sé það hámarkshraðinn í staðinn fyrir 60 km hraða áður.

Dráttarvélar og skellinöðrur eru skráð sérstaklega og engin breyting er þar á hraðamörkum.

Varðandi áfengismagn í blóði er för ökumanns stöðvuð á staðnum ef vottur af áfengi mælist við akstur, en viðkomandi missir ekki ökuréttindin nema mæling á áfengi í blóði sé yfir 0,6.



Mótorhjól og fjórhjól sem keyrð eru stutt í einu safna raka í olíuna.

Margir ökumenn freistast til að kíkja á símann sinn þegar þeir eru stopp á ljósum, séu menn nappaðir fyrir það er það lagt að jöfnu við að tala í síma án handfrjáls búnaðar sem er 40.000 samkvæmt uppgefinni töflu um sektir.

Nokkrar setningar sem gott er að muna og reyna að fara eftir

Vélarnar í fjórhjólum og öðrum litlum faratækjum sem eru notuð á vetrum í stuttan tíma í senn, ná oft ekki að hitna upp í vinnsluhita á milli þess að þær kólna niður í það hitastig sem er úti. Þá er mjög líklegt að vélarnar dragi inn á sig raka sem blandast smurolíunni. Því þarf að skipta oftar um smurolíu á þeim tækjum en uppgefið er í eigandahandbók.

Ef skipt er um dekk undir öllum tækjum þarf alltaf að athuga með herslu á felguboltum, sérstaklega á stærri vinnuvélum. Af fenginni reynslu er miklu líklegra að felguboltar losni vinstra megin undir farartæki, þetta er vegna þess að í raun ætti, vegna snúningsáttar og aksturstefnu, að vera öfugur skrúfgangur vinstra megin á ökutækjum. Slíkt var algengt í vörubílum fyrir um 40–50 árum, en er sjaldséð í dag nema á örfáum bílum.

Sé fylgst vel með veðurspá og spáð er miklu frosti þá er mikil skynsemi í að fylla eldsneytistankinn af eldsneyti til að forðast rakamyndun inni í eldsneytistankinum og þeim leiðindamálum sem maður getur lent í fái maður raka í eldsneytið.

Lely Center Ísland
RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ
John Deere Ford
Zetor Fiat
Case IH New Holland
McCormick Deutz-Fahr
Steyr Massey Ferguson
Claas
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins




MYND: SØREN NIEDZIELLA (CC BY-SA 2.0)


121	STIRÐ-BUSI	MINNI	ÁVÖXTUR	TVEIR EINS	SKJÓTUR		NÆRA	URMULL	MATJURT	RIFA
VERKFÆRI										
LÆNA						LÆRA / KÝS				
TEMJA				KVEÐJA / BOX						
FISKUR / ÁGÆTIS							ÚTDEILDI / OFANÁLAG			
	TOTA	ÓVISS / SKÓLI				LANDS / SAMTÖK				SPRÆKUR
HÉKK					HÓPUR	HRÓP / BYLGJAST			ÞRÁÐA	GINNA
ÞEFJA				ÞREYTA / TRÉ			LEYSIR / HARÐÆRI			
TVEIR EINS		SKILJA EFTIR / SVEIGUR				ÓÞURFT / MATUR				
TÖF			SVELGUR / BÓK-STAFUR			GLJÁUN / SÍKI				LOKKAR
	ALDUR / KROT				BJARTUR / SKYLDI		HOLA / MÁLMUR			
RÍKI Í ARABÍU				ÆVINLEGA / RÖÐULL			ÁTT / FORSÖGN		KERALDI	
SKYNJAST						ILLT UMTAL / STRÍÐNI		FISK / RÓMVERSK TALA		
ÞEI			FJÖLDI				JURT			
Í RÖÐ		ROF				KORN-STRÁ				

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

LEITUM TIL FAGMANNA
Ætíð skal leita aðstoðar fagmanna við uppsetningu á rafbúnaði eða við breytingar á rafmagni í útihúsum.
Leikmenn eiga ekki að vinna við rafmagn – það er bæði ólöglegt og hættulegt.
Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á **bondi.is**
Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI
ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?



LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



Jörðin Litli Háls var á árum áður í eigu afa Hannesar Gísla Ingólfssonar, lagðist síðar í eyði en var nytjuð af Stóra Hálsi. Hannes býr nú á Litla Hálsi með Grétu Björg Erlendsdóttur.

„Við hjónin (borgarbörnin) keypum jörðina í ágúst 2003 en ekkert íbúðarhús var á jörðinni þannig að við byggðum okkur heilsárs íbúðarhús árið 2006 og ætluðum að vera með annan fótinn hér á Litla Hálsi og hinn í Kópavogi. En ekki leið á löngu að við fluttum alveg í sveitina.


Byrjuðum með hesta og nokkrar hænur. Síðan komu nokkrar rollur, höfum ræktað upp ný tún og gert reiðvegi inn á landinu.

Hér á Litla Hálsi er yndislegt að vera og barnabörnunum finnst gott að koma og taka þátt í bústörfunum," segir Gréta Björg.

Býli: Bærinn okkar heitir Litli Háls.

Staðsett í sveit: Bærinn okkar er norðanmegin Ingólfsfjalls og nær upp í Inghól í Grímsnes- og Grafningshreppi.


Tíkin Kló og lambið.


Ábúendur: Hannes Gísli Ingólfsson og Gréta Björg Erlendsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Erum tvö í kotinu með einn kött, hana Essasú 10 ára, og tvo ástralska fjárhunda, Bláaloga (Loga) 9 ára og Bjarnarkló (Kló)12 ára.

Stærð jarðar? Jörðin er nálægt 700 hektarar.

Gerð bús? Hross og ferðaþjónusta.

Fjöldi búfjár og tegundir? Um 40 hestar, nokkrar kindur og íslenskar landnámshænur.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Hefðbundinn vinnudagur er að fóðra dýrin og annað eftir þörfum.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast er að taka á móti ungviðum sem fæðast en leiðinlegast er að reyna að heyja í vætutíð.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Hann verður með svipuðu sniði næstu árin.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Við erum bara með sýnishorn af búskap þannig að við látum stærri og fróðari bændur um félagsmálin.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Ekki gott að segja en vonandi verður bjartara yfir landbúnaðinum.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Íslenska lambakjötið, ef rétt er á málum haldið.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Í ísskápnum finnst alltaf smjör, ostur, rabarbarasulta og auðvitað egg.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambakjötið frá Litla Hálsi.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Við fengum heimalning og tíkin Kló tók hann undir sinn verndarvæng og hafði hann í bælinu hjá sér.

MATARKRÓKURINN

Kartöfluröstí og Sacherterta


Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

Kartöfluröstí er góður réttur einn og sér, sem meðlæti með aðalrétti – eða þá sem léttur réttur með blaðlauk, í dýrindis fetasósu.

Kartöfluröstí í svissneskum stíl

Hráefni

- 400 g skrældar sterkjuríkar kartöflur, rifnar í sömu stærð og eldspýtur
- sjávarsalt
- svört piparkorn, mulin með kvörn
- ólífuolía

Hráefni í fetaostasósu

- 150 g fetaostur
- 30 g blaðlaukur
- 3 msk. ólífuolía
- 1 msk. nýpressaður sítrónusafi
- mulinn pipar

Aðferð

Til að búa til sósuna þá byrjið þið að vinna saman fetaost, fínt skorinn blaðlauk, ólífuolíu og sítrónusafa í matvinnsluvél eða blandara þar til blandan er slétt. Kryddið með pipar eftir smekk.

Hitið fimm matskeiðar af ólífuolíu í 22 sentimetra viðloðunarfrírri pönnu á miklum hita, bætið kartöflunum við og dreifið þeim jafnt og þrýstið þeim niður með spaða.

Minnkið hitann niður í miðlungs hita og eldið í um það bil fimm mínútur og gætið þess að kartöflurnar brenni ekki.

Losið „röstí" frá hliðum pönnunnar með því að nota spaða og lyftið


varlega frá botninum (en ekki fletta því strax). Það ætti að verða gullið og ljósbrúnt undir þegar það er orðið tilbúið til að snú því við.

Til að snúa röstí kartöflunum við, byrjið að loka pönnunni með stóru loki (diski til dæmis) og snúið pönnunni þannig við, vandlega en hratt. Þá ættuð þið að enda með röstí í lokinu.

Setjið pönnuna aftur á hitann, bætið við einni matskeið af olíu og látið röstí renna af lokinu á pönnuna. Eldið í fimm mínútur, eða þar til það er orðið gullið og stökkt á botnhliðinni.

Losið röstí frá hliðum og botni pönnunnar og rennið henni á stóran disk (setjið það fyrst yfir á lokið). Kryddið með sjávarsalti og muldum pipar eftir smekk og berið fram með ríflegum skammti af fetasósunni.

Sacherterta

Sachertorte var fyrst gerð árið 1832 og er ein frægasta súkkulaðikaka í heiminum.

Eitt frægasta kaffihús Vínarborgar, Cafe Sacher á Hotel Sacher, á heiðurinn og framreiðir enn í dag þessa frægu köku.

Hinn 16 ára gamli lærlingur Franz Sacher, árið 1832, vissi ekkert um það hvaða áhrif kaka hans myndi hafa á súkkulaðiunnendur um allan heim. Uppskriftin að upprunalegu Sacher-Torte er vel geymt leyndarmál og aðeins notuð fyrir gesti á Hótel Sacher í Vín.

En hér er leyniuppskriftin afhjúpuð almenningi, eða því sem næst upprunalegu kökunni.

Hráefni fyrir Sachertorte

- 7 eggjarauður
- 150 g af mjúkt smjör
- 125 g flórsykur
- 200 g af dökku súkkulaði
- 8 g af vanillusykri
- 7 eggjahvítur
- 125 g af sykur
- klípa af salti
- 150 g hveiti
- smjör og hveiti til að pensla formið
- 150–200 g apríkósusulta, til að dreifa yfir
- romm, ef þess er óskað
- þeyttur rjómi til að skreyta

Fyrir gljáa

- 200 g dökkt súkkulaði
- 250 g sykur
- 150–170 ml af vatni

Aðferð

Bræðið súkkulaðið hægt (helst í vatnsbaði). Blandið smjöri saman við flórsykur og vanillusykur þar til það hefur verið kremað. Hrærið eggjarauðunum smám saman út í. Hitið ofninn í 180 gráður. Smyrjið kökuform með smjöri og stráið



hveiti yfir. Þeytið eggjahvíturnar með klípu af salti, bætið sykrinum saman við og sláið í stíft. Hrærið brædda súkkulaðinu út í deigið ásamt eggjarauðunum og bætið þeyttu eggjahvítunum varlega saman við með sleif, til skiptis með hveitinu. Setjið deigið í formið og bakið í um það bil klukkustund.

Látið kökuna nú kólna (til að fá flatt yfirborð, snúið kökunni á hvolf strax eftir bökun og snúið henni svo aftur við eftir 25 mínútur).

Ef apríkósusultan er of þykk, hitið hana stuttlega og hrærið þar til hún er slétt, áður en hún er bragðbætt með rommi eftir smekk. Skerið kökuna í tvennt þvert.

Dreifið sultunni á grunninn og setjið hinn helminginn ofan á og hyljið efra yfirborðið og umhverfis brúnirnar með apríkósusultu.

Fyrir gljáann

Brjótið súkkulaðið í litla bita. Hitið vatnið með sykri í nokkrar mínútur. Hellið í skál og látið kólna þar til það verður rúmlega stofuheitt (ef gljáinn er of heitur verður hann mattur útlits, en ef hann er of kaldur verður hann of þykkur). Bætið súkkulaðinu við og leysið upp í sykurlausninni.

Hellið gljáanum hratt, án þess að stoppa, yfir kökuna og dreifið henni strax út og sléttið yfir yfirborðið með spaða eða pönnukökuhníf. Látið kökuna stífna við stofuhita.

Berið fram með ríflegum skammti af þeyttum rjóma. Ekki er ráðlegt að geyma Sachertertu í ísskápnum því þar vill hún „svitna".

HANNYRÐAHORNIÐ

Hlý vetrarhúfa

Prjónuð húfa með áferð og dúsk, hálsklútur með kögri úr DROPS Eskimo.



Stærð:
S/M – M/L.

Höfuðmál: ca 54/56 – 56/58 cm.

Efni: DROPS ESKIMO frá Garnstudio (tilheyrir garnflokki E)

150-150 g litur 85, karrí

50 g litur 57, sæblár

PRJÓNFESTA:

11 lykkjur á breidd og 15 umferðir á hæð með sléttprjóni = 10 x 10 cm.

11 lykkjur á breidd og 18 umferðir á hæð með mynstri A.1 = 10 x 10 cm.

PRJÓNAR: DROPS HRINGPRJÓNAR NR 7: lengd 40 cm fyrir stroff.

DROPS HRINGPRJÓNAR NR 8: lengd 40 cm.

DROPS SOKKAPRJÓNAR NR 8.

Mynstur: Sjá mynsturteikningu A.1 til A.3.


Úrtaka (jafnt yfir): Til þess að reikna út hvernig fækka eigi jafnt í umferð, teljið fjölda lykkja í umferð (t.d. 64 lykkjur), deilið þessum lykkjufjölda með fjölda úrtöku sem á að gera (t.d. 10) = 6,4. Í þessu dæmi þá er lykkjum fækkað með því að prjóna til skiptis 5. og 6. hverja lykkju og 6. og 7. hverja lykkju slétt saman.

HÚFA: Fitjið upp 64 (68) lykkjur á hringprjón nr 7 með Eskimo. Tengið í hring, setjið prjónamerki sem marker upphaf umferðar og prjónið 1 umferð brugðið. Prjónið síðan stroff (= 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðið) í 11 cm. Skiptið yfir á hringprjón nr 8. Prjónið 1 umferð slétt þar sem fækkað er um 10-12 lykkjur jafnt yfir = 54 (56) lykkjur. Prjónið A.1 hringinn í 13 (14) cm – stillið af að endað sé eftir síðustu umferð í mynsturteikningu. Nú byrjar úrtakan: Prjónið 0 (2) lykkjur með mynstri A.1 eins og áður, *A.2 (= 11 lykkjur), A.3 (= 7 lykkjur)*, prjónið frá *-* alls 3 sinnum á breidd. Þegar mynsturteikningin hefur verið prjónuð til loka á hæðina, eru 18 (20) lykkjur eftir í umferð. Prjónið 1 umferð slétt þar sem prjónaðar eru 2 og 2 lykkjur slétt saman = 9 (10) lykkjur. Klippið frá, dragið bandið í gegnum þær lykkjur sem eftir eru, herðið að og festið vel. Húfan mælist ca 32 (33) cm. Dúskur: Gerið lausan og stóran dúsk ca 12 cm að þvermáli með 6 þráðum karrý og 1 þræði sæblár. Saumið dúskinn niður efst á húfuna.

Prjónakveðja,

mæðgurnar í Handverkskúnst

www.garn.is



Mynstur

□ = slétt lykkja frá réttu, brugðin lykkja frá röngu

◙ = brugðin lykkja frá réttu, slétt lykkja frá röngu

▬ = prjónið 3 lykkjur slétt saman (= 2 lykkjur færri)

Athugið að verslunin er flutt í Hraunbæ 102a, var áður til húsa í Hraunbæ 102b.



Drops garn á Drops verði

...og mörg hundruð fríar uppskriftir með því

Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 587-6662

PRJÓNAHELGI Í ÞISTILFIRÐI

Prjónahelgar verða í Svalbarðsskóla í Þistilfirði í vetur, 24.1.-26.1., 14.2.-16.2. og oftar seinna í vetur. Hægt er að bóka sér helgar fyrir fyrir hópa. Fjöldi er 10-12, möguleiki að bæta við en þá þarf að gista á dýnum. Þetta er upplagt fyrir prjónaklúbba, frænkuhitting og aðra hópa.

Innifalið: Gisting, alltur matur, heimsókn í fjárhús, heimsókn í Fræðasetur um forystufé, kennsla og prjónajógatímar.

Verð: 39.000 kr.

Upplýsingar og pantanir í síma 852-8899
eða forystusetur@forystusetur.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Létt

7	4		3		8			2
		2		6		9		4
	6	5		4		3	7	
	9	6	4		3	2	1	
1			9		6			3
	3	4	1		7	8	6	
	5	1		9		7	3	
9		8		3		1		
6			8		1		9	5

Miðlungs

6			1		5		7	2
	8			9		3		
3			4		7		6	
5					3	2	9	
2				5				4
	7	1	6					8
	1		8		2			3
		6		4			2	
4	3		5		1			9

Þung

6	1						8	3
4		7		2		9		1
	7		2		4		6	
8								4
	2		8		3		9	
7		3		9		6		2
2	4						1	5

Þyngst

1						2		
9		7		5				6
					6		8	
			3		5		4	
5				7				9
	2		9		8			
	3		4					
4				9		6		1
		5						7

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Hundar, hestar, kindur og hamstrar

Aníta býr á Grenivík með mömmu sinni og pabba. Hún er eldhress íþróttastelpa og mikill dýravinur.



Nafn: Aníta Ingvarsdóttir.

Aldur: 10 ára.

Stjörnumerki: Naut.

Búseta: Grenivík.

Skóli: Grenivíkurskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir, myndmennt og handmennt.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundar, hestar, kindur og hamstrar.

Uppáhaldsmatur: Tortilla, pasta og píta.

Uppáhaldshljómsveit: Engin sérstök en hef gaman af alls konar tónlist.

Uppáhaldskvikmynd: Home alone og Sing.

Fyrsta minning þín? Ég var pínulítil og var að reyna að hoppa en datt eiginlega alltaf á rassinn.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfi fótbolta með Magna og KA og svo spila ég á píanó.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Atvinnukona í fótbolta, vinna í búð og í leikskóla.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Þegar ég reyndi að taka tvöfalt heljarstökk en lenti á höfðinu.

Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt á nýju ári? Leika mér, passa litlu frænku, ferðast, keppa í fótbolta, fara á hestbak, fara á snjóbretti og vélsleða.

Næst » Aníta skorar á Sigurð Einar Þorkelsson í Höfða í Grýtubakkahreppi að svara næst.

LESENDABÁS

Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur

Mig langar að hefja nýtt ár á því að dást að íslensku þjóðinni því hún er svo sannarlega stórkostleg. Í gegnum árhundruðin höfum við sýnt dug, þor, útsjónarsemi og seiglu sem hefur komið okkur svona ótrúlega langt og síðustu áratugina jafnvel lengra en nágrannaþjóðir okkar.


Guðmundur Franklin Jónsson.

Við börðumst fyrir öllu sem við eignuðumst, fullveldinu, lýðræðinu, landhelginni og svo mætti lengi telja. Það kom aldrei sá tími að við létum í minni pokann og gæfumst upp fyrir ofríki, sama hvers lenskt ofríkið var. Þannig fengum við fullveldi árið 1918 og stofnuðum lýðveldi 1944, með því að hætta ekki að berjast. Svo vissir voru Jón Sigurðsson og hans menn um að aldrei nokkurn tímann myndi nokkrum Íslendingi detta í hug að gefa þumlung eftir af fullveldinu að þeir settu ekki einu sinni ákvæði um fullveldið í stjórnarskrána okkar. Það var engin þörf á því. Það kæmi auðvitað aldrei til greina.

Svo kemur Evrópusambandið fram á sjónarsviðið og einhverjir efasemdarmenn hefja að garga sig hása um ágæti þess og halda því jafnvel fram að það hafi ágæti umfram ágæti okkar Íslendinga. Ég hlæ ekki bara að slíkum staðhæfingum, ég hnussa í áttina að þeim. Íslendingum verður aldrei betur borgið undir stjórn annars ríkis enda var það ekki að ástæðulausu sem við stukkum í bátana og sigldum í burtu frá Noregi til að finna þessa harðbýlu eyju. Hérna áttum við heima og hérna munum við eiga áfram heima.

Ég er orðinn langþreyttur á því að gert sé lítið úr Íslendingum. Íslendingar eru stórkostleg þjóð og það er engin ástæða til að gera lítið úr þeim afrekum sem við höfum áorkað. Við höfum leyst ótrúlegustu vandamál á skynsamlegan hátt. Má þar á meðal nefna þá áskorun sem það var að flytja heita vatnið okkar langar leiðir án þess að það tapaði miklu af varma sínum. Við höfum sett á fót heimsþekkt fyrirtæki; Össur, Marel, CCP og fleiri. Við höfum staðið okkur undursamlega vel í íþróttum. Það er eins og innra með okkur búi einhver fítonskraftur sem knýr okkur áfram því við erum ekki nema rétt rúmlega 360 þúsund og þó höfum við alla þessa sigra að baki.

Nú hef ég vissulega búið víða en þó slær hjartað alltaf sterkar á Íslandi því ég er Íslendingur og fyrir mér hefur það mjög mikla merkingu. Það er ekki að ástæðulausu að um okkur leikur sælutilfinning þegar Icelandair segir „Velkomin heim“ í hátalarann eftir að dekkin snerta jörðina heima á Fróni. Því Ísland er og verður alltaf heim og heimili okkar er ekki til sölu.

Mig langar því að fara inn í þetta ár fullur af bjartsýni og stolti. Ég vil að við hættum að hlusta á dómsdagsspár efasemdamanna um að okkur verði aldrei borgið nema innan Evrópusambandsins. Ég vil að við endurvekjum trúna á fólkið okkar og landið okkar. Ég vil að við sameinumst og sýnum samstöðu. Hjálpum hvert öðru og brosum framan í náungann. Hættum að tala okkur niður því það er engin ástæða til þess. Við getum allt sem við tökum okkur fyrir hendur og því megum við sem þjóð aldrei gleyma! Það eru nefnilega mikil forréttindi að hafa íslenskt ríkisfang og vegabréf en ekki eitthvert útvatnað merkingarlaust plagg merkt Evrópusambandinu.

Guðmundur Franklin Jónsson
viðskipta- og hagfræðingur

Tilfinningar og varnarhættir

Að gefnu tilefni vil ég leggja orð í belg varðandi umfjöllun fréttamiðla af vetrarhretinu um miðjan desember á Norðurlandi vítt og breitt þar sem aftakaveður varð og setti daglegt líf úr skorðum í miklum mæli. Það var átakanlegt að heyra og sjá og lesa um þær hamfarir sem dundu yfir landið norðanvert þar sem lítið var við ráðið til að sinna eðlilegum störfum til sveita.

Þegar ég var að ljúka námi við Hafnarháskóla í mínu fagi valdi ég að skrifa lokaritgerð um virkni tilfinninga og varnarhátta í sállíkamlegum kvillum fólks. Varð það vegferð sem tók á sig ýmsar krókaleiðir sem ég síst bjóst við. Eins og heitið bendir til varð þetta ferðalag um völundarhús þróunarsögu dýra og manna. Þó þetta eigi ekki að vera endurtekning á öllu því er gott að hafa í huga að spendýr og þá við mannfólkið höfum erft þá eiginleika þróunarinnar sem orðið hefur sl. milljón ár frá skriðdýrum og fram eftir.

Það sem markverðast er í þessu er að tilfinningar þróuðust væntanlega sem lausn á tímaskorti dýra í hættulegum aðstæðum milli bráðarinnar og rándýrsins þar sem ekki varð mikill tími til að hugsa um úrræði en þeim mun betra að hafa nokkrar öruggar, sjálfvirkar leiðir til að bregðast við eins og að flýja, leika sig dauðan o.s.frv. frekar en að mæta átökunum. Þannig mynduðust 8 grunntilfinningar eða sambland af fleiri viðbrögðum sem eru ómeðvituð og koma á sekúndubroti og eru meðfæddir hæfileikar og auka líkur á að lifa af í slíku umhverfi. Hinn meginhæfileikinn sem hefur þróast mest með okkur manninum er sk. vitsmunagreind með tilkomu heilabarkarins og nýtist betur þegar tími er fyrir hendi til að komast að „bestu“ niðurstöðu og með reynslunni nýtist hún líka þar sem tími er ekki eins afgerandi við upplýsingaleitina.

Einn af brautryðjendunum í þessum rannsóknum var Bretinn Charles Darwin sem kannaði mikið viðbrögð hunda og andlitsásýnd í þeim aðstæðum. Þetta var nokkrum árum á undan brautryðjendastarfi Sigmund Freud en hefur einskorðast við dýraatferlisfræði að manninum undanskildum því miður.

Hver er þá ástæðan fyrir því að nefna þetta núna? Jú, þar sem þessir hæfileikar sem nefndir voru eru meðfæddir með uppsafnaðri þróunarreynslu er gott að hafa það í huga að tilfinningar eru smitandi manna í milli og milli manna og dýra. Þetta er mjög öflug leið til að koma tilfinningalegum skilaboðum til skila með eða án orða þannig að hægt er að fá umhyggju og aðhlynningu strax ef með þarf í tilfinningalega þungbærum aðstæðum og þannig fá stuðning strax og vitneskju um hvort maður standi ein (-n) eða ekki. Þetta er uppistaðan í samhygðinni með öðrum í þungbærum aðstæðum og góð leið til að tengjast betur öðrum tilfinningalega.

Þessi hæfileiki er meðfæddur og fer ekki í kyngreiningarálit nema að menningarkimar krefjist þess og reynt sé að bæla hann niður. Það ber að vara við að bæla jafn mikilvæga hæfileika að geta sýnt breidd sína í tilfinningalegum viðbrögðum eftir aðstæðum sem hver og einn hefur til að tjá upplifun sína í ýmsum aðstæðum þegar náinn félagi hverfur frá manni í tilverunni oft eftir langar og gagnkvæmar samverustundir með þeirri gleði og fyrirhöfn sem maður getur haft með mökum, börnum og dýrum. Þess vegna er það heilandi að geta virt tilfinningaleg viðbrögð sín í aðstæðum sem líkleg eru til að skapa betri tengsl og skilning okkar nánustu til að komast sem fyrst á sporið aftur. Það er þekkt að foreldrar læra fljótt að nýta þessa hæfileika með því að greina hljóð og grát ungbarna þegar þau tjá þarfir sínar fyrir máltöku en þá eru tilfinningaleg samskipti beggja kynja besta samskiptaformið því það greina ungbörnin strax enda meðfætt.

Ekki er eðlislægur greinarmunur á körlum og konum hvað þessa hæfileika varðar en maður getur valið að hafna þessum hæfileikum en verða þá af mun ríkari tengslum fyrir vikið. Eitt ber að vara við í leiðinni en það er að nota orðið „grenjuskjóða“ hvort sem er um að ræða börn eða fullorðna því það er eingöngu nýtilegt til að meiða, særa eða fyrirlíta og ber því að varast.

Lúðvíg Lárusson,
cand. psych. og skógarbóndi

Opið bréf til Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfis- og auðlindaráðherra

Kain og Abel börðust forðum um nýtingu lands. Jarðarbúar hafa síðan háð sömu baráttu sem hefur lýst sér í óhugnanlegum stríðum um allan heim. Flestar vestrænar menningarþjóðir komu svo fyrir nokkuð hundruð árum með þá lausn sem kallast einkaréttur á landi. Þróaðist þessi lausn í meginatriðum þannig að þeir sem áttu landið fengu að ráða því hvernig það væri nýtt.

Íslendingar telja sig vera eina af þessum vestrænu menningarþjóðum og hafa því einkarétt á landi. Nýtingarrétturinn þróaðist hins vegar ekki fyrr en ræktun lands og dýrastofna hófst fyrir um 70 árum. Þá gerðu bændur þau mistök að girða af ræktunarland sitt í stað þess að girða af búfé.

Síðan þá hefur gjáin milli þeirra sem vilja rækta landið og þeirra sem vilja frjálsa beit, óháða eigna- og nýtingarrétti stækkað.

Er ekki kominn tími til að láta af þessu stríði þar sem eignir eru skemmdar auk þess að gjörspillt landbúnaðarnefnd hefur komið í veg fyrir nýtingaráform bænda og varið milljónum í tilgangslaus dómsmál? Allt bendir til þess að stríðið muni harðna en fólk er í auknum mæli að opna augu sín gagnvart heilaþvotti og áróðri bújáreigenda sem hefur varað síðastliðin 70 ár.

Guðmundur, þú ert eini maðurinn í landinu sem getur stöðvað þetta brjálæði með einu pennastriki í kjölfarið á einni skynsamlegri ákvörðun. Banna lausagöngu alls búfjár og húsdýra um allt land.

Meðfylgjandi eru nokkrar athugasemdir sem ættu að vekja þig til umhugsunar um þetta málefni.

Sagt er að lausaganga búfjár sé réttur búfjáreigenda, réttur sem þeir eigi erfitt með að gefa eftir. Samkvæmt lögum um búfjárhald, sem tóku gildi 2014, kallast það lausaganga þegar búfé getur gengið á annars manns landi í óleyfi. Þessu má líkja við rétt sem þjófur hefur til að taka verðmæti úr ólæstu húsi. Í sömu lögum er lýsing á að lausagöngubann er bann sem sveitarstjórn samþykkir fyrir sveitarfélagið í heild eða hluta þess og auglýsir í Stjórnartíðindum til að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár.

Sagt er að landið muni fyllast af girðingum. Það rétta er að flestir búfjáreigendur hafa nú þegar nóg af girðingum til að halda bústofni sínum á eigin landi. Hins vegar mun ekki verða þörf á girðingum á landi þar sem ekki er haldið búfé eins og vegi, landgræðslusvæði, skóga, sumarbústaðalönd og sauðfjárveikisvarnargirðingar ásamt girðingum um þéttbýliskjarna.

Sagt er að sauðfjárbændur haldi landi í byggð. Það rétta er að fólk sem langar að búa í strjálbýli heldur landinu í byggð en fjallskilareglur, skyldur og kostnaður fælir fólk frá því að láta þann draum sinn rætast.

Sagt er að íslenska sauðkindin þurfi að komast á fjall til að þrífast eðlilega. Ekkert bendir hins vegar til þess, túnfé afsannar þá staðhæfingu.

Sagt er að afurð frá fé sem gengur frjálst sé einstaklega heilnæm, kryddað á fæti eins og það er kallað. Það rétta er að lítið er um kryddplöntur á landi sem þarf að þola óstýrða beit sumarlangt, ár eftir ár. Helstu krydd sem lömbin fá eru blanda af iðnaðarsalti, ösku frá útblæstri bíla, örplasti og gúmmíögnum vegna dekkjaslits sem þau sleikja upp úr moldarslóðum um allt land. Eina leiðin til að vera örugg um að kjötið sé neysluhæft er að fá lífræna vottun en hún fæst þó ekki á lausagöngubúfé.

Sagt er að sauðfjárbeit komi í veg fyrir að illgresi vaxi yfir landið og haldi við búsetulandslagi. Að vísu er það að hluta til rétt en búsetulandslag þarf ekki að haldast við uppi á fjöllum þar sem aldrei hefur verið búseta. Annars væri hér í boði ný tekjulind fyrir búfjáreigendur, að leigja út skepnur til að beita niður óæskilegan gróður.

Guðmundur, það er því engin ástæða til að banna ekki lausagöngu alls búfjár og gæludýra um allt land og þannig munt þú um leið marka þín fyrstu spor í aðgerðum í loftslagsmálum.

Please do not fail on this.
Kristján Beekman


Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, og Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra við undirritun samkomulags um byggingu hjúkrunarheimilisins.

Húsavík:

Samkeppni um 60 rúma hjúkrunarheimili


Efnt hefur verið til samkeppni um hönnun á nýju 60 rýma hjúkrunarheimili á Húsavík sem leysa mun af hólmi dvalar- og hjúkrunarheimilið Hvamm.

Heilbrigðisráðuneytið og sveitarfélögin Norðurþing, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit standa saman að byggingu heimilisins. Með tilkomu þess fjölgar hjúkrunarrýmum á svæðinu um sex.

Framkvæmdasýsla ríkisins stendur fyrir hönnunarsamkeppninni fyrir hönd heilbrigðisráðuneytisins og sveitarfélagsins Norðurþings. Skilafrestur tillagna er til 21. febrúar næstkomandi. */MHH*

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 23. janúar

Wendel



Hilltip Icestriker 550–1100 L

Salt og sanddreifari í þremur stærðum, fyrir pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 120–200 L

Salt og sanddreifari fyrir jeppa, pallbíla eða lyftara. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Snowstriker VP

Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP

Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Icestriker 380

Salt og sanddreifari fyrir minni pallbíla, UTV og tækjabera. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 1600 - 2600

Salt og sanddreifari fyrir pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V. eða 24V.

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík
S: 551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar
56-30-300

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Flaghefill / snjótönn. Breidd 3 m. snjóvængir fylgja. Verð kr. 751.000 með vsk. (kr. 606.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Staflari Atlet Nova árg. 2001, lyftir 1.500 kg. Lyftihæð: 2,40 m. Í góðu lagi, hleðslutæki fylgir. Verð 150.000 kr. Uppl. í síma 899-6005.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Samasz snjótennur. Verð frá kr. 666.000 án vsk. Búvís. Sími 465-1332.



Tilboð á Palmse PT-190 sturtuvögnum. Burðargeta 15 tonn með rúlluhöldurum. Tilboðsverð kr. 1.990.000 án vsk. Tilboðsverð með upphækkunum kr. 2.090.000 án vsk. Eigum aðeins örfáa vagna eftir. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Til sölu Holms V-plógur, 305 x 100. Nánari uppl. í síma 892-1157.



Verð 990.000 +vsk (engin skipti, ekkert prútt). Krókheysisbíll. Fyrsta skráning: 25.07.2003. Beygjubúkki bílaður og bremsur. Bíllinn er óskoðaður. Ekinn um 550.000 km. Bíllinn selst eins og hann er. Vélamiðstöð – Magnús. S. 694-9999.



M.Benz Atego 923, árg. 1999, ekinn 399.000 km. 12 bretta kassi, L:5,30 x B:2,50 x H:2,40 m. með 1,5 t MBB lyftu. Virkar fínt og hefur fengið gott viðhald alla tíð. Í eigu feðga frá upphafi. Verð 700.000 kr. +vsk. Uppl. Jón Gísli s. 862-5600.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu FG Wilson K10-1 rafstöð, 3x 20 amper. Verð 500.000 kr. Uppl. í síma 772-1516.



Arastaðir fjósbitar frá Andersbeton eru minna hálir og auðvelda því beiðslisgreiningu. Sérstök hönnun á neðra yfirborði heldur rifum betur opnum. Fáið tilboð í verð og flutning heim á hlað. Benedikt Hjaltason s. 894-6946, fjosbitar@simnet.is



Nú er tími til kominn að athuga með flatgryfju fyrir búið. Verðdæmi: Uppsettir veggir í Boschbeton flatgryfju LxBxH 60x12x2 cm. 6.250.000 kr. án vsk. Benedikt Hjaltason, s. 894-6946 og fjosbitar@simnet.is



Massey Ferguson 1540, snjótönn og snjóblásari fylgja með. Verð 2,7 milljónir kr. án vsk. Uppl. í síma 690-0123.



Til sölu JCB 3CX. Árgerð 2000. Notuð undir 2.000 tímum, 4 skóflur á bakkó, gaflar, opnanleg framskófla. HQH lagnir fyrir flex. Tveir eigendur, er enn á original dekkjum. Öll dekk ný fylgja með. Lítur mjög vel út. Verð 4.200.000 kr. án vsk. Upplýsingar í s. 864-2484.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Palmse malarvagn - PT1600. Burðargeta 16 tonn. Rúmmál 9,1 rúmmetri. Verð kr. 2.490.000 án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332 - www.buvis.is



Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -



Sanddreifari f/ krók
SL-290, 1m, 290 lítra, 89 kg
Verð: 179.000 kr + vsk



Sanddreifarar
3P og EURO festing
1,5m Verð: 450.000 kr. + vsk
2m Verð: 495.000 kr. + vsk
2,3m Verð: 545.000 kr. + vsk
Aukabúnaður: Glussatjakkur



Salt- og sanddreifari
HZS-10, 1 m3, glussadrifin, með klumpabrjót og tjakk



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.250.000 kr. + vsk

Tokvam®



U-plógur UT 490.
Hægt að skekkja til hliðar og vængi fram og aftur. 262-490cm
Verð: 2.950.000 kr. + vsk



Fjölplógar VT320, VT380
Vinnslubreiddir frá: 258 til 380 cm. Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Verð frá: 2.000.000 kr + vsk



Snjóblásari 256 THS Flex
Vinnslubreiddir frá 256 cm
Verð 2.250.000 kr + vsk

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is



Svampur.is

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn
- Fellihýsið
- Húsbílinn
- Bátinn
- Hjólhýsið
- Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321



Næsta Bændablað kemur út

23. janúar

Smáauglýsinga-síminn er:

56 30 300

Bændablaðið



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is.



Weckman rúlluvagn. Stærð palls 2,55 x 9 m. Verð kr. 1.990.000 mínus kr. 100.000 afsl. = kr. 1.890.000 með vsk. (kr. 1.525.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is




Jarðvinnsluvélar fyrir landbúnað frá Póllandi og Ítalíu. Diskaherfi, tætarar sem jarða stórt grjót, plógar o.fl. Vandaður búnaður á hagstæðum verðum. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is



Snjóblásarar, saltarar, kurlarar, sláttuvélar, tætarar og steypuhrærivélar fyrir traktorinn og mikið meira en það. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - sími 896-5486.



Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Taðklær. Breiddir 120 cm, 150 cm og 180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Stórviðarsög á braut. Aflgjafar: Kohler bensínmótorar eða rafmótorar. Lengd á braut: 3,8 m, hægt að lengja um 1,52 m eða meira. Mesta þykkt á trjábol: 66 cm. Framleiðandi, Timbery í Póllandi. CE merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögun. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Ford 350 árg. 2005, ekinn rúmlega 140.000 km. Einn eigandi. Keyptur nýr af Brimborg. Þarfnast smá lagfæringar á hurð, stuðara að framan en gangfær og í góðu lagi, fyrir utan að það vantar öxul að framan, vinstra megin. Einnig þarf að setja í hann nýjan alternator. Lítur vel út að innan og er óbreyttur. Billinn er staðsettur nærri höfuðborginni. Ásett verð kr. 1.565.000. Nánari uppl. í s. 854-8080. Skoðum öll verðtilboð.



Til sölu JCB 2 cx traktorsgrafa, árg. 2005, lítið notuð eða aðeins rúma 3.000 vst. Vél í frábæru ástandi og lítur út nánast eins og ný. Gott og lipurt vinnutæki. Vélin er staðsett nærri Reykjavík. Ásett verð er 3.450.000 kr. án vsk og henni geta fylgt ný dekk undir vélina. Nánari uppl. í s. 854-8080.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2” – 3” – 4”. Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Toyota Yaris, árg. 2018, bensín og beinskiptur. Ásett verð: 1.790.000 kr. Súperdagatilboð: 1.290.000 kr. 500.000 kr. afsl. sixtbilasala.is–s. 540-2224.



Samasz snjóplógar. Verð frá kr. 495.000. Búvís. Sími 465-1332.



Weckman sturtuvagnar - Tilboð. 11 tonna. Verð kr. 1.570.000 mínus kr. 100.000 afsl. = kr. 1.470.000 með vsk. (kr. 1.186.000 án vsk.) 13 tonna. Verð kr. 1.790.000 mínus kr. 100.000 afsl. = kr. 1.690.000 með vsk. (1.363.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Chevrolet Cruze, árg.2016, bensín, sjálfskiptur. Ásett verð: 1.990.000 kr. Súperdagatilboð: 1.490.000 kr. 500.000 kr. afsl. sixtbilasala.is – s. 540-2224.



Sveitarfélög / Verktakar. Getum skaffað sjálfsogandi dælubúnað fyrir vatn og skolp í mörgum stærðum. Rafdrifinn, traktorsdrifinn eða dísildrifinn búnaður, 80 mm upp í 450 mm. Allur slöngubúnaður og kúplingar. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.



Bátar fyrir sjóstanga- og vatnaveiði. Allt að 40 gerðir í boði. Mjög vandaður búnaður á hagstæðu verði. Framleiðandi: Polyester Yacht í Póllandi. www.polyesteryacht.pl. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Dacia Duster, árg. 2016, dísel, beinskiptur. Ásett verð: 1.990.000 kr. Súperdagatilboð: 1.990.000 kr. 800.000 kr. afsl. sixtbilasala.is–s. 540-2224.



Gunnar Hippe norskar kerrur í úrvali. Búvís. Sími 465-1332.



Göngubraut / hlaupabretti. Hámarks þyngd notanda 100 kg. Sent frítt hvert á land sem er. Þrektæki ehf. Bíldshöfða 16, sími 661-1902.



SsangYong Korando DLX, árg. 2018, 4x4, dísel, sjálfskiptur. Ásett verð: 3.490.000 kr. Tilboð: 3.190.000 kr. notadir.benni.is – s. 590-2035.



Krókheysisgámar 15 rúmmetra, innanmál L:540 B:201 H:144. Krókhæð 145 cm. Nýir gámar á lager. Frekari uppl. í s. 862-7180.



Kassar með góðri öndun undir kartöflur og grænmeti. Þeir eru niðurfellanlegir og taka þá 1/3 af plássi í hæð. Þeir eru úr PEHD plastefni, gæðavottuðu fyrir matvæli. Stærð: 1,0 m x 1,2 m (utanmál). Hæð innanmál: 0,6 m (fleiri hæðir í boði). Burðargeta 750 kg. Við erum að safna í pöntun sem verður gerð fljótlega. Erum líka að vinna í að finna góða kassa úr timbri. Áhugasamir hafi samband í s. 892-4163 eða hak@hak.is



Úrval af traktorsdekkjum. Búvís. Sími 465-1332.



Glussadrifinn afrúllari. Festingar og slöngur fylgja. Vandaður og öflugur búnaður. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.



Til sölu mjög öflug, traktorsdrifin brunndæla. Mikil hrærigeta: 18.000 L/mín. Vinnudýpt allt að 3 m. Dælan er 6 mánaða gömul og lítið notuð. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -



Fjölplógur PUV1600
Breidd 1,6m, með 3P festingu
Verð: 436.000 kr. + vsk



Fjölplógur PUV3300
Breidd 3,3m, án festinga
Verð: 735.000 kr. + vsk



Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Án festinga
2,6m Verð: 830.000 kr. + vsk
2,8m Verð: 850.000 kr. + vsk
3,0m Verð: 890.000 kr. + vsk
3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk

Fjölplógur PUV „HD“
Án festinga
3,6m Verð: 1.190.000 kr. + vsk
4,0m Verð: 1.270.000 kr. + vsk



Snjótönn fyrir lyftara
2,5 m breið.
Verð: 195.000 kr. + vsk



Snjótönn, 3000 HD
3m, Euro festing
Verð: 355.000 kr. + vsk



Fjölplógur, SBM festing
VB-3200, 3,2m, 1.155 kg
Verð: 1.470.000 kr. + vsk

VB-3700, 3,7m, 1.205 kg
Verð: 1.590.000 kr. + vsk



Flaghefinn 310-70
3m, +/- 32°, 1692 kg
Verð: 645.000 kr + vsk



Snjóskófla með vængjum
SBM festing.
2,4 - 3,77m. Verð: 749.000 kr. + vsk
3 - 4,54m. Verð: 1.250.000 kr. + vsk

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Til sölu

International traktor, árg. 1970 á nýlegum dekkjum, gangfær. Uppl. í síma 894-6817, Þorgeir.

Frystiklefi 2,5x3,5 m. með utanáliggjandi pressu, þarf að taka niður, verð kr. 150.000. Kælibúnt og pressa, nýlegt, verð kr. 150.000. Hóbart hrærivél 20 lítra, verð kr. 80.000. Björn hrærivél 10 lítra, verð kr. 80.000. Uppl. í s. 898-6130, Óli.

Nissan Double Cab pallbíll, árg. 2004, óskoðaður. Þarfnast lítillar lagfæringar (hjólalega og spindilkúla) sem ég hef ekki tíma í. Góður sveitabíll. Endilega hafið samband varðandi tilboð. Sími 662-6895.

Óska eftir

Óska eftir rakstrarvél í góðu standi, ekki eldri en 2015 árgerð. Uppl. í síma. 660-0374.

Kaupum allar gerðir af Caterpillar hjólaskóflum. Upplýsingar í síma 847-6628.

Á einhver eða veit um svokölluð banana lyftitæki fyrir gamla gráa Ferguson? Það væri gaman að fá að vita um það. Síminn er 863-6168.

Krókheysi og krani óskast. Uppl. í síma 696-5799 eða gummimur@mi.is

Óska eftir hryssum allt að 15 vetra. Greiði 30.000 kr. +vsk. Sími 896-3439, Ingimar.

Atvinna

Góðan dag, ég er að leita mér að vinnu. Ég er með margvíslega starfsreynslu, t.d. er ég matsveinn frá MK með hæstu einkunn. Skrifstofu- og tölvunám frá NTV. Ég er íslenskumælandi en tala vel ensku, norsku og dönsku. Ég er með bílpróf og bíl til umráða. Verið ráðskona fyrir vinnuflokka í úthöldum og veiðihúsum, kokkur á veitingastöðum. Unnið við rennismíði, manual rennibekk (járn). Unnið við að mála (innanhúss). Unnið á saumastofu og í fiski. Það er mér hjartans mál að á vinnustaðnum mínum sé góður starfsandi. Ég er stundvís, dugleg, vandvirk, traust, heiðarleg og reglusöm. Góð meðmæli. Endilega sendu mér línu ef þú ert með eitthvað skemmtilegt í boði á larabstein@gmail.com eða í s. 787-2717 til að fá nánari upplýsingar. Takk fyrir.

Húsnæði

Til leigu íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Ýmsar stærðir og staðsetningar. Nánari uppl. í síma 864-3000 og á netfanginu gghus@gghus.is

Er með 14 fm gott herbergi í 109 R. með aðgengi að WC. Reglusemi áskilin. Nánari uppl. hjá Gunnari í síma 856-1213.

Herbergi til leigu á svæði 201, með aðgangi að eldhúsi, baðherbergi með þvottavél og þurrkara. Uppl. í s. 893-3475.

Til leigu

64 fm. íbúð til leigu á Eyrarbakka. Skiptist í forstofu, hol/stofu, hjónaherbergi, barnaherbergi, eldhús og bað. Hiti og rafmagn innifalið í leigu. Uppl. í síma 845-5888 eða b.orvarsson@gmail.com

Tilkynningar

Styrkir til mastersnáms. Ertu á seinni hluta mastersnámsins og með landbúnaðartengt verkefni? Þá er möguleiki á námsstyrk hjá FL! Umsóknarfrestur rennur út 15. jan. nk. Nánari upplýsingar á www.fl.is/eydublod og þar undir „umsókn um námsstyrk í landbúnaðarvísindum.“

Veiði

Til leigu er Grafará í Deildardal í Skagafirði, veiðitímabilið er frá 1. júlí til 30. sept. Leyfðar eru 2 stangir og veitt er á flugu. Tilboðum skal skila fyrir 1. maí 2020 á netfangið gunni@simnet.is Uppl. gefur Páll í síma 868-5038 og Gunnlaugur í síma 864-9731.

www.bbl.is



Samkvæmt könnun Ferðamálastofu voru náttúruböð vinsælasti afþreyingarmöguleiki erlendra ferðamanna.

Rannsóknarmiðstöð ferðamála og Markaðsstofa Norðurlands:

Langflestir ferðamenn ánægðir með heimsókn á norðlensk söfn

Ferðamenn sem fara á söfn á Norðurlandi eru ánægðir með heimsóknir þangað og á það bæði við um innlenda sem erlenda ferðamenn. Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar sem Rannsóknarmiðstöð ferðamála vann að beiðni Markaðsstofu Norðurlands, en niðurstöður hennar voru kynntar á ráðstefnu á Hótel KEA fyrir skömmu þar sem fjallað var um sögutengda ferðaþjónustu.

Markmið rannsóknarinnar var að fá betri innsýn í hvað það er sem dregur ferðamenn á þessa staði, hvað einkenni þennan markhóp og hver upplifun þeirra sé af heimsókninni. Með könnuninni er einnig leitast við að öðlast betri skilning á því hvernig saga Norðurlands virkar sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Könnunin er hluti af greiningu á möguleikum í sögutengdri ferðaþjónustu á Norðurlandi en verkefnið hlaut styrk frá Ferðamálastofu.

Langflestir ánægðir með heimsókn á söfn

Fram kemur að 97% svarenda voru annaðhvort ánægðir eða mjög ánægðir með heimsóknir á söfnin og 90% sögðust ætla að mæla með því við fjölskyldu og vini að þeir gerðu slíkt hið sama. Niðurstöðurnar eru mjög ánægjulegar fyrir sögutengda ferðaþjónustu á Norðurlandi og raunar alla ferðaþjónustu, því góð upplifun ferðamanna er lykilatriði í þróun greinarinnar.

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar vann einnig skýrslu fyrir Markaðsstofu Norðurlands, upp úr könnuninni Dear Visitors sem hefur verið unnið markvisst með frá árinu 2004. Þar kom fram að ferðamenn á Norðurlandi eru talsvert líklegri til að skoða söfn eða sýningar en hinn almenni ferðamaður á Íslandi, og því megi gera ráð fyrir að slík afþreying dragi ferðamenn inn í landshlutann upp að nokkru marki. Ferðamenn á Norðurlandi eru sömuleiðis líklegri til þess að skoða kirkjur og fræga sögustaði.

Um 60 söfn, setur og sýningar á Norðurlandi

Fjölmargir möguleikar eru fyrir ferðamenn að kynnast sögu og menningu Norðurlands, en í gagnagrunni Eyþings eru til að mynda sextíu söfn, setur og sýningar á skrá og meirihluti þeirra hefur sögu Norðurlands sem umfjöllunarefni. Þar á meðal má nefna byggðasögu, atvinnusögu eða náttúruarf svæðisins. Hlutfall erlendra ferðamanna af gestakomum á söfn, setur og sýningar á Íslandi, sér í lagi á sumrin, hefur farið sívaxandi á undanförnum árum. Innlendir ferðamenn eru þó einnig duglegir að nýta sér þau fjölmörgu söfn sem á vegi þeirra verða á leið um landið.

Náttúruböðin vinsælasta afþreygingin

Samkvæmt könnun Ferðamálastofu voru náttúruböð vinsælasti afþreyingarmöguleiki erlendra ferðamanna árið 2018, en um 57% svarenda sögðust hafa farið í náttúruböð á ferð sinni um Ísland. Safnaferðir eru hins vegar í þriðja sæti þar sem liðlega 45% aðspurðra sögðust hafa farið einu sinni eða oftar á safn á ferð sinni um landið. Ferðamenn voru að jafnaði ánægðir með heimsóknina og fengu söfnin einkunnina 8,4 af 10 mögulegum hjá erlendu ferðamönnunum

Söfn eru einnig vinsæl afþreying meðal innlendra ferðamanna, en 26% innlendra ferðamanna sögðust hafa greitt fyrir að fara á söfn eða sýningar á ferð sinni um landið árið 2018. Söfn eru þar í öðru sæti á eftir sundferðum.

Á ráðstefnunni á Akureyri voru einnig erindi frá Ingu Hlín Pálsdóttur um menningu og sögu í landkynningu á vegum Íslandsstofu, Aníta Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafnsins, sagði frá reynslu af rekstri safnsins, Svanhildur Pálsdóttir kynnti starfsemi 1238:Battle of Iceland og Einar K. Jónsson, sveitarstjóri Húnavatnshrepps, kynnti áform um uppbyggingu við Þrístapa og sögutengda ferðaþjónustu þar. */MÞÞ*

sensa

Díselrafstöð til sölu

Caterpillar 3412TTA
700KVA / 560 KW
1500 rpm
50-70 L/H
Smíðuð 1999











Vélin hefur verið notuð fyrir varaafl í gagnaveri. Gangsett einusinni í viku, viðhald á 6 mánaða fresti. Gámnum er skipt í tvö rými. Forrými þar sem gengið er inn en þar er tafla sem hýsir allan stjórnbúnað fyrir vélina ásamt tengingum. Vélarými er með tvo eldsneytistanka, undir vélinni og fyrir aftan vélina. Samtals tekur hún um 2200 lítra.
Í báðum tönkum eru stafrænir hæðarmælar sem gefa upplýsingar um magn eldsneytis í tönkunum.
Stjórnbúnaður er frá Dave sem styður samfösun.

Tilboð óskast.

Nánari upplýsingar gefur Kristinn Ingvarsson hjá Sensa í síma 842 1929 eða kiddi@sensa.is

steingarður

Verktakar • ✆ 892 1882



Flott 27.fermetra sumarhús í mjög góðu standi til sölu
Kaupandi sækir það til flutnings
Húsið er full inréttað og tilbúið til búsetu
Verð: 5,580,000 kr (Hægt að selja það sem VSK hús)



Krókheysisbíll Scania G 400
árg 2011 ekinn 297.000
verð 8.500.000 + vsk



Íbúðargámar til sölu á flottu verði
Tvö herbergi í hverjum gámi
Extra góð einangrun
Verð pr stykki: 990,000 kr + vsk

Malbiksög 2 blaða
verð tilboð



Bílalyfta 3.2 tonn
árg 2014 tilboð



Hítachi hjólaskófla zw 75
árg 2018
verð 5.500.000+vsk





M bens Sprinter árg 2014
með sturtum og verkfærageymslu
3 stk eknir 140-180 þús Verð 3,2 + vsk



Ford 150 árg 2018 37 tommu breyttur
Nyja Bensin vélin 10 gíra sjálfskipting
verð 12.500.000

Sími: 892-1882

Fræðslufundir Líflands 2020 – Þorraþræll

Líflands verður með sína árlegu fræðslufundi fyrir bændur á sex stöðum á landinu dagana 20. til 23. janúar 2020.

Aðalefni fundanna að þessu sinni verður:

Verkun gróffóðurs í stæður og flatgryfjur – skilvirk notkun eigin fóðurs.





Stæðugerð virðist vera hægt og bítandi að ryðja sér til rúms hér á landi enda getur slík verkun dregið úr kostnaði og minnkað plastnotkun á búum. Farið verður yfir verkun gróffóðurs í stæður, hvað þurfi að hafa í huga við slíka verkun til að hámarka nýtingu hráefna og hvernig best sé að gefa slíkt fóður. Einnig verður farið yfir grunnatriði í fóðurfræði mjólkurkúa og notkun byggs í fóðri þeirra.

Sérfræðingar frá ráðgjafarfyrirtækinu Trouw Nutrition, þeir Gerton Huisman og Egbert Roordink, munu fjalla um þetta efni og verða erindin lauslega túlkuð á íslensku.

Fundirnir verða haldnir á eftirfarandi stöðum:

- ***Mánudagur 20. janúar:***
  Verslun Líflands, Hvolsvelli kl. 20.30
- ***Þriðjudagur 21. janúar:***
  Kaffi Sel, Flúðum kl. 11.30
  Verslun Líflands, Borgarnesi kl. 20.30
- ***Miðvikudagur 22. janúar***
  Verslun Líflands, Blönduósi kl. 20.30
- ***Fimmtudagur 23. janúar:***
  Hótel Varmahlíð kl. 11.30
  Verslun Líflands, Akureyri kl. 20.30

Næsta Bændablað kemur út 23. janúar

Bændablaðið

RÉTTUR
• Bílaréttingar
• Sprautun
• Tjónaviðgerðir
Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

Lely Center Ísland
KEÐJUR OG KEÐJUVIÐGERÐAREFNI
GOTT ÚRVAL
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

sími 555 2020
Gleðilegt ár
kvardi.is
TEIKNISTOFAN KVARÐI ehf.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000
Gott framboð af áhugaverðum jörðum
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
Maria Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

ÁSCO
BÍLARAFMAGN
OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —
Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarlæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, spennufellur 24V í 12V, truflanapéttar, loftnetsframleningar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeulur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. Díóur. Raffgeymaskör. Jarðsambönd. Díóðubrýr. Reimskífur fyrir alternatora. Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. Kol í alternarora. Viftureim 0.25W upp 26W. Og margt margt fleira.
Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

EYJALIND Varahlutir í VOLVO
- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Vantar þig bílskúr, hesthús, reiðskemmu eða iðnaðarhúsnæði stórt sem smátt?
Hús frá 40 m² og uppúr, höfum 84 -112 m² sem kemur í febrúar óselt.
Upplýsingar veitir Ragnar s. 862-8810
Sparenergihus.dk





Alternatorinn eða startarinn bilaður?
Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.
Hjólastillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.
Sendum um allt land.
www.pgs.is
pgs@pgs.is
s 586 1260
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík
PG Startþjónustan
Alternatorar & Startarar



GRÆÐIR2020

Vel heppnuð breyting á umbúðum

Á síðasta ári var ráðist í gagngerar breytingar bæði á ytra og innra byrði stórsekkja Græðis áburðar. Einkenni nýju sekkjana er góður styrkur sem þolir íslenska veðráttu sem jafnframt tryggir þurran og góðan áburð. Sekkirnir uppfylla alla gæðastaðla sem þörf er á ásamt því að vera með vottun frá ISO9001/2000.

Nýjungar - UREA

Urea tegundir Græðis áburðar hlutu góðar undirtektir á árinu 2019 og var því ákveðið að bæta við nýrri tegund UREA 46 sem verður til sölu á þessu ári. Boðið er upp á þrjár UREA tegundir þetta árið með sérstakri húðunartækni, UREA Limus® Pro sem hefur verið þróuð um árabil með góðum árangri. Samkvæmt framleiðanda er ávinningur UREA Limus® Pro verulegur m.a aukin sveigjanleiki í ræktun og meðhöndlun ásamt því að minnka útskolun og uppgufun.



VERÐ LÆKKUN! á öllum áburða-tegundum

ÁBURÐARVERÐSKRÁ 2020

	Tegund:	Gjalddagi 1. mars kr./tonn án vsk. (8%)	Gjalddagi 1. maí kr./tonn án vsk. (5%)	Greiðsludreifing kr./tonn án vsk.	N	P_2O_5	P	K_2O	K	Ca	Mg	S	B	Se
EINGILDUR	**Magni 1** N27	51.575	53.257	56.060	27					8,4				
	Magni S N26 + 4S	53.406	55.148	58.050	26					7		4		
TVÍGILDUR	**Fjölmóði 2** 23-12	58.870	60.790	63.989	23	12	5,2			6		2		
	Fjölmóði 3 25-5 Selen	57.987	59.878	63.029	25	5	2,1			7		2		0,0015
	Fjölmóði 4 24-9 Selen	58.264	60.164	63.330	23,8	9	4			6		2		0,0015
ÞRÍGILDUR	**Græðir 1** 12-15-17	74.917	77.359	81.431	12	15	6,6	17,5	14,6			14	0,03	
	Græðir 8 21-7-11 Selen	62.461	64.497	67.892	21	7	3,1	11	9	1,4		2		0,0015
	Græðir 9 27-6-6 Selen	60.708	62.688	65.987	27	6	2,6	6	5	1,5		2		0,0015
	Fjölgræðir 5 17-15-12	64.773	66.885	70.405	17	15	6,6	12	10	4		2		
	Fjölgræðir 6 20-10-10 Se + Mg	62.486	64.524	67.920	20	10	4,3	10	8,1	1,4	1,6	3		0,0015
	Fjölgræðir 7 22-14-9 Selen	65.046	67.167	70.702	22	14	6,1	9	7,3	1,4		2		0,0015
NÝTT	**Fjölgræðir 9** 25-9-8	62.537	64.576	67.975	25	9	3,9	8	5,8	1,4		2		
	Fjölgræðir 12 22-8-7 Se + Mg	62.370	64.404	67.794	22	8,3	3,6	7,4	6,2	1,4	1,6	3		0,0015
NÝTT	**UREA** Limus® Pro N46	65.740	67.883	71.456	46									
	UREA Limus® Pro NP38-8	68.630	70.868	74.598	38,3	7,8	3,4					2,1		
	UREA Limus® Pro NPK28-13-10	67.704	69.911	73.591	28,1	13	5,6	9,6	8			1,7		
	OMYA Kornað kalk-600 kg	39.017	40.290	42.410						38				

Verslunin Eyri · KVH · Búrekstrardeild · Fóðurblandan · KSH síðan 1898 · Bústólpi